


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag

FRÉTTABLAÐIÐ
ÞITT
FÖSTUDAGUR

6. ágúst 2010 — 182. tölublað — 10. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000



### Kóngar og drottningar

*Draggkóngar og -drottning Íslands voru krýnd í Óperunni í gær.*

fólk 20

### Fjölbreytileiki lónsins myndaður

*Nýlega var gefin út bók Þorvarðar Árnasonar með myndum frá Jökulsárlóni.*

tímamót 16



### FH í toppbaráttuna

*FH-ingar unnu 3-1 sigur á ÍBV í Eyjum og eru komnir á fullt í baráttuna um mesistaratitilinn.*

íþróttir 26

### veðrið í dag




**RIGNING VESTAN TIL** Í dag verða suðaustan 5-10 m/s og rigning V-til en annars yfirleitt hægari og bjart með köflum A-til. Hiti 12-18 stig, hlýjast NA-lands.

VEÐUR 4



**BORGARSTJÓRI Í DRAGGI** Borgarstjórinn Jón Gnarr mætti á setningarhátíð Hinsegin daga í gærkvöldi í draggi. Þátttakan í Hinsegin dögum er liður í því að borgarstjórinn verði meiri þátttakandi í lífi borgarbúa, að því er Jón segir í viðtali við Fréttablaðið í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kolólöglegur lánasamningur Lýsingar

**Alvarlegir gallar eru á einhverjum af bílalánum Lýsingar í íslenskum krónum að mati Neytendastofu. Lánþegar gætu sloppið við að greiða verðtryggingu, vaxtaálag eða breytilega vexti. Samningsform Lýsingar hafa verið endurskoðuð.**

**NEYTENDAMÁL** Neytendastofa telur að Lýsing hafi brotið ýmis ákvæði neytendalaga við gerð samnings um bílalán manns sem kvartaði við Neytendastofu. Niðurstaðan hefur áhrif á aðra samninga Lýsingar sem eins háttar til um.

Ágallarnir á samningnum gera það að verkum að viðsemjandinn þarf ekki að borga verðtryggingu af innlendum hluta lánsins, vaxtaálag eða breytilega vexti, vegna þess að það gleymdist að tilgreina þessi atriði með fullnægjandi hætti í samningnum, að því er fram kemur í ákvörðun Neytendastofu.

Viðsemjandinn kvartaði yfir þessu til Neytendastofu og viðurkennir Lýsing í greinargerð sinni til Neytendastofu að ýmis mistök hafi verið gerð við samningsgerðina. Ákvörðun Neytendastofu er bindandi og leggur þá skyldu á Lýsingu að bregðast við og láta af háttsemi sinni.

Þórunn Anna Árnadóttir, sviðsstjóri hjá Neytendastofu, segir augljóst að ekki hafi verið vandað til samningsgerðarinnar hjá Lýsingu. Hún getur ekki sagt til um hvaða þetta þýðir fyrir lántakann í krónum talið, enda fari það eftir lánsfjárhæð, lánstíma og öðru.

Þórunn segir að Neytendastofa hafi fengið ábendingar um sambærileg mistök á fleiri samningum og að ákvörðunin í þessu tiltekna máli ætti að gilda um alla samninga þar sem eins var farið.

Í ákvörðun Neytendastofu kemur fram að samkvæmt lögum um neytendalán geti lántakendur átt rétt á skaðabótum hafi lánveitandi ekki veitt fullnægjandi upplýsingar við lántökuna. Slíkar kröfur verði að leysa með samningum eða fyrir dómstólum, enda taki Neytendastofa ekki afstöðu til slíkra skaðabótakrafna.

Í yfirlýsingu frá Lýsingu sem birt var á vef félagsins í gær segir að ekki hafi verið ákveðið hvort ákvörðun Neytendastofu verði vísað til áfrýjunarnefndar neytendamála.

Þar segir enn fremur að athugasemdirnar eigi við um samningsform sem notað hafi verið við takmarkaðan hluta af bílalánasamningum félagsins. Mikilvægt sé að samningsform séu hafin yfir vafa, og því hafi flest samningsform Lýsingar þegar verið endurskoðuð.

Lýsing hefur fjórar vikur til að áfrýja til áfrýjunarnefndar, og þaðan má áfrýja til dómstóla. Héraðsdómur hefur þegar dæmt Lýsingu í óhag í máli þar sem sami ágalli var á samningi hvað verðtrygginguna snerti.

- sh, bj

Kynnir sér borgarmálin:

## Allir geta verið borgarstjórar

**REYKJAVÍK Jón Gnarr borgarstjóri segir að allir sem hafi góðan huga geti gegnt embætti borgarstjóra. Nú eru tæpir tveir mánuðir síðan hann tók við starfinu.**

**Jón segir að margt hafi komið sér á óvart og hann hafi þurft að kynna sér ýmislegt sem hann ekki þekkti áður. Til þess hafi ekki gefist nægur tími þar sem hann hafi tekið við starfi í upphafi sumarleyfistíma. Jón segir liggja ljóst fyrir að hækka þurfi gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur, en segir enn óvíst hvað verði með aðrar gjaldskrár. Hann muni þó forðast hækkanir í lengstu lög.**

- kóp / sjá síðu 10

Skrifa ævisögu Catalinu:

## Húsfreyja sem fór í vændi

**FÓLK** „Hún virkar mjög vel á mann og er bráðhugguleg stúlka. Hún er hlýleg og sæt og með góða nærveru," segir blaðamaðurinn Þórarinn Þórarinsson um Miðbaugsmaddömuna Catalinu Ncogo.

Þórarinn og Jakob Bjarnar Grétarsson blaðamaður vinna að ævisögu Catalinu. Jakob segir að saga Catalinu verði rakin aftur til Miðbaugs-Gíneu þar sem hún segir frá lífinu sem ung stúlka. „Með ævintýralegum hætti er koma hennar til landsins rakin, en Catalina kom hingað mjög ung," segir Jakob. „Hún var gift kona í Vestmannaeyjum í tíu til tólf ár og þegar því tímabili lauk kom hún til Reykjavíkur og ákvað að leggja fyrir sig vændi en kom þar að óspilltum markaði."



CATALINA NCOGO

- ls / sjá síðu 30






## SPURNING DAGSINS



*„Geir, var þetta bara eitthvert svínarí?“*

„Já, þetta svínvirkaði allavega ekki hjá þeim.“

Geir Gunnar Geirsson er framkvæmdastjóri svínakjötsframleiðandans Stjörnugríss. Stjörnugrís keypti nýverið svínabú af Arion banka sem hefur rekið búin síðustu misseri. Geir Gunnar sagði í Fréttablaðinu í gær að bankinn hefði rekið búin af vanþekkingu.

Þingmaður Hreyfingarinnar segir þingflokk VG líða fyrir formanninn:

# Órólega deildin er velkomin

**STJÓRNMÁL** Þingmaður Hreyfingarinnar, Þór Saari, segir að svokölluð óróleg deild í VG sé velkomin yfir í Hreyfinguna. Stefna þess fólks eigi nú meira sameiginlegt með stefnu Hreyfingarinnar en stefnu VG. Þetta þyrfti þó ekki að þýða stjórnarslit.

„Ef þau kæmu yfir til okkar er ekkert því til fyrirstöðu að ríkisstjórnin yrði enn við völd en menn myndu þá koma að ákveðnum sjónarmiðum. Ég hef lengi talað fyrir þjóðstjórn án Sjálfstæðisflokks,“ segir Þór.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að viðræður hafi verið í gangi milli þingmanna flokkanna. Spurður hvort það sé rétt segir Þór: „Ekkert um að þau ætli að ganga til liðs við okkur, ekkert annað en það að þau eru velkomin ef þau vilja. Ég hef heyrt á sumum þeirra að þau eru orðin mjög þreytt á framkomu VG í efnahags- og lýðræðismálum.“

Steingrímur J. Sigfússon hafi einangrast mjög sem formaður og ekki sé pláss fyrir hann sem formann VG lengur.

„En þessi leiðtogaþörf er ofboðslega sterk í fólki. Enn sem komið er virðast sálirnar í VG ekki hafa hugrekki til annars en að púkka undir Steingrím,“ segir Þór. - kóþ



**ÞÓR SAARI** Þingmaður Hreyfingarinnar segist bera virðingu fyrir Steingrími Joð, en að án hans myndu aðrir þingmenn VG „blómstra eins og fegursta blóm í haga“.

Samningafundur fram á kvöld:

## Slökkviliðsmenn í verkfall

**KJARAMÁL** Fulltrúar slökkviliðsmanna funduðu með launanefnd sveitarfélaganna hjá ríkissáttasemjara langt fram á kvöld í gær.

„Menn eru að tala saman, og það er svo sem nýtt,“ segir Valdimar Leó Friðriksson, forsvarsmaður samninganefndar slökkviliðsmanna, á tíunda tímanum í gærkvöldi.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi höfðu slökkviliðsmenn ekki afboðað verkfall sem standa átti milli klukkan 8 og 16 í dag. - bj

Glersprengjur á þjóðhátíð:

## Fjórir slasaðir í sprengingum

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir slösuðust, þar af einn alvarlega, þegar sprengjur sprungu innan um gesti á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um verslunarmannahelgina.

Sprengjurnar virðast hafa verið útbúnar úr glerflöskum, og sagði vefmiðillinn Pressan frá því í gær að maður hefði slasast talsvert þegar hann fékk glerbrot í kálfann þegar ein sprengnanna sprakk nærri honum.

Gæsla var í Herjólfsdal, en ekki tókst að hafa hendur í hári þess eða þeirra sem bar ábyrgð á sprengingunum. Lögregla heyrði fyrst af málinu í gær og rannsakar nú sprengjuárásirnar. - bj

# Flogið til Svíþjóðar með frímerkjasafn

**Akureyrarbær hefur tvö frímerkjasöfn í vörslu sinni sem ákveðið hefur verið að koma í verð. Bæjarritari flaug sjálfur með annað safnið í mat til Svíþjóðar. Ágóði rennur til málefna bæjarins. Geta verið milljóna virði, segir safnari.**

**AKUREYRI** Bæjarráð Akureyrar hefur ákveðið að selja tvö frímerkjasöfn sem hafa verið í vörslu bæjarins í áratugi.

Annað safnið var ánafnað Lystigarðinum á Akureyri árið 1954 af Axel Schiöth og hið síðara gefið bænum árið 1974 af Jakobi Kvaran kaupmanni. Karli Guðmundssyni bæjarritara var falið það verk af bæjarstjórninni í mars síðastliðnum að láta meta verðmæti safnanna og flaug hann persónulega með safn Jakobs, sem hafði verið geymt í bankahólfi síðan 1974, til Svíþjóðar í mat. Stendur til að selja safnið á uppboði þar í landi í september.

„Bænum var gefið þetta safn með því skilyrði að hafa það til sýnis,“ segir Karl. „Það hefur ekki verið staðið við það svo ákveðið var að selja það og gefa ágóðann í þágu aldraðra.“ Karl segir að safnið hafi komist í umræðu hjá bænum í fyrra og samið hafi verið við ekkju gefandans að breyta skilmálunum á þessa vegu. Plagg var undirritað af henni og syni þeirra hjóna sem samþykkir breytingarnar.





**REYNDUR SAFNARI** Pétur Hraunfjörð segir að ef frímerkin séu frá þeim tíma þegar Ísland var konungsríki séu þau milljóna króna virði. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Karl segir að búið sé að láta meta bæði söfnin óformlega, en vildi ekki gefa upp áætlað verðmæti. „Þetta eru einhverjar milljónir,“ segir hann. „Safn Jakobs Kvaran er þó eitthvað verðmætara en safn Axels Schiöth.“

Safn Axels inniheldur um 20 þúsund frímerki sem hann gaf Lystigarðinum til minningar um móður sína, frú Önnu Cathrine Schiöth, með því skilyrði að sala þeirra mætti fara fram árið 2000 og andvirðið yrði notað í þágu Lystigarðsins. Var það fyrst opnað við mikla viðhöfn á Amtbókasafninu á Akureyri í lok ársins 2000, eftir að hafa verið tekið úr bankahólfi Landsbankans og flutt þaðan í lögreglufylgd.

„Andvirði safnsins verður afhent Lystigarðinum á 100 ára afmæli hans, árið 2012,“ segir Karl.

Frímerkin í safni Jakobs eru íslensk og krónustimpluð. Pétur Hraunfjörð frímerkjasali segir safnið vel geta verið 3 til 5 milljóna króna virði.

„Ef þetta eru allt merki frá tímum konungsríkisins, sem seld voru yfir borð í pósthúsinu, póstfrí, allir takkar heilir og lína ósnert að aftan, þá er ekki hægt að fá það betra,“ segir Pétur. „Eitt merki í konungsríkinu getur verið þriggja milljóna króna virði.“ sunna@frettabladid.is



**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR** Flugvél Iceland Express lenti í Reykjavík í gær.

Þotum beint til Reykjavíkur:

## Farþegar töfðust vegna þoku

**SAMGÖNGUR Fimm farþegaþotur frá Icelandair og Iceland Express þurftu að lenda á Reykjavíkurflugvelli í gær vegna þoku á Keflavíkurflugvelli. Vélunum var lagt og hátt í sjö hundruð farþegar biðu þess að þokunni létti.**

**Þoturnar voru að koma frá Bandaríkjunum, og tóku þær lítilræði af eldsneyti áður en þær héldu áleiðis til Keflavíkurflugvallar eftir að þokunni létti.**

**Afar sjaldgæft er að þoka loki Keflavíkurflugvelli. Völlurinn lokaðist raunar ekki í gær, heldur þurftu flugrekstraraðilar að ákveða sjálfir hvort vélar þeirra lentu á vellinum.** - bj



**ALI IMRON** Leiddur til réttar árið 2003. NORDICPHOTOS/AFP

Sprengjumaður iðrast:

## Gerist teiknimyndahetja

**INDÓNESÍA, AP Ali Imron, ungur múslimi sem tók þátt í að skipuleggja sprengjuárás á eyjunni Balí árið 2002, sem kostaði 202 menn lífið, er aðalhetja teiknimyndasögu sem dreift verður í skóla og bókasöfn um alla Indónesíu.**

**Teiknimyndahetjan Imron útskýrir hvernig ungt fólk getur forðast að ánetjast hryðjuverkasamtökum og öfgahugmyndum. Aðrar helstu persónur sögunnar eru Bamberg Agus Priyanto, múslimi sem hjálpaði til við að bjarga fólki úr rústunum, og Eka Hayati, eiginkona eins hinna látnu. Imron iðraðist fljótlega gerða sinna og sýndi samvinnu við rannsókn málsins. Hann afplánar nú ævilangt fangelsi.** - gb

Berserkur á Laugaveginum:

## Yfirbugaður af öryggisverði

**LÖGREGLUMÁL** Öryggisvörður á frívakt yfirbugaði tæplega þrítugan mann í fíkniefnavímu sem gengið hafði berserksgang á Laugavegi og nágrenni í gærmorgun og afhenti hann lögreglu.

Maðurinn hafði gengið um Laugaveg og ógnað fólki með vígalegri keðju. Hann hafði uppi ógnandi tilburði við konu sem átti leið um götuna, en hana sakaði ekki að sögn lögreglu.

Eftir það færði maðurinn sig að útibúi Arion banka við Brautarholt þar sem hann henti grjóti í rúðu og bíla á bílaplani. Að sögn lögreglu skemmdi hann sex bíla áður en hann var yfirbugaður. - bj

Sonarsonur Maos Zedong:

## Ætlar sér frama í stjórnmálum

**KÍNA, AP** Mao Xinyu, fertugur sonarsonur Maos Zedong, ætlar sér frama í stjórnmálum í Kína. Hann skýrði frá þessu í viðtali, sem birtist á netinu í gær.

Mao yngri er yfirmaður í kínverska hernum, sérfræðingur í hersögu og ákafur talsmaður arfleifðar afa síns í pólitíkinni.

Hann viðurkennir að ætterni sitt hafi hjálpað sér til frama í hernum og vonast til að njóta þess einnig í stjórnmálunum.

Mao Zedong átti níu börn með fjórum konum. Hann lést árið 1976 eftir 27 ára valdatíð sem einræðisherra Kína. - gb

Lögreglan leitar sauðaþjófa sem hafa farið ránshendi um Borgarfjörð og Dalina til að afla sér matar:

# Lömbum slátrað á víðavangi og kjötið hirt

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Borgarfirði leitar nú sauðaþjófa sem hafa stolið í það minnsta tveimur lömbum og slátrað þeim á víðavangi. Vinnubrögðin eru svipuð í báðum tilvikum, bestu bitarnir af lömbunum eru hirtir en öðru virðist hafa verið hent í ár eða árfarvegi.

„Vinnubrögðin eru eins og viðkomandi kunni eitthvað til verka, það er enginn viðvaningsbragur á þessu,“ segir Theodór Þórðarson, yfirlögregluþjónn í Borgarnesi. Hann segir að enn hafi lögreglan engan grunaðan um verknaðinn.

Aðkoman var ekki falleg, enda talið að rúm vika sé frá því lömbunum var slátrað, segir Theodór. Hræin voru skilin eftir á afviknum stöðum, og segir Theodór líklegt að þeim hafi verið slátrað þar sem enginn sá til.

Spurður hvort sauðaþjófnaður rati oft á borð lögreglu segir Theodór að sú tegund afbrota hafi ekki tíðkast undanfarið. „Það er spurning hvort það eru að renna upp nýir tímar í fæðuöflun hjá landanum,“ segir hann.

Málin eru í rannsókn og eru þeir sem hafa upplýsingar um sauðaþjófnaðinn beðnir um að hafa samband við lögregluna í Borgarnesi. - bj



**LÖMBIN ÞAGNA** Sauðaþjófnaður hefur ekki verið stór málaflokkur hjá lögreglu undanfarið, en mögulega eru runnir upp nýir tímar í fæðuöflun hjá landanum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ALLIR VINNA

# Hagstæð lán til framkvæmda

Landsbankinn leggur sitt af mörkum til hvatningarátaksins Allir vinna og býður viðskiptavinum hagstæð lán til framkvæmda og endurbóta á íbúðarhúsnæði. Engin lántökugjöld eru tekin til 1. desember.

**Lán til góðra verka**

Til 1. desember verður boðið upp á allt að 2 milljóna króna óverðtryggt lán á 5,80% vöxtum til 5 ára. Lánið er veitt gegn framvísun reikninga fyrir vöru- og þjónustukaupum sem tengjast framkvæmdunum.

- 5,80% óverðtryggðir vextir
- Allt að 2 milljóna króna lán með veði í fasteign eða 1 milljón án veðs
- Engin lántökugjöld
- Umsóknarfrestur er til 1. desember

**Framkvæmdalán**

Í boði eru verðtryggð eða óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum á sömu kjörum og bjóðast við kaup á fasteign. Lánað er til endurbóta innan- og utanhúss, t.d. endurnýjunar á þaki, lögnum eða innréttingum, til lóðaframkvæmda, hellulagningar eða smíði sólpalla.

- Vextir ákvarðast af hlutfalli veðsetningar
- Lágmarkslánsfjárhæð er 500.000 krónur
- Lánstími til allt að 30 ára
- Engin lántökugjöld til 1. desember




**LÁN** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

ENNEMM / SÍA / NM42948

## GENGIÐ 05.08.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,33 | 118,89 |
| Sterlingspund | 188,04 | 188,96 |
| Evra | 156,29 | 157,17 |
| Dönsk króna | 20,974 | 21,096 |
| Norsk króna | 19,811 | 19,927 |
| Sænsk króna | 16,645 | 16,743 |
| Japanskt jen | 1,3732 | 1,3812 |
| SDR | 181,04 | 182,12 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

210,9248

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skemmdirnar í glerhjúpi Hörpu hægja á framkvæmdum:

# Harpa verður ekki alveg tilbúin við opnun

**MENNING** Skemmdir sem uppgötvast hafa í stálvirki glerhjúps á suðurhlið tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu valda því að húsið verður ekki að fullu tilbúið við opnun þess næsta vor.

„Húsið verður ekki alveg tilbúið en allir salirnir og anddyri verða til reiðu. Það er einungis hluti glerhjúpsins á suðurhlið hússins sem verður ekki tilbúinn en þetta á ekki að hafa áhrif á notkun hússins," segir Sigurður Ragnarsson, framkvæmdastjóri verkefnisins hjá Íslenskum aðalverktökum (ÍAV).

Skemmdirnar eru á hornum sexstrendinga sem mynda stálvirki glerhjúpsins á suðurhlið hússins. Sigurður segir að framkvæmdum verði að fullu lokið um mitt næsta sumar. Hafist verður handa við að taka niður gallaða stálvirkið í nóvember en búist er við nýju stálvirki hingað til lands í desember.

Stálvirkið var smíðað af kínverska verktakafyrirtækinu Lingyun sem hefur að sögn ÍAV fallist á að taka á sig tjónið sem af þessu hlýst en það hleypur á hundruðum milljóna. Spurður hvort einhver kostnaður falli á þá innlendu aðila sem að verkefninu standa segir Sigurður: „Við erum að vonast til þess að allt tjónið verði bætt af kínverska fyrirtækinu. Það er eðlilegt að þeir sem valda tjóninu beri ábyrgð á því."

Að sögn Sigurðar er búið að ganga úr skugga um það að aðrir hlutar stálvirkis hússins séu í lagi. „Hornin sem eru meginorsök þessa vanda eru einungis á suðurhlið hússins þar sem sexstrendingarnir eru." - mþl



**HARPA** Taka þarf niður stálvirkið á suðurhlið hússins sem snýr að Seðlabankanum. Nýtt stálvirki kemur til landsins í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hætta rekstri heimilis:

## Sættir í máli Götusmiðju

**FÉLAGSMÁL** Barnaverndarstofa og Götusmiðjan hafa náð samkomulagi um að Götusmiðjan hætti rekstri meðferðarheimilisins. Barnaverndarstofa og Götusmiðjan eru sammála um að þrátt fyrir að Götusmiðjan hafi unnið gott starf í þágu barna og ungmenna á undanförnum árum sé tímabært að ljúka samstarfi aðila.

Í yfirlýsingu sem Guðmundur Týr Þórarinsson, fyrrverandi forstöðumaður Götusmiðjunnar, og Bragi Guðbrandsson, forstöðumaður Barnaverndarstofu, skrifuðu undir hinn 1. ágúst síðastliðinn segir að samkomulagið sé gert í góðri sátt og feli í sér farsælar málalyktir fyrir alla aðila. - jhh

Ný stjórnarskrá samþykkt:

## Andstæðingar fallast á úrslitin

**KENÍA, AP Íbúar í Keníu samþykktu með yfirgnæfandi meirihluta nýja stjórnarskrá sem dregur mjög úr völdum forseta landsins. Andstæðingar nýju stjórnarskrárinnar segjast ætla að sætta sig við niðurstöðuna.**



RAILA ODINGA

**Samkvæmt bráðabirgðatalningu samþykktu 70 prósent kjósenda stjórnarskrána, sem kemur í staðinn fyrir stjórnarskrá sem samin var á lokadögum nýlendustjórnar Breta fyrir nærri hálfri öld. Óeirðir brutust út í kjölfar forsetakosninga árið 2007 og kostuðu þær meira en þúsund manns lífið.** - gb

# Slysagildrur í nýju hverfi

**Við Gerplustræti í Mosfellsbæ stendur fjölbýlishús með 24 íbúðum en 15 af þeim standa auðar. Íbúi segir slysagildrur umkringja húsið. Yfirvöld segja verktaka sjá um málið. Leiktæki eru við hlið rafmagnsvíra.**

**BYGGÐAMÁL** Það þarf ekki nema örlitla hálku á veginum til þess að steypast ofan í," segir Ástríður Sigvaldadóttir, íbúi í Gerplustræti í Helgafellslandi í Mosfellsbæ, um risastóran húsgrunn í nágrenni heimili hennar.

Við Gerplustræti stendur eitt fjölbýlishús með 24 íbúðum þar sem 15 standa auðar. Húsið var byggt árið 2008 og hafa flestir íbúar búið þar í ár eða lengur. Engin lýsing er fyrir framan húsið og ókláraðir húsgrunnar umkringja svæðið. Einn slíkur stendur í vestурátt, fyrir neðan hringtorg og er um 6 metra djúpur.

„Þetta er lífshættulegt, bæði fyrir börn og fullorðna," segir Ástríður sem kveðst ítrekað hafa séð fólk stela öllu steini léttara úr húsgrunnunum, sem áður voru fullir af timbri og rörum, en standa nú nær tómir.

„Ég hringdi svo í lögregluna þegar ég sá krakka vera að leika sér ofan á leikskólanum," segir hún. „En þar sem engin lögregla er í Mosfellsbæ lengur tók það hana 33 mínútur að koma á staðinn."

Áslaug segist dauðhrædd við að hleypa barnabörnum sínum út einum síns liðs og slysagildrur vera alls staðar. Hún hefur ítrekað biðlað til bæjarins um úrbætur en fær þau viðbrögð að slíkt sé í höndum verktakanna.

Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs Mosfellsbæjar, segir bæinn hafa þrýst á Helgafellsbyggingar, verktaka sem standa að framkvæmdunum, að ljúka verkunum. Þeir hafi lofað að ljúka frágangi í sumar.

„Samningar við fyrirtækið eru í uppnámi og það er í raun ekkert hægt að gera af hálfu bæjarins í þessu máli annað en að þrýsta á þá," segir Jóhanna. „En þetta er ekki eini staðurinn þar sem svona er ástatt – víða er ástandið mun verra."

Leikskólinn á svæðinu stendur nú auður. Mosfellsbær lét fjarlægja tvö af fimm timburhúsum sem hýstu stofnunina í júlí. Ekki hefur verið gengið frá svæðinu undir húsunum og liggja þar brotin rör og rafmagnsvírar við hliðina á leiktækjum ætluðum börnum. Svæðið er ekki girt af. Frágangur við leikskólann er alfarið í höndum bæjarins og ekkert hefur verið aðhafst fram að þessu. sunna@frettabladid.i1s



**GERPLUSTRÆTI Í MOSFELLSBÆ** Ástríður Sigvaldadóttir og Lilja Friðvinsdóttir, íbúar í Gerplustræti 25, við einn ókláraðan húsgrunninn. MYND/ARNÞÓR



**LEIKSKÓLINN** Búið er að fjarlægja tvö hús af svæðinu og rör og rafmagnsvírar skildir eftir hjá leiktækjunum. MYND/ARNÞÓR



**SKURÐUR VIÐ VEGINN** Um sex metra djúpur skurður liggur upp við veg og hringtorg. Girðing liggur við jörðu. MYND/ARNÞÓR




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**REGNHLÍF MEÐ Í GLEÐIGÖNGU**
Það verður blautt á vesturhelmingi landsins í dag og í nótt má búast við talsverðri vætu sunnan- og suðaustanlands. Það verða skúrir í höfuðborginni fyrri partinn á morgun en styttir smám saman upp og verður vonandi orðið þurrt annað kvöld.




**Á MORGUN** Víðast 3-8 m/s.

**SUNNUDAGUR** Stíf NA-átt suðaustast, annars hægur vindur.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 23° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 23° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 21° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 31° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 18° |
| París | 25° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# GOTT Á GRILLIÐ



*Kryddlegið Nauta Ribeye að argentískum sið*

TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

NAUTA RIBEYE KRYDDLEGIÐ
**2.587** kr/kg.
Merkt verð 3.595.-




TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
**1.946** kr/kg.
Merkt verð 2.595.-

**Kjúklingabringur**
ferskar




TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
**318** kr/kg.
Merkt verð 398.-

**Kjúklingavængir**
ferskir




TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
**647** kr/kg.
Merkt verð 995.-

**Kjúklingalæri með legg**
með sólþurrkuðum tómötum




TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
**3.859** kr/kg.
Merkt verð 4.878.-

**Lambalundir**
Cajp´s marineraðar




*Mikið úrval af frábærum BBQ sósum!*




TILBOÐ
CHICAGO TOWN GORGEOUS
**459** kr/stk.



TILBOÐ
KÓKOS BOLLUR
**329** kr/pk.




ÓDÝRT Í HAGKAUP
CHEERIOS 518g
**528** kr/pk.



ÓDÝRT Í HAGKAUP
HEIMA ÖRBYLGJUPOPP
**219** kr/pk.



ÓDÝRT Í HAGKAUP
TÚNFISKUR 2 TEG.
**149** kr/stk.




ÓDÝRT Í HAGKAUP
ORKUDRYKKUR 250 ML
**108** kr/stk.



ÓDÝRT Í HAGKAUP
EUROSHOPPER BLEIUR 15-25kg
**1.508** kr/pk.

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 8. ágúst á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér að auglýsa ætti stöðu umboðsmanns skuldara að nýju?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 45,9% |
| NEI | 54,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú fundið fyrir skorti á kjúklingakjöti í verslunum?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Stjórnarformaður og fyrrum forstjóri Heklu keypti vélasvið fyrirtækisins af Arion banka án auglýsingar:

# Caterpillar-umboðið selt fyrir luktum dyrum

**VIÐSKIPTI** Stjórnarformaður Heklu og fyrrverandi forstjóri félagsins fékk að kaupa Vélasvið Heklu út úr fyrirtækinu í byrjun sumars. Arion banki á Heklu en salan fór fram fyrir luktum dyrum og kaupverð er ekki gefið upp.

Knútur Hauksson, fyrrverandi forstjóri Heklu, keypti fyrirtækið ásamt öðrum fjárfestum og varð forstjóri þess árið 2006. Í hruninu komst félagið í eigu Kaupþings, síðar Arion banka, en Knútur stýrði því áfram.

Vélasvið Heklu hafði meðal annars umboð fyrir Caterpillar-vinnuvélar. Sviðið var selt út úr Heklu, en Arion auglýsti það ekki til sölu heldur seldi Knúti það beint. Kaupverðið fæst ekki gefið upp.

Berghildur Erla Bernharðsdóttir, upplýsingafulltrúi Arion banka, segir að staða vélasviðsins hafi verið þannig að ekki hafi þótt kostur að setja það í opið og gagnsætt söluferli. Þannig hafi Knútur og félagar hans sjálfir haft einkarétt á Catepillar-umboðinu.

Kaupverðið fæst ekki gefið upp. Knútur segir að í kaupunum felist yfirtaka á skuldum og að nýir eigendur leggi Kletti, nýju félagi sem stofnað hefur verið í kringum rekstur vélasviðsins, til töluvert rekstrarfé. Í lok árs 2008 námu skuldir Heklu ríflega tíu milljörðum króna, en eignir félagsins námu þá um helmingi þess. **- hvj**





**HEKLA** Um fjórðungur starfsemi Heklu í eðlilegu árferði kom frá vélasviðinu, sem nú hefur verið selt út úr fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fleiri gista en í fyrra:

## Gistinóttum fjölgar í júní

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gistinætur á hótelum í júní voru 157 þúsund í ár, átta þúsund fleiri en í fyrra þegar þær voru 149 þúsund. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Fjölgun varð á öllum landssvæðum en mest var hún þó á Vesturlandi og Vestfjörðum, eða 13 prósent. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði gistinóttum um 4 prósent. Alls voru gistinætur fyrstu sex mánuði ársins 573.400, en voru 570.400 á sama tímabili í fyrra. Það jafngildir 1 prósents fjölgun. **- kóp**

Gengi stal skartgripum:

## Fleygðu dýrum úrum í lögreglu

**LUNDÚNIR, AP** **Fjórir eru í haldi lögreglu eftir bíræfna tilraun til skartgriparáns í Kingston-hverfi í Lundúnum í fyrradag.**

**Þjófagengi réðist inn í skartgripaverslun, ógnaði öryggisvörðum og braut upp sýningarskápa. Þjófarnir tóku svo til fótanna með skartgripi fyrir um 500 þúsund pund, eða um 95 milljónir króna. Á flóttanum fleygðu þeir rándýrum armbandsúrum í lögreglumenn sem eltu þá. Tveir hinna grunuðu voru á endanum handteknir í nágrenninu og aðrir tveir síðar um daginn í Wimbledon. Allir eru í yfirheyrslu.** **- óká**

### Fjórir skulda tuttugu milljarða

Fjórir æðstu fyrrverandi stjórnendur Kaupþings skulda þrotabúi bankans rúman helming heildarfjárhæðar þess sem stefnt er fyrir, eða 19,5 milljarða króna. Stjórnendurnir eru Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþingssamstæðunnar, Ingólfur Helgason, fyrrverandi forstjóri Kaupþings á Íslandi, og Steingrímur P. Kárason, fyrrverandi yfirmaður áhættustýringar. Nokkur munur er á stöðu þeirra en Sigurður, Ingólfur og Steingrímur voru í persónulegum ábyrgðum fyrir skuldunum á meðan Hreiðar Már hafði skuldbindingar sínar inni í einkahlutafélagi.

Þetta er einkennandi fyrir samsetningu skuldunauta en tuttugu æðstu stjórnendur Kaupþings banka skulda þrotabúinu níutíu prósent heildarfjárhæðarinnar. Hluti þeirra hélt starfi sínu hjá Arion banka en eru nú allir hættir að Vilhjálmi Vilhjálmssyni undanskildum. Hann var áður yfirmaður eignastýringarsviðs Kaupþings en er nú framkvæmdastjóri á fyrirtækjasviði Arion banka. Rúmur helmingur annarra starfsmanna Kaupþings sem starfaði hjá Arion banka hefur sömuleiðis hætt störfum. Skuldir hvers og eins eru undir fimmtán milljónum króna, að því er Viðskiptablaðið hermdi í gær.

# Afsláttur veittur á milljarðalánum

**Slitastjórn Kaupþings hefur stefnt rúmlega sjötíu fyrrverandi starfsmönnum bankans vegna lána til hlutabréfakaupa. Fjórir æðstu stjórnendur bankans skulda tuttugu milljarða króna. Þeir sem semja fá tugprósent felld niður.**

**VIÐSKIPTI** „Þegar fólk er með slíkar skuldir að það getur ekki greitt þær og hefur sýnt með óyggjandi hætti að eignum hafi ekki verið skotið undan þá verður unnið út frá því. Ég veit ekki hvað kemur inn. En það munar um allt," segir Ólafur Garðarsson, formaður slitastjórnar Kaupþings.



**ÓLAFUR GARÐARSSON**

Slitastjórnin hefur stefnt rúmlega sjötíu starfsmönnum Kaupþings vegna skulda upp á 32 milljarða króna sem tilkomnar eru vegna hlutabréfakaupa fólksins þegar það vann hjá bankanum. Tæpur helmingur skuldanna er með persónulegri ábyrgð. Stefnurnar verða þingfestar í haust.

Ólafur segir nokkra af stærstu skuldurum bankans hafa sýnt vilja til að leggja spilin á borðið og semja um skuldir sínar. Hinir ætla að láta reyna á málið fyrir dómstólum. „Það er vilji hjá töluverðum fjölda fólks að ná samkomulagi. Vonandi þurfum við að þingfesta sem fæst mál," bætir Ólafur við. Hann vildi ekki tjá sig um einstaka skuldunauta Kaupþings í samtali við Fréttablaðið í gær.

Ólafur segir ljóst að sumir þeirra sem stefnt sé geti ekki gert upp himinháar skuldir sínar. Þeir sem sýni vilja til að gera slíkt þurfi að opna bækur sínar, þar á meðal skattframtöl síðastliðinna fimm ára auk þess að sanna að eignum hafi ekki verið stungið undan. „Fólk sem sýnir vilja til að gera upp skuldir sínar og losa þrotabú bankans við málaferli fær ákveðinn afslátt," bætir hann við. Aðspurður segir Ólafur afsláttinn geta orðið þrjátíu prósent. Ekki megi útiloka að hann verði hærri.

**jonab@frettabladid.is**



**TVEIR Í ÓLÍKRI STÖÐU** Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, er í persónulegri ábyrgð fyrir skuldum sínum gagnvart bankanum. Ábyrgð forstjórans Hreiðars Más er hins vegar takmörkuð þar sem skuldir hans hvíla í einkahlutafélagi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Lán Kaupþings til starfsmanna

| Lán tekin í eigin nafni | Upphæðir |
|---|---|
| Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður | 7,8 milljarðar |
| Ingólfur Helgason, fyrrverandi forstjóri Kaupþings á Íslandi | 3,5 milljarðar |
| Steingrímur P. Kárason, fyrrverandi yfirmaður áhættustýringar | 2,3 milljarðar |
| Guðný Arna Sveinsdóttir, fyrrverandi yfirmaður fjármála- og rekstrarsviðs | 1,5 milljarðar |
| Þorlákur Runólfsson, yfirmaður einkabankaþjónustu | 1,5 milljarðar |
| Frosti Reyr Rúnarsson, yfirmaður verðbréfamiðlunar | 1,4 milljarðar |
| Bjarki H. Diego, yfirmaður fyrirtækjasviðs | 1,1 milljarðar |
| Svali Björgvinsson, fyrrverandi starfsmannastjóri | 772 milljónir |
| Stefán Ákason, yfirmaður skuldabréfamiðlunar | 707 milljónir |
| Vilhjálmur Vilhjálmsson, yfirmaður eignastýringarsviðs | 558 milljónir |
| Helgi Sigurðsson, fyrrverandi yfirlögfræðingur Kaupþings | 549 milljónir |
| **Lán starfsmanna í einkahlutafélögum** | |
| Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings-samstæðunnar | 5,9 milljarðar |
| Ingvar Vilhjálmsson, yfirmaður markaðsviðskipta | 5,7 milljarðar |
| Hannes Frímann Hrólfsson, aðstoðarframkvæmdastjóri | 2,4 milljarðar |
| Kristján Arason, fyrrverandi yfirmaður einkabankaþjónustu | 1,8 milljarðar |
| Guðni Níels Aðalsteinsson, fyrrverandi yfirmaður fjárstýringar | 1,3 milljarðar |
| Þórarinn Sveinsson, yfirmaður eignastýringar | 907 milljónir |

Heimild: Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis

Orkuveita Reykjavíkur

# Elliðaárdalur – Gvendarbrunnar

Laugardaginn 7. ágúst kl. 10:00 efnir Orkuveita Reykjavíkur til fræðslugöngu frá Minjasafni Orkuveitunnar í Elliðaárdal, upp dalinn að Gvendarbrunnum. Meðal annars verður hugað að ánni, örnefnum, jarðfræði, gróðri og dýralífi. Fjölmargir fræðimenn koma til leiðsagnar. Gengnir verða um 12 km en boðið verður upp á akstur til baka um kl. 16:00. Þátttakendur þurfa ekki að koma nestaðir.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

Athugið að efni dagsins getur riðlast af ýmsum ástæðum og er því bent á að nánari upplýsingar er að finna á vef Orkuveitunnar.

www.or.is

Ásta Sigrún Helgadóttir tekur við sem umboðsmaður skuldara eftir helgi:

# Ásta þekkist boð ráðherra

**STJÓRNSÝSLA** Ásta Sigrún Helgadóttir tekur við starfi umboðsmanns skuldara eftir helgi. Hún þekktist í gær boð Árna Páls Árnasonar félagsmálaráðherra um að taka við starfinu og var skipuð í kjölfarið.

Tveir umsækjendur um stöðuna voru metnir hæfir, Ásta Sigrún og Runólfur Ágústsson. Runólfur var metinn hæfari; hlaut 23 stig á hæfnisprófi en Ásta Sigrún 21.

Runólfur var skipaður í starfið en sagði sig frá því á þriðjudagskvöld eftir samtal við ráðherra. Spurningar höfðu vaknað um persónuleg fjármál hans eftir að DV greindi frá stórskuldugu einkahlutafélagi sem áður var í hans eigu. Eftir afsögn Runólfs var Ástu Sigrúnu boðið starfið. Hún hafði áður stýrt Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

Ásta Sigrún hafði lýst mikilli óánægju með skipan Runólfs og hótað að fara í hart, kæra málið til kærunefndar jafnréttismála og kvarta til umboðsmann Alþingis. „Ég sótti um starf umboðsmanns skuldara af því að ég hafði áhuga á því og tel mig hafa bæði menntun og reynslu til að sinna þessu starfi. Það er ástæðan fyrir því að ég tók boðinu og tel það mikið traust að fá þetta mikilvæga embætti," sagði Ásta Sigrún í samtali við Fréttablaðið í gær."



**NÝR UMBOÐSMAÐUR** Ásta Sigrún Helgadóttir hafði hótað að fara í hart við ráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ / RÓSA

Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, sinnir starfi umboðsmanns þar til eftir helgi. **- sh**




# Ódýrt að skipta yfir í Smellugas Olís

## Nýi þrýstijafnarinn er þér að kostnaðarlausu og við tökum gamla kútinn upp í.

**Dæmi 1**
Þú skilar inn tómum 9 kg stálkút með gamla kerfinu, kaupir 11 kg stálkút með Smellugasi Olís og færð 25% afslátt af innihaldi.



= **4.813 kr.** með 25% afslætti af innihaldi

**Dæmi 2**
Þú skilar inn tómum 11 kg stálkút með gamla kerfinu, kaupir 11 kg stálkút með Smellugasi Olís og færð 25% afslátt af innihaldi.



= **1.603 kr.** með 25% afslætti af innihaldi

**Dæmi 3**
Þú skilar inn tómum 10 kg plastkút með gamla kerfinu, kaupir 10 kg plastkút með Smellugasi Olís og færð 25% afslátt af innihaldi.



= **931 kr.** með 25% afslætti af innihaldi

Olís hefur innleitt Smellugas, nýtt og einfaldara kerfi við gasnotkun. Þrýstijafnarann þarf ekki lengur að skrúfa á stútinn – honum er einfaldlega smellt á.

**Ef þú þarft aðstoð við að koma nýja þrýstijafnaranum fyrir geturðu pantað heimaþjónustu.**

**Nánari upplýsingar fást á smellugas.is, í síma 515 1100 og á næstu Olís-stöð.**






smellugas.is

Smellugas

olís

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir nýr umboðsmaður skuldara?
2. Hvað er áætlað að áformaðar umbætur á íslenskum jarðgöngum muni kosta?
3. Flak hvaða skips ætlar auðkýfingurinn Paul Allen að skoða hér við land?

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 30

Dómari ógildir bann við hjónaböndum samkynhneigðra í Kaliforníu:

# Bann við giftingum brýtur í bága við stjórnarskrá

**BANDARÍKIN, AP** Vaughn Walker, dómari í Kaliforníu, felldi úr gildi bann við hjónaböndum samkynhneigðra í Kaliforníuríki. Walker taldi bannið, sem samþykkt var í atkvæðagreiðslu fyrir tveimur árum, brjóta í bága við stjórnarskrá Bandaríkjanna.

Samkynhneigðir og stuðningsmenn hjónabands þeirra fögnuðu dómnum ákaft, en að öllum líkindum verður málinu áfrýjað, fyrst til áfrýjunardómstóls og síðan til Hæstaréttar Bandaríkjanna.

Hjónabönd samkynhneigðra verða því varla leyfð í Kaliforníu á ný fyrr en úrskurður Hæstaréttar er fenginn, en töluverð bið getur orðið á því.

Samkynhneigðir geta nú gengið í hjónaband í sex ríkjum Bandaríkjanna: Massachusetts, Iowa, Connecticut, Vermont, New Hampshire og Washingtonborg.

Hjónabönd samkynhneigðra urðu lögleg í Kaliforníu í júní 2008 eftir að hæstiréttur ríkisins leyfði þau, en bannið tók gildi 5. nóvember sama ár eftir að það var samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu. - gb




**ÚRSKURÐI FAGNAÐ** Töluverð bið getur orðið á að endanleg niðurstaða fáist úr bandaríska dómskerfinu. NORDICPHOTOS/AFP

Berlusconi stendur tæpt:

# Tryggði stöðu sína til hausts

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, tryggði stöðu sína á þinginu að minnsta kosti fram á haustið þegar stjórnarþingmenn felldu þingsályktunartillögu gegn aðstoðarráðherra í dómsmálaráðuneytinu, sem er flæktur í spillingarmál.



**SILVIO BERLUSCONI**

Berlusconi hafði lagt mikla áherslu á að ályktunin yrði felld, en óvíst var hvort stjórnin hefði meirihluta til þess eftir að Gianfranco Fini, forseti fulltrúadeildar þingsins, sagði skilið við stjórnina eftir langvarandi deilur við Berlusconi.

Stuðningsmenn Finis, 33 að tölu, skiluðu auðu í atkvæðagreiðslunni. - gb

Endurnýtingarátak hafið:

# Vilja fylgja tilskipun frá ESB

**UMHVERFISMÁL Fyrirtækið Græn framtíð hefur ýtt úr vör endurnýtingaráætlun fyrir fjarskiptafélagið Tele Greenland. Til stendur að endurnýta gamla, ónýta og gallaða farsíma frá viðskiptavinum á Grænlandi auk annarra smáraftækja.**

**Tekið verður við raftækjum til endurnýtingar í rúmlega 20 verslunum og þjónustustöðvum Tele Greenland, að því er segir í tilkynningu. Auk þess að stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu vill Tele Greenland fylgja eftir WEEE tilskipun Evrópusambandsins (Waste Electrical and Electronic Equipment) um rétta meðhöndlun á rafeindaúrgangi.** - óká

# Bærinn skal borga réttinn 13 ár aftur

**Kominn er dálkur í vinnuskýrslu slökkviliðsmanna á Akureyri sem tilgreinir frítökurétt. Ekki búið að ná formlegu samkomulagi, segir trúnaðarmaður. Mun rukka réttinn þrettán ár aftur í tímann, segir framkvæmdastjóri LSS.**

**KJARAMÁL** Eitthvað virðist vera að þokast í samkomulagsátt í kjaradeilum slökkviliðsmanna á Akureyri varðandi frítökurétt þeirra. Trúnaðarmenn slökkviliðsins áttu fund á þriðjudag með Þorbirni Haraldssyni slökkviliðsstjóra, Höllu Margréti Tryggvadóttur, starfsmannastjóra Akureyrarbæjar, og Karli Guðmundssyni bæjarritara, þar sem ákveðið var að vinna í málinu á næstu dögum og vikum. Menn myndu fá frítökurétt sinn birtan á launaseðlum sínum framvegis. Nú er í fyrsta sinn kominn nýr dálkur á vinnuskýrslu slökkviliðsmanna undir nafninu Frítökuréttur.



**ÓLAFUR STEFÁNSSON**

Ólafur Stefánsson, annar trúnaðarmaður slökkviliðsmanna á Akureyri, segir að menn séu meðvitaðir um að fundinum hafi í raun ekki verið gert samkomulag um eitt né neitt.

„Þetta var þó í fyrsta skipti sem þau mótmæltu því ekki að menn ættu rétt á frítökurétti aftur í tímann," segir Ólafur. „Og við létum í ljós enn og aftur að við værum ekki að semja um neitt annað en það sem stendur í kjarasamningum. Enginn samningur eða samkomulag af neinu tagi var gert. En málin eru að þokast."

Valdimar Leó Friðriksson, framkvæmdastjóri Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS), segir Akureyrarbæ enn skulda slökkviliðsmönnum á Akureyri frítökurétt þrettán ár aftur í tímann.

„Þessi lög voru sett árið 1997," segir Valdimar. „Og það er mitt hlutverk að endurheimta frítökuréttinn aftur í tímann, með vöxtum og dráttarvöxtum."

Akureyrarbær er eina sveitarfélag landsins sem greiðir slökkviliðsmönnum ekki frítökurétt, hvorki í formi fría né launa, eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku. Samkvæmt lögum og kjarasamningum á frítökuréttur að koma fram á launaseðlum starfsmanna eftir hvern mánuð og fyrnist aldrei. Hann hefur aldrei komið fram hjá slökkviliðsmönnum á Akureyri. Samkomulag var undirritað í apríl 2008 af Sverri Birni Björnssyni, formanni LSS, og starfsmannastjóra Akureyrarbæjar um að vinna ætti í málinu og ítrekað hefur verið reynt að semja við bæinn af hálfu slökkviliðsmanna síðan þá. Ekkert hefur þokast í málinu fyrr en nú.

sunna@frettabladid.is



**SLÖKKVILIÐIÐ Á AKUREYRI VIÐ STÖRF** Slökkviliðsmenn munu nú hugsanlega fá frítökurétt sinn birtan í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**HERJÓLFUR** Ferjan kemur ekki lengur að landi í Þorlákshöfn eftir opnun Landeyjahafnar í lok síðasta mánaðar.

Hafnargjöld í Þorlákshöfn:

# Vilja sama gjaldið áfram

**SAMGÖNGUR Þorlákshafnarbær krefst þess að fá áfram sömu hafnar- og þjónustugjöld og áður fyrir afnot af höfninni í Þorlákshöfn fyrir Herjólf. Höfnin er nú varahöfn fyrir skipið en var áður aðalhöfn þess. Um er að ræða rúmlega 1,7 milljónir króna á mánuði.**

**Vegagerðin hefur hafnað þessari kröfu Þorlákshafnarbæjar og rennur samningur um afnot af höfninni í Þorlákshöfn út um næstu mánaðamót. Þorlákshafnarbær segir viðhaldskostnað hafnarinnar svo mikinn að nauðsynlegt sé að fá áfram þessa upphæð.** - mþl

Samið um ráðgjöf:

# Borgin styður fólk af erlendum uppruna

**FÉLAGSMÁL** Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur hefur gert samning við Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða um að veita ráðgjöf til íbúa Reykjavíkur af erlendum uppruna.

„Markmið með samningnum er að veita innflytjendum í Reykjavík sérhæfðan stuðning til virkrar þátttöku í íslensku samfélagi. Í því felst bæði almenn ráðgjöf sem og lögfræðiráðgjöf," segir í tilkynningu. Tveir starfsmenn munu sjá um ráðgjöfina. - óká



# SUMAR ÚTSALA

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

## Gerið gæða- og verðsamanburð

**20-50%**
**AFSLÁTTUR**

Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

**SVEFNSÓFAR**



Hágæða svefnsófi. Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. **264.900**



NÝTT

**BOAS**
**Leður hægindastóll**
**79.900**
Nokkrir litir

**Lyftu hægindastóll**
**129.900**

Ný sending

**SAGA OG ÞÓR**
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

**IQ-CARE**
Ein besta heilsudýna í heimi



**Queen rúm nú aðeins kr. 179.900**

**VALHÖLL/FREYJA**
Góð rúm á frábæru verði

Ný sending



Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**



NÝTT

**BOAS**
**Leður hægindasófi 3 sæta**
**verð frá 149.900**
**Svefnsófi verð frá 149.900**

**ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA**



**PROFLEX**

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

**GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI**

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla.

**Gerið gæða- og verðsamanburð**




Svefn & heilsa
★★★★★




www.svefn.is

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

**FRÉTTAVIÐTAL:** Hvernig er að vera borgarstjóri?

# Ekki góð reynsla af einráðum borgarstjóra

**Jón Gnarr hefur gegnt stöðu borgarstjóra í Reykjavík í tæpa tvo mánuði. Hann segir margt hafa komið sér á óvart í starfinu, en hefur ekki náð að setja sig inn í öll mál borgarinnar. Hann vill forðast gjaldskrárhækkanir en þær séu þó óhjákvæmilegar hjá Orkuveitunni.**



**BORGARSTJÓRINN** Jón Gnarr segir óhjákvæmilegt að hækka gjaldskrár Orkuveitunnar en vill forðast aðrar hækkanir. Hann vill gera borgina skemmtilegri og tróð í gær upp í draggi á Gay Pride. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Jón Gnarr hafði enga reynslu af stjórnmálum þegar hann ákvað að bjóða Besta flokkinn fram fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar. Flokkurinn kom, sá og sigraði, fékk sex menn kjörna og myndar nú meirihluta með Samfylkingunni og Jón er orðinn borgarstjóri.

*Hvernig var að setjast reynslulaus í borgarstjórastólinn?*

„Auðvitað hefur þetta komið mikið á óvart að mörgu leyti. Það sem kom mér mest á óvart var að ég hafði það á tilfinningunni að fólk væri meira og minna að vinna með rassgatinu í þessu, en ég hef komist að því að svo er ekki. Það er rosalega mikið af fólki sem er að reyna að gera vel, vandað og vel gefið fólk.“

Jón segir mestu áskorunina hafa verið þá að setja sig inn í mál sem hann hafði ekkert kynnt sér áður.

„Ég hef verið að koma að hlutum sem voru ekki til í mínu lífi þar til fyrir svona mánuði síðan. Til dæmis hafði ég varla hugmynd um hvað Orkuveita Reykjavíkur var, ég fletti framhjá því þegar um hana var skrifað og hafði engan áhuga. Eins má nefna Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhöllina. Hún var bara eitthvað sem ég keyrði framhjá og skipti mig engu máli. Ég gerði mér enga grein fyrir hvað þetta er stórvaxið hvort tveggja.

Kerfið er mjög svipað og ég bjóst við. Ég hef innstillt mig á að vera jákvæður og að treysta. Ég held að ef ég væri í þessu og væri ekki jákvæður heldur neikvæður og fullur af vantrausti, þá gæti þetta verið ógeðslega erfitt og leiðinlegt. Þetta er svolítið spurning um viðhorf.“

### Verðum að hækka gjaldskrá

*Fjárhagur borgarinnar er erfiður og það hlýtur að hafa áhrif á allar áætlanir?*

„Já það er vissulega þannig, en þetta býður líka upp á mikla möguleika. Við verðum að halda jákvæðni og von um að hlutirnir lagist. Ég er náttúrlega bundinn af erfiðri fjárhagsstöðu borgarinnar, eins og gagnvart Orkuveitunni og Hörpu og það er eitthvað sem ég get haft mjög takmörkuð áhrif á, miklu minni áhrif en ég hélt. Það er búið að njörva allt niður með stórum samningum. Þetta er því ekki allt skemmtilegt, en ég reyni að halda í gleðina.“

*Orkuveitan stendur illa. Er óhjákvæmilegt að hækka gjaldskrá?*

„Ég hlusta mjög mikið á fólk sem hefur vit á þessum málum og tek ráðum frá því fólki og mér sýnist að gjaldskrárhækkun sé eitthvað sem þurfi að fara út í. Það eru allir að segja mér það, ég hef ekkert stórkostlegt vit á því sjálfur. En það er fullt af fólki sem hefur virkilegt vit á því og ég heyri hvað það fólk segir. Það er svo útfærsluatriði með hvaða hætti það verður gert. Staða OR er ekki góð, um það eru allir sammála, en okkur langar mjög mikið til að breyta því og bjarga þessu fyrirtæki.“

*Munu aðrar gjaldskrár hækka og þarf að skera niður?*

„Ég veit það ekki alveg. Við munum sjá gjaldskrárhækkanir á hita og rafmagni, en ég mun nú reyna að forðast aðrar hækkanir í lengstu lög. Ég mun ekki gera neitt ótilneyddur.

Ég veit ekki alveg hvernig staðan er, ég bara veit það ekki alveg. Þetta er svo sérstakur tími. Júlímánuður er sá tími þegar flestir Íslendingar kjósa að taka sumarleyfi. Ég kemst til valda í upphafi sumarleyfistímans, þegar margt fólk er farið í sumarfrí og einhverjir fylla skarð þeirra. Borgarkerfið hálflamast í júlí.“

### Skemmtilegt skipulag

*Hvernig er með skipulagsmál, hvernig sér nýr meirihluti borgina þróast?*

„Okkur langar til að gera borgina bæði skemmtilegri og fallegri á allan hátt. Markmið okkar er að fólkinu í borginni líði betur. Það er mér mjög mikið kappsmál að borgin sé með fjölskylduvænni stefnu og við höfum margar áætlanir í því. Við erum að gera endurbætur í hverfum Reykjavíkur og höfum lagt sérstaka áherslu á Efra-Breiðholt, til að byrja með. Þetta hefur þó dalað í júlí og einhverjir hafa upplifað það þannig að farið hafi verið af stað með trukki, en loftið síðan farið úr því. Það er alls ekki þannig, en það liggur allt niðri í júlí.“

*Hvernig er með ísbjörninn í Húsdýragarðinn?*

„Vinna er í gangi með það og við erum að fara af stað með aðstöðu fyrir hann. Við ætlum að setja upp söfnunarsíðu og gefa fólki kost á að styrkja þetta auk þess að efla almenna meðvitund um gildi og mikilvægi þess að gera þetta.

Síðan er ég nýkominn úr múmínheimum og mig langar til að gera Múmíndal að vinabæ Reykjavíkur. Ég held að það gæti orðið mjög skemmtilegt, til dæmis að gera það í samvinnu við Norræna húsið. Mér finnst ekki vera næg áhersla á barnamenningu á Íslandi, en hún er hátt skrifuð á Norðurlöndunum.

Miðbærinn er mér líka mikið hjartans mál, ég vil að hann verði manneskjuvænlegri og skemmtilegri staður til að vera í. Við þurfum að taka á ofbeldinu og gera miðbæinn að betri stað.“

### Súrrealískt strætókerfi

Líkt og Fréttablaðið greindi frá fékk borgarstjórinn nýja vistvæna embættisbifreið í gær, knúna vetni. Jón segir mikilvægt að taka þátt í þeirri þróun, Íslendingar hafi alla burði til að verða fyrirmynd annarra þjóða í þessum efnum.

*Það leiðir hugann að strætisvögnunum, verður það kerfi eflt eða þarf að hagræða þar?*

„Ég held að það sé hægt að reyna að samræma hvort tveggja; spara og hagræða en um leið að efla kerfið. Strætisvagnakerfið sem við búum við núna er gjörsamlega súrrealískt.

En strætó er rekinn af öllum sveitarfélögunum og það gerir ákvarðanir rosalega þungar. Þó mig langi til að breyta einhverju þá þarf að leggja það fyrir og fá samþykkt víða. Ég mundi vilja sjá fleiri vistvæna strætisvagna og notendavænna kerfi; að strætóarnir séu að fara um það bil í sömu átt og maður sjálfur, en ekki bara þangað sem þá langar.“

*Ræðurðu þá engu?*

„Jú, en ég hélt það svolítið sjálfur áður en ég kom hingað að borgarstjórinn væri einræðisherra og réði ansi miklu. Það er hins vegar ekki sérstaklega góð reynsla af slíku og ég vil gera þetta í samvinnu og sátt við alla. Við höfum reynt að hafa allt sýnilegt, þess vegna hef ég til dæmis haldið úti þessari Facebook-dagbók. Fólk á að fá að taka þátt í lýðræðisvitundinni.“

### Geta allir með góðan huga

*Þú kemur reynslulaus í embættið, getur hver sem er verið borgarstjóri í Reykjavík?*

„Þetta er eitthvað sem hver sem er getur gert sem hefur góðan huga. Þetta held ég gangi mest út á traust, ef þú sérð til þess að vera með fólk í kringum þig sem þú treystir og gerir upp við þig að þú ætlir að treysta þá er þetta svolítið eins og hvert annað starf. Um leið og paranojan kemur og vantraustið og efinn, þá held ég að þetta geti orðið algjört helvíti.

Mér hefur tekist að halda þessu trausti, ég treysti mjög vel starfsfólki Reykjavíkurborgar. Það er gífurlega mikið og vandað fólk sem er að vinna hérna hjá borginni og mér finnst mjög gott að leita til þess fólks áður en ákvarðanir eru teknar, án þess þó að ég sé einhver hálfviti sem spyr einhvern annan um hvað ég eigi að gera, en ég hlusta mikið á fólk og það hefur ekki verið gert neitt of mikið af því.“

### Gay Pride

*Jón Gnarr tróð upp í draggi á setningu Gay Pride í gærkvöldi. Hyggur hann á frekari þátttöku, verður hann kannski í vagni á laugardag?*

„Það er aldrei að vita, ég hef ekki gert þetta upp við mig. Þetta verður allavega mjög skemmtilegt. Mér skilst að ég sé fyrsti borgarstjórinn í heiminum sem taki þátt í hátíðarhöldunum með formlegum hætti. Ég stefni að því að hreppa Mayor of the Year-verðlaunin, mér þætti það mjög gaman. Þetta gæti hjálpað mér í því.

Þetta er liður í því sem mér hefur fundist vanta, að borgarstjórinn sé meiri þátttakandi í daglegu lífi borgarbúa, en ekki lokaður inni í embættinu. Ég vil breyta því og hef farið á hverjum föstudegi og heimsótt staði og kynnt mér, hitt starfsmenn og fulltrúa íbúa og félagasamtaka. Þannig verður stjórnunin sýnilegri.“

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is



Enn eitt voðaverkið í Kína:

## Hnífamaður réðist á börn

**KÍNA, AP Óður maður með hníf réðst inn í leikskóla í Kína á miðvikudaginn og myrti þrjú börn og einn leikskólakennara. Árásin er sú síðasta í röð viðlíka atburða.**

**Yfirvöld hafa neitað að gefa nánari upplýsingar af ótta við eftirhermuglæpi. Á árinu hafa nokkrar svona árásir verið gerðar. Árásin í gær átti sér stað síðdegis þegar foreldrar voru að sækja börn sín í úthverfi Zibo, í Shandong-héraði. Um 20 börn og starfsmenn eru sögð slösuð, tvö börn alvarlega. - óká**

Skógareldarnir í Rússlandi hafa orðið fimmtíu að bana:

# Stjórnvöld banna útflutning á hveiti

**RÚSSLAND, AP** Rússnesk stjórnvöld hafa bannað allan útflutning á korni til ársloka. Ástæðan er sú að tuttugu prósent af hveitiuppskeru landsins eyðilögðust í skógareldum. Bannið gæti framlengst telji stjórnvöld það nauðsynlegt.

Heimsmarkaðsverð á hveiti hækkaði nokkuð við þessi tíðindi, en það hafði þá þegar hækkað um 70 prósent nú í sumar. Sérfróðir segja verðhækkunina bitna meira á íbúum Mið-Austurlanda, Afríkuríkja og sumra Asíuríkja heldur en íbúum Evrópu og Ameríku.

Eldarnir í Rússlandi hafa nú orðið fimmtíu manns að bana og eyðilagt yfir tvö þúsund heimili. Þeir hafa geisað vikum saman í mið- og vesturhluta landsins en sumarið er það heitasta sem mælst hefur frá því skráningar hófust.

Eldar loguðu í gær á 600 stöðum og unnu tíu þúsund slökkviliðsmenn að því að halda þeim í skefjum. Stjórnvöld telja að fleiri þurfi að leggja hönd á plóg.

Vladimír Pútín forsætisráðherra hefur lofað því að ný hús verði byggð fyrir veturinn handa þeim sem misstu heimili sín. - gb



**BARIST VIÐ ELDANA** Tuttugu prósent af hveitiuppskeru Rússlands hafa eyðilagst í skógareldunum. NORDICPHOTOS/AFP

Framkvæmdastjóri Árborgar:

## Ásta framkvæmdastjóri

**STJÓRNMÁL** Ásta Stefánsdóttir, bæjarritari Árborgar, hefur verið ráðin framkvæmdastjóri sveitarfélagsins en nýlega var bæjarstjórastöðu sveitarfélagsins breytt í stöðu framkvæmdastjóra.

Alls sóttu 44 einstaklingar um starfið en meðal umsækjenda voru Gunnar I. Birgisson, fyrrum bæjarstjóri í Kópavogi, og Inga Jóna Þórðardóttir, fyrrum borgarfulltrúi í Reykjavík.

Ásta hefur embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands og hefur starfað sem bæjarritari frá árinu 2006 og jafnframt verið staðgengill bæjarstjóra. - mþl

Hótaði forsætisráðherranum:

## Vill Dani heim frá Afganistan

**DANMÖRK Dani var í gær úrskurðaður í 13 daga gæsluvarðhald fyrir morðhótanir sem hann sendi Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Dana.**

**Maðurinn sem er 43 ára hefur í tvígang sent forsætisráðherranum bréf þar sem hann hótar honum og fjölskyldu hans lífláti verði danskar hersveitir ekki kallaðar heim frá Afganistan fyrir 27. september næstkomandi.**

**Maðurinn kveðst vera mótfallinn stríði en hvorki eiga ættingja eða vini sem sendir hafa verið til Afganistans.**

**Maðurinn hefur ekki viljað svara því hvort fleiri séu í vitorði með honum. Hann getur átt yfir höfði sér allt að sextán ára fangelsi verði hann fundinn sekur. - ss**

Gullleit á Austurlandi:

## Hafa svarað athugasemdum

**IÐNAÐUR** Ástralska jarðefnarannsóknafyrirtækið Platina Resources, sem hefur sótt um rannsóknarleyfi til að kanna hvort gull og aðrir góðmálmar séu í vinnanlegu magni á Austurlandi, hefur nú svarað öllum athugasemdum við áform þess.

Orkustofnun hefur haft umsókn fyrirtækisins til athugunar en rúmlega 30 landeigendur á svæðinu skiluðu inn athugasemdum við leyfisgjöfina. Fyrirtækið hefur nú svarað þeim athugasemdum og eru svörin á leið í pósti til landeigenda.

Landeigendur munu fá tvær vikur til að bregðast við svörunum og að þeim tíma loknum mun Orkustofnun ákvarða hvort leyfið verði gefið út. - mþl

**ÍSAFJÖRÐUR**

### Stækka þarf tjaldstæði

Bæjartæknifræðinguinn á Ísafirði segir í bréfi til bæjarráðs að nauðsynlegt sé að tjaldsvæði bæjarins í Tungudal verði stækkað og aðgengi að rafmagni aukið. Líka þurfi úrbætur í rafmagnsmálum á tjaldsvæðinu á Þingeyri.

PIPAR\TBWA • SÍA • 101924

Þúsundir hafa heimsótt Landsvirkjun í sumar
















Landsvirkjun býður alla velkomna í stöðvar sínar í sumar.

Fjölmargir hafa heimsótt okkur umhverfis landið, kynnt sér orkuvinnslu úr vatnsafli og jarðvarma og um leið notið sýninga af ýmsum toga, meðal annars í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Hönnunarmiðstöð.

**Komdu í heimsókn**
**Við tökum vel á móti þér**

**Opið alla eftirmiðdaga. Aðgangur ókeypis.**

Verið velkomin til okkar í sumar:

**Blanda** í Húnavatnssýslu: *Dimmir hratt á draugaslóð* – málverkasýning Baska
**Búrfell** í Þjórsárdal: *Gengið að verki* – ljósmyndasýning Jakobs Jakobssonar
*Andlit Þjórsdæla* – líf í Þjórsárdal í 1100 ár
*Þjóðveldisbærinn* – Lifandi vitni um húsakynni á þjóðveldisöld
**Krafla** í Mývatnssveit: *Kröflueldar* – kvikmynd og fræðsla um orku í iðrum jarðar
**Laxá** í Aðaldal: *Hvað er með Ásum?* – goðafræði og höggmyndir Hallsteins Sigurðssonar
**Ljósifoss** við Sog: *Náttúran í hönnun* – samstarfsverkefni með Hönnunarmiðstöð Íslands
**Végarður** í Fljótsdal: Framkvæmdin við Kárahnjúka í máli og myndum. Ferðir inn í Fljótsdalsstöð
**Allar stöðvar**: *Raunveruleikatékk* – hringferð um landið í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík

**Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is**

Landsvirkjun

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Evrópskur samanburður á jarðgöngum er holl áminning um það sem betur má fara.

# Viðhald jarðganga fram yfir ný

Í ljós hefur komið að Hvalfjarðargöngin standast ekki þær öryggiskröfur sem gerðar eru til jarðganga í Evrópu. Þetta er mat samtaka evrópskra bifreiðaeigenda sem báru saman og mátu öryggi 26 jarðganga í 13 löndum Evrópu. Í þeim samanburði lentu Hvalfjarðargöngin á botninum.

Það er aldrei gaman að vera á botninum og um það báru viðbrögð Spalarmanna og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra vitni. Þeir þóttust vita betur en útlendingarnir, gagnrýndu aðferðir þeirra og lýstu sig jafnvel ósammála niðurstöðunum.

Niðurstöðurnar eru enda sláandi, falleinkunn og staðsetning ganganna á botninum sem lökustu göng af þeim 26 sem skoðuð voru.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Niðurstöðurnar verður vissulega að skoða af yfirvegun því Róm er ekki byggð á einni nóttu.

Að sama skapi má afneitunin ekki heldur taka völdin eins og því miður vill oft brenna við þegar fundið er að og komist að þeirri niðurstöðu að úrbóta sé þörf.

Gera verður ráð fyrir að sömu skoðunaraðferðir hafi verið viðhafðar í öllum göngunum 26 sem metin voru. Því liggur það fyrir að af þeim 26 göngum eru Hvalfjarðargöng lökust út frá öryggissjónarmiðum. Við það verður ekki unað. Þetta þýður afdráttarlaust að gera verður úrbætur og það hið allra fyrsta.

Vissulega eru mörg samgönguverkefni brýn. Brýnast hlýtur þó að vera að koma mikið nýttum umferðarmannvirkjum, eins og Hvalfjarðargöngin eru, í það horf að viðunandi geti talist.

Vegagerðin hefur gert áætlun um úrbætur á þeim jarðgöngum sem nú eru í notkun á landinu. Samkvæmt henni þarf að gera verulegar úrbætur á þrennum göngum, þar á meðal Hvalfjarðargöngum, og minniháttar úrbætur á þrennum til viðbótar. Áætlað var að verkefnið kostaði einn milljarð króna og að því yrði lokið árið 2014. Vegna óvissu um fjárframlög frá ríkinu er óvíst hvort áætlunin gangi eftir.

Öll mannvirki eru börn síns tíma. Svo er einnig um samgöngumannvirki en þegar um er að ræða jarðgöng þá hlýtur að teljast ákaflega brýnt að þau standist öryggiskröfur. Því hljóta úrbætur á öryggi jarðganga að vera forgangsverkefni, og þá ekki síst Hvalfjarðarganganna svo fjölfarin sem þau eru.

Vonandi verður horft til niðurstaðna evrópsku rannsóknarinnar og þær hafðar til hliðsjónar við forgangsröðun samgönguverkefna á þeim fjársveltu árum sem ljóst er að fram undan eru. Til dæmis hlýtur að koma til greina að skoða hvort ekki sé skynsamlegt að koma öryggismálum eldri ganga í horf sem sómi er að áður en ráðist er í gerð nýrra ganga. Hrepparígurinn svokallaði hefur sett allt of mikið mark á umræðuna um forgangsröðun samgönguframkvæmda hér á landi. Fram hjá því verður auðvitað ekki litið að samgöngur geta skipt sköpum um lífvænleika lítilla byggðarlaga. Hitt er jafnljóst að aldrei má slaka á öryggiskröfum þegar samgöngumannvirki eru annars vegar. Því hlýtur öryggissjónarmiðið að ganga fyrir þegar forgangsraðað er í samgönguframkvæmdum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fjarar undan samþykkt

Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti á landsfundi sínum í sumar að draga bæri aðildarumsókn að Evrópusambandinu til baka. Stefnubreytingin þótti marka nokkur tímamót og forystan starfar eftir henni. Nú hafa hins vegar hver hagsmunasamtökin á fætur öðrum lýst því yfir að klára bæri aðildarviðræðurnar. LÍÚ bættist á miðvikudag í hóp samtaka eins og Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins, sem haldið hafa þessu fram.



### Forystan í vanda

Nú er spennandi að sjá hvernig forysta flokksins bregst við þessari breyttu stöðu. Samtökin fyrrnefndu hafa löngum myndað hryggjarstykkið í baklandi Sjálfstæðisflokksins og ráðið því sem þau ráða vilja. Ætlar forystan að fara gegn ríkum og áhrifamiklum hagsmunasamtökum, eða gegn samþykkt æðstu stofnunar flokksins?

### Allir ráðherrar ásakaðir

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingflokksformaður Vinstri grænna sagði í gær pólitískar ráðningar allt of algengar og því þyrfti að breyta. Hún sagði báða stjórnarflokkana hafa gerst seka um slíkt, en vildi þó, aðspurð, engin dæmi gefa, önnur en ráðningu Runólfs Ágústsonar. Þetta er bagalegt og ekki í anda opinnar stjórnsýslu. Ef Guðfríður Lilja þekkir önnur dæmi er það skylda hennar að upplýsa almenning um þau. Annars þegir hún yfir mikilvægum upplýsingum og allir ráðherrar í ríkisstjórn liggja undir grun um athæfið.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




# Meðvituð menntun

Menntamál



Elizabeth Nunberg
Tungumáladeild Hjallastefnunnar

Ein mesta ánægja mín í starfi, fyrir utan að vinna með börnum, er að tengjast öðrum uppalendum frá ýmsum heimshornum. Mér bauðst slíkt tækifæri í byrjun sumars þegar alþjóðleg ráðstefna Samtaka tungumálakennara á Íslandi var haldin.

Ráðstefnan bar titilinn: „Hvað leynist í gullakistunni?“ og gaf tungumálakennurum færi á að koma saman með það eitt að markmiði að deila reynslu okkar, árangri og gleði af kennslunni. Ég hef verið þeirrar ánægju aðnjótandi að kveikja neista enskuáhuga hjá börnum á aldrinum eins til 10 ára í skólum Hjallastefnunnar frá árinu 2003.

Mér bauðst sá heiður á ráðstefnu STÍL að segja öðrum kennurum frá því hvernig enskan er kennd í Hjallastefnuskólum; með því að nýta náttúruna, áþreifanlegum verkefnum, söng, leikjum og samvinnu við fastan kennara barnanna. Ég sýndi áheyrendum hvernig námið heldur áfram eftir að barnið yfirgefur skólastofuna og hvernig forvitni og drifkraftur barnanna sjálfra varðar leiðina að skilningi og notkun þessa tungumáls sem er svo stór þáttur af þeirra nánasta umhverfi. Samuel Lefever, lektor í Kennaraháskóla Íslands, gaf síðan nýja innsýn í þetta sama efni með því að kynna rannsóknir sínar í Hjallastefnuskólum.

Mér fannst líka viðeigandi að deila með áheyrendum nýrri innsýn sem mér hefur hlotnast varðandi starf mitt. Ég hef kynnst nýrri áherslu innan kennslufræðinnar sem gefur kennurum og nemendum tækifæri til þess að lifa og starfa í vellíðan á líðandi stund. Þessi nýja áhersla kallast „Mindful Education,“ sem hægt væri að útleggja sem Meðvituð menntun. Hjallastefnuskólarnir bjóða upp á taktfast flæði í dagskrá, náið samband við náttúruna og mikið samstarf nemenda og kennara sem er góður jarðvegur fyrir meðvitaða menntun.

Frú Vigdís Finnbogadóttir sagði á ráðstefnunni að tungumálin væru lyklar okkar að heiminum. Ég er hjartanlega sammála henni en bæti því við að við þurfum fleiri en einn lykil til þess að opna okkur dyr að alþjóðasamfélaginu. Við þurfum tungumálin sem fyrsta lykilinn, við þurfum hjartagæsku sem annan lykil og við þurfum hugrænan lykil sem er meðvitundin. Með þessum þremur lyklum samanlögðum trúi ég því að okkur opnist allar dyr.

Nánari upplýsingar um Mindful Education fást á slóðinni: www.mindfuleducation.org

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Eru ríkisafskipti frjálshyggjunni að kenna?

Í DAG



Þorsteinn Siglaugsson
hagfræðingur

Svavar Gestsson fer fram á það í nýlegri grein í Fréttablaðinu að Sjálfstæðisflokkurinn geri upp við frjálshyggjuna. Engin rök eru færð fram gegn frjálshyggjunni, aðeins fullyrt að hún hljóti að vera skammaryrði og því beri flokknum að hafna henni. Eftir að krónan hrundi og bankakerfið féll hefur fjöldi fólks lýst svipuðum skoðunum opinberlega. Rökstuðningurinn ber oftast vott um álíka djúpa hugsun og fyrrnefnd grein.

### Hvað er frjálshyggja?

Frjálshyggjumenn telja heilbrigðara að atvinnulíf grundvallist á framtaki fólks en á skipulagningu ríkisvaldsins. Þetta fyrirkomulag kallast markaðshagkerfi. Önnur helsta röksemdin að baki því er að framleiðsla ræðst þá af þörfum neytendanna sem ekkert skipulagningarvald getur haft yfirsýn yfir. Hin er að tilraunir til skipulagningar atvinnulífsins leiði til spillingar og ófrelsis. (Nýlegar hótanir um stjórnvaldsofbeldi gagnvart bændum sem vilja selja vöru sína á frjálsum markaði eru ágætt dæmi um afleiðingar skipulagshyggjunnar.) Markaðshagkerfið grundvallast á frjálshyggjunni og hefur lengi verið við lýði í vestrænum ríkjum. Frelsið er þó mismikið og hvergi algjört. Ríkið prentar peninga, tekur oft þátt í atvinnulífi og ráðstafar gjarna talsverðum hluta þjóðarframleiðslunnar til sameiginlegra þarfa. Frjálshyggjumenn telja heppilegra að markaðsfrelsið sé meira heldur en minna enda dragi ríkisafskipti úr skilvirkni markaða og þar með úr velmegun almennings.

### Er peningamálastefnan frjálshyggja?

Að frátalinni spillingu og reynsluleysi eftirlitsaðila og stjórnmálamanna eru orsakir hins sértæka efnahagsvanda Íslands í megindráttum þrjár. Í fyrsta lagi olli röng peningamálastefna og óábyrg efnahagsstjórn innstæðulausri gengishækkun þar sem fjárfestum voru send blekkjandi skilaboð með óhóflegum stýrivöxtum samhliða óhagkvæmum ríkisfjárfestingum sem ýttu undir þenslu. Á endanum kom vitanlega að skuldadögum og krónan hrundi með brauki og bramli. Þetta er meginorsök skulda- og verðbólguvandans sem heimili og atvinnulíf glíma nú við. Auðsætt er að frjálshyggja getur ekki átt sök á þessum mistökum.

Í öðru lagi olli skyndilegur aðgangur að mjög ódýru erlendu lánsfé (þar var peningamálastefnan að miklu leyti að verki líka) innstæðulausri þenslu í efnahagsreikningum bankanna ásamt eignaverðsbólu. Þegar erlendir aðilar lýstu áhyggjum af þessu brugðust stjórnvöld og eftirlitsstofnanir við með því að fullyrða að íslenska ríkið stæði að fullu að baki bönkunum. Þegar kerfið féll var staðið við þetta eftir því sem kostur var.

### Eru aukin ríkisafskipti frjálshyggja?

Það þarf mikið hugmyndaflug til að ímynda sér að ríkisstuðningur af þessum toga eigi eitthvað skylt við frjálshyggju. Þvert á móti er raunin sú að frjálshyggjumenn hafa um langt árabil gagnrýnt hin miklu afskipti ríkisins af rekstri fjármálastofnana og þá ábyrgð sem skattgreiðendum er gert að sæta á starfsemi þeirra. Sterk rök hníga til þess að slík ábyrgð dragi úr möguleikum annarra fyrirtækja til að keppa um fjármagn við fjármálastofnanir og leiði þannig til lakari nýtingar þess. Eigi maður val um að ávaxta fé sitt í banka með fullri tryggingu ríkisins tekur hann vitanlega síður áhættuna af beinni fjárfestingu í atvinnurekstri. Valdið og ábyrgðin flyst frá fjárfestinum til starfsmanna og eigenda bankans sem vegna ríkisábyrgðar geta yfirleitt bara grætt á ákvörðunum sínum, en sjaldnast tapað.

Í þriðja lagi bólgnaði rekstur ríkisins út fram úr öllu hófi. Í stað þess að sýna aðhald og ráðdeild í góðærinu var fjárfest og eytt sem aldrei fyrr. Á endanum átu mögru kýrnar þær feitu og meira til. Frjálshyggjumönnum er gjarna legið á hálsi fyrir að vilja draga úr útgjöldum ríkisins. Sjaldgæfara er að þeir séu skammaðir fyrir að vilja þenja það út.

### Frelsi eða valdboð?

Kenningar frjálshyggjunnar eru grundvöllur þess frelsis, framþróunar og velmegunar sem við höfum notið um langa hríð á Vesturlöndum. Þær eru grundvöllur hinna almennu mannréttinda sem réttarkerfi okkar byggir á. Valkosturinn við frjálshyggju og markaðskerfi er að fela stjórnvöldum að skipuleggja atvinnulífið í enn meira mæli. Þar með skerðist frelsi fólks til að taka sjálft ákvarðanir um hvernig það hagar lífi sínu og störfum. Valkosturinn við frjálshyggjuna er nefnilega sá að færa valdið frá fólkinu til stjórnmálamannanna. Ég efast um að margir vilji slíkt í raun, sérstaklega nú þegar við finnum á eigin skinni hvernig þeir geta farið með það.

Sjálfstæðisflokkurinn þarf vissulega að gera ýmislegt upp. En það uppgjör á ekki að vera við frjálshyggjuna heldur við athafnir sem oft samrýmdust því miður ekki grundvallarstefnu flokksins. Uppgjörið mun eflaust taka einhvern tíma, þó örugglega skemmri en hjá þeim sameignarsinnum sem enn eru við sama heygarðshornið tuttugu árum eftir hrun skipulagsins sem þeir studdu.

AF NETINU

### Olíuslysið er kapítalisminn

Olíuslys British Petroleum á Mexíkó-flóa sýnir kapítalismann í hnotskurn. Forstjórar hans æddu fram í taumlausri gróðafíkn. Felldu niður aðgerðir til að halda uppi öryggi. Lokuðu augunum fyrir eyðileggingu umhverfisins. Neita öllum staðreyndum og halda úti almannatengslum, þar sem hvert orð er lygi.... Við á Íslandi eigum að vara okkur á að flytja inn alþjóðlega kapítalista. Til viðbótar illfyglunum, sem hér heima eru í kvótanum og víðar. Þegar kapítalismi ríkir óheftur, leiðir hann undantekningarlaust til ófarnaðar.

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

### Um einkavæðingu orkunnar

Einkavæðing á öllum þáttum rafveitna virðist leiða til einokunar einkafyrirtækja og þá er betra heima að sitja en af stað fara. Þó útiloka ég ekki að einokun einkafyrirtækja geti stundum verið skárri en einokun spillts ríkisvalds.

blog.eyjan.is/stefan - **Stefán Snævarr**

Opnum í dag nýja hannyrðavöruverslun

Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sími 511 33 88
www.ammamus.is




AF NETINU

### Skiljanlegt slikk

Flækjustigið á Magmamálinu er komið út yfir allan þjófabálk. Það sem er svona flókið er ekki málið sjálft heldur hugtökin sem eru notuð til þess að útskýra það. Ég skil t.d ekki hugtakið „afnotaréttur“ sem er kjarnaatriði í allri umræðunni. Ég sé ekki muninn á „afnotarétti“ annarsvegar og „leigu“ hinsvegar.
Hversvegna skildi annað orðið vera notað en ekki hitt? Er það vegna þess að flestir hafa þann skilning að „leiga“ þýði að sá sem á eitthvað, getur leigt það út? Þegar orðið „leigutaki“ er notað, þá er eigandi þess leigða alveg skýr.
Í „afnotarétti“ virkar þetta allt mikið loðnara. Ég skil ekki þetta orð, sér í lagi þegar það er sett í 130 ára samhengi eins og í Magma-málinu.
Ég skil hinsvegar alveg orðið „leiga“ og „leigjandi“. Það innifelur líka í sér tilfinningu fyrir raunverulegu virði þess leigða. Hvernig þætti fólki að ég pressaði það stíft að fá leigða íbúð í 130 ár, og borgaði fyrir það einhvern skít á priki mánaðarlega?
Og …

Fengi lánað fyrir hinni mánaðarlegu upphæð sem samsvaraði 70% af mánaðarleigunni …

… á 1% vöxtum!

dv.is/blogg/eimreidin

**Teitur Atlason**

20% afsláttur af AEG þvottatækjum, kæliskápum, ofnum, helluborðum, gufugleypum og ryksugum

SPARI DAGAR 2·0·1·0

Brauðbox
Ruslafötur
20% afsláttur
brabantia

Tefal
Margar stærðir og gerðir
20% afsláttur
POTTAR OG PÖNNUR

DRAUMARYKSUGAN ER FRÁ AEG
ÞÆR GERAST EKKI BETRI!
NÝ SENDING
FJÖLBREYTT ÚRVAL
20% afsláttur

LAVATHERM-T55460
AEG ÞURRKARI
Barkalaus með rakaskynjara · Taumagn: 6 kg
LISTAVERÐ: 119.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 89.900,-

LAVAMAT 52840
AEG ÞVOTTAVÉL
1200 snúninga · Taumagn: 6 kg
Íslenskt stjórnborð
LISTAVERÐ: 129.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 99.900,-

SAMSUNG
C455
32" LCD SJÓNVARP
HD Ready · 1366x768
High Contrast · 50Hz
SPARIDAGAVERÐ: 129.900,-

SAMSUNG
P-191 DVD SPILARI
LISTAVERÐ: 16.900,- kr.
SPARIDAGAVERÐ: 14.900,-

Verbatim
VE47540
SJÓNVARPSFLAKKARI
með upptöku 1TB
LISTAVERÐ: 69.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 39.900,-

SHARP
SHARP-LC40LE600
40" LED SJÓNVARP
FULL HD · 1920x1080 WXGA upplausn (16:9)
4 ms svartími · DVB-T móttakari
LISTAVERÐ: 40": 339.900,- kr.
SPARIDAGAVERÐ: 229.900,-
LC40LE700
LISTAVERÐ: 40": 389.900,- kr.
SPARIDAGAVERÐ: 259.900,-

CASIO
STAFRÆN MYNDAVÉL
EX-FC100
LISTAVERÐ: 57.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 39.900,-

SHARP
Skólareiknivélar
25% afsláttur

Sparidagar Ormsson í 10 ár

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON SELFOSSI SÍMI 480 1160

ORMSSON

Umboðsmenn um land allt!
LÁGMÚLA 8 Heimilistæki · SÍÐUMÚLA 9 Hljómtæki · SÍMI 530 2800 · WWW.ORMSSON.IS

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

129
KR. 450g
EUROSHOPPER FROSNIR MAISSTÖNGLAR 450g

129
KR. 450g
EUROSHOPPER FROSINN MAIS 450g

169
KR. 1000g
EUROSHOPPER SPAGHETTI 1 KG

129
KR. 185g
EUROSHOPPER TÚNFISKUR 185g
TÚNFISKUR Í VATN EÐA OLÍA.

498
KR. 500g
EUROSHOPPER RIFINN 27% OSTUR 500g

259
KR. 1000g
EUROSHOPPER FRANSKAR RIFFLAÐAR 1 KG

259
KR. STK
BÓNUS VÖFFLUMIX 500g

398
KR. STK
BÓNUS RABARBARASULTA SPRAUTUBRÚSI 500 ml

259
KR. STK
HALTA ÞEYTIRJÓMI 250 ML

98
KR. STK
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385g

249
KR. 180g
HEIMA PESTÓ GRÆNT OG RAUTT 180g

129
KR. STK
BÓNUS NÝBAKAÐ BAGUETTE BRAUÐ

259
KR. 4 STK
BÓNUS NÝBAKAÐAR KJALLARABOLLUR M.OSTI 4 STK

198
KR. 4 STK
BÓNUS NÝBAKAÐAR LANGLOKUR 4 STK

198
KR. STK
BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG

## MS GOUDAOSTUR 26% RAUÐUR
## NÚ MEÐ 25% AFSLÆTTI
MERKT VERÐ 1296 KR.KG.

972
KR. KG

## NÝJUNG: RAPSOLÍA Í BÓNUS

**Ný tegund matarolíu er að ná miklum vinsældum á matvörumarkaðnum bæði í Evrópu og Ameríku.**

Þessi matarolía nefnist *rapsolía* á íslensku en ýmist canola eða rape-seed olía á ensku. Rannsóknir sýna að þessi olía hefur ekki síður æskileg áhrif og ólívuolía, sojaolía og sólblómaolía á kólesteról í blóði og að vinna gegn hjartasjúkdómum.

**Rapsolía** sameinar ýmsa kosti ólívuolíu og sojaolíu, auk þess sem hún hefur þann ágæta kost að vera tiltölulega ódýr. Samsetning rapsolíu er óvenjuleg. Þar er ekki aðeins lítið af mettaðri fitu og mikið af einómettaðri fitu, heldur er þar líka að finna mun meira af æskilegu fitusýrunni omega-3 en í nokkurri annari algengri jurtaolíu.

Þessi ágæta olía **rapsolía** fer nú nánast sigurför um Norður- Evrópu og Ameríku, en af einhverjum ástæðum hefur lítið farið fyrir henni í íslenskum verslunum, enda hefur hún lítið verið kynnt eða kostir hennar tíundaðir.

*Nú er rapsolía komin í allar verslanir Bónus í 1 ltr. flöskum frá Euroshopper.*

249
KR. 1 ltr

698
KR. PK
FJÓLA WC PAPPÍR 9 RÚLLUR

1998
KR. PK
ARIEL ÞVOTTAEFNI 50 SKAMMTAR

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NAUTA Veisla
Ferskt hakk
898
KR.KG
NAUTAVEISLA FERSKT HAKK
FRYSTIVARA
194
KR.KG
FROSIN LAMBASVIÐ
35% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 298 KR.KG
TILBOÐ
KJÖTFARS
259
KR.STK
K.F NÝTT KJÖTFARS 620g
FRYSTIVARA
998
KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
FRYSTIVARA
2698
KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBAFILLET
FRYSTIVARA
698
KR.KG
K.S FROSNIR SALTFISKSBITAR ÚTVATNAÐIR
1398
KR.KG
FRYSTIVARA
KRAFT FRYSTAR KJÚKLINGABRINGUR
Blåbær
frugt
295
KR.250g
ALLETIDERS: FROSIN BLÁBER 250g
Chinese zoetzure saus
Chinese sweet and sour sauce
198
KR.500g
EUROSHOPPER SÓSA
SWEET & SOUR 500g
Oral-B
Anti-Plaque
Alcohol-Free
398
KR.500ml
ORAL B MUNNSKOL
500ml
hindbær
295
KR.250g
HALLON: FROSIN HINDBER 250g
FYRIR GÓÐA TANNHEILSU
Gillette
SERIES
359
KR.250ml
GILLETTE RAKFROÐA
250 ML
REACH
298
KR. STK
REACH TANNBURSTI
DUAL MEDIUM
Póló
BÓNUS
129
KR. 2 ltr
Egils
APPELSÍN
129
KR. 1 ltr
Kristall
98
KR. 1/2 ltr
BÓNUS KAFFI
500g
359
KR.500g
500 GRÖMM
BÓNUS
kaffi
fyrir
alla
BLANDAÐ FYRIR BÓNUS
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA
Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

**DAGUR SIGURÐARSON (1937-1994) FÆDDIST ÞENNAN DAG**

*Ég elska þig, ég elska þig*
*og drulluhjallinn, Dísa.*
*Að dúsa hér í ljósleysi er*
*unaðslegt með þér*
*þótt hitinn af sé tekinn og*
*tuggin öll vor ýsa.*
*Ég tileinka þér kvæðisstúf*
*sem betri er en smér.*

***Dagur Sigurðarson var íslenskt skáld, þýðandi og myndlistarmaður.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 6. ÁGÚST 1933

## *Nasistafáninn skorinn niður*

Á þessum degi árið 1933 stormaði hópur manna að bústað vararæðismanns Þjóðverja, Sófusar Blöndal, á Siglufirði og skar þar niður merki þýskra nasista, þjóðfána Þýskalands, hakakross í hvítum hring á rauðum fleti.

Mennirnir rifu fánann, hentu honum í poll og stöppuðu á honum. Þeir vildu með verknaði sínum mótmæla kúgun þýskra nasista.

Athæfi þeirra var strax tilkynnt bæjarfógeta. Fimm voru handteknir en einn þeirra var Steinn Steinarr skáld. Atburðurinn vakti mikla athygli um allt land og fjölmiðlar fjölluðu um málið. Verkalýðsblað kommúnistaflokksins hrósaði fánamönnum fyrir hreystiverkið en Morgunblaðið skrifaði að það væri „ekki ný bóla að Siglufjörður sé um síldveiðitímann vettvangur þeirra manna, sem á lægsta menningarstigi standa í þjóðfélagi voru …“



Meira en ár leið þangað til bæjarfógetinn á Siglufirði kvað upp dóm í máli fimmmenninganna. Þrír mannanna, þar á meðal Steinn, voru dæmdir í þriggja mánaða óskilorðsbundið fangelsi, hinir tveir í tveggja mánaða fangelsi.

Framhald málsins var það að því var vísað til Hæstaréttar sem í febrúar 1935 staðfesti fyrri dóm undirréttar í öllum meginatriðum. Dómunum var þó aldrei fullnægt.

## MERKISATBURÐIR

1806 Hið heilaga rómverska ríki er formlega leyst upp þegar síðasti keisarinn, Frans 2., segir af sér. Austurríska keisaradæmið og Þýska bandalagið taka við.

1809 Í Klúbbnum í Reykjavík (þar sem nú er hús Hjálpræðishersins) efnir konungurinn, Jörgen Jörgensen, til dansleiks.

1960 Steingrímsstöð, 26 Mw virkjun í Soginu, er tekin í notkun.

1965 Hljómplata Bítlanna, Help!, kemur út í Bretlandi.

1983 Friðarganga á vegum herstöðvarandstæðinga er gengin frá hliði herstöðvarinnar til Reykjavíkur.

*Minning*

## Svava Guðrún Sigmundsdóttir



Svava Guðrún Sigmundsdóttir fæddist í Reykjavík 18. desember 1930. Hún lést á Hjúkrunarheimilinu Grund 1.ágúst síðastliðinn.

Foreldrar hennar voru hjónin Sigmundur Þórður Pálmason sjómaður f. 3. maí 1900. d.18. ágúst 1965. og Margrét Gísladóttir húsfreyja f. 23. nóvember 1908. d.16. júlí 1964.

Svava Guðrún ólst upp hjá foreldrum sínum í Viðey og Reykjavík. Hún var næst elst sjö systkina, en þau eru : Svanlaug Esther f. 24. júlí 1929. d.18. febrúar 1992. Gift Kristjáni Kristjánssyni f. 4. október 1918. d. 31. október 1991. Pálmar Gísli f. 9. janúar 1932. d. 14. júlí 1955. Jón Sigurvin f. 24. september 1934. Kvæntur Helgu Kristinsdóttur f. 6. ágúst 1939. Sigmundur Grétar f. 31. janúar 1942. d. 6. nóvember 1985. Eftirlifandi eiginkona hans er Jónína Valgerður Björgvinsdóttir f. 10. ágúst 1943. Hörður f. 5. maí 1944. Tvíburabróðir hans, Reynir lést nokkra mánaða.

Þann 18. júlí 1953 giftist Svava, Kristjáni Jóhannssyni bifreiðastjóra frá Syðra Lágafelli f. 28. september 1929. d. 20. febrúar 1999. Foreldrar hans voru hjónin Jóhann Magnús Kristjánsson f.6.september 1893 d. 29.ágúst 1965 og Borghildur Júlíana Þórðardóttir f.9.júlí 1897. d.5.janúar 1971 ábúendur á Syðra Lágafelli á Snæfellsnesi.

Fyrstu búskaparár sín bjuggu þau í Reykjavík en síðan í Kópavogi. Börn Svövu og Kristjáns eru: 1). Jóhann Magnús f. 21.október 1953 kvæntur Unni Arnardóttur. Þeirra börn eru: a) Laufey f. 12. apríl 1973. Sambýlismaður hennar er Einar Sigurður Axelsson f. 2. september 1973. þeirra börn eru: Örn Haukur, Hrafn Már og Þröstur. b) Fanney f. 2.desember 1981 hennar drengur er Bjartur Snær Rúnarsson. Sambýlismaður hennar er Guðmundur Níels Erlingsson og þeirra börn eru: Erlingur og Unnur. c) Kristján f. 3. september 1987. 2) Margrét f. 3. maí 1957. hennar börn eru a) Kristján Yngvi f. 7. desember 1979. Sambýliskona hans er Birna Björk Níelsdóttir þeirra dóttir er Tanja Margrét og stjúpbörn hans eru Elísabet Rósa, Jóhanna Ósk, Tara Sól, Níels Þór. b) Svava Guðrún f. 26. júní 1984. 3) Borghildur Júlíana f. 23. maí 1964. dóttir hennar er Hafdísi Lind.

Útför Svövu fer fram frá Digraneskirkju í dag 6. ágúst 2010 og hefst athöfnin kl. 15.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Helgi Felixson**
húsasmiður,
Andrésbrunni 17, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 3. ágúst. Útför fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 12. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi í síma 5431159.

**Fríða Freymóðsdóttir**
**Erla Helgadóttir** **Tómas Guðmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**BÖRN HEILLAST AF LÓNINU** Jökulsárlónið heillar jafnt fullorðna sem unga. MYND/ÞORVARÐUR ÁRNASON

**ÞORVARÐUR ÁRNASON:** GEFUR ÚT FYRSTU LJÓSMYNDABÓK SÍNA

# Lónið er alltaf stórkostlegt

„Áður en ég flutti hingað á Höfn hafði ég lítið kynnst jöklum og ekki verið mikið á ferðinni yfir vetrartímann. Í tengslum við starf mitt sem forstöðumaður Fræðasetursins á Hornafirði ferðast ég hins vegar mikið allan ársins hring og fór þá að sjá að svæðið hér býr yfir miklum töfrum bæði á sumrin og veturna,“ segir Þorvarður Árnason en bókaútgáfan Opna gaf nýverið út fyrstu ljósmyndabók hans, Jökulsárlón – árið um kring.

Þegar Þorvarður flutti austur fyrir fjórum árum fékk hann sér nýja myndavél og fór að taka myndir. Áhugamálið vatt hratt upp á sig og fljótlega var fátt annað sem komst að um helgar en að mynda. „Fyrir rúmu ári fékk ég þá flugu í kollinn að gaman væri að fylgjast með sama staðnum yfir heilt ár,“ segir Þorvarður sem fór að Jökulsárlóni einu sinni til fimm sinnum í mánuði. „Ég uppgötvaði hvað lónið er gríðarlega fjölbreytt. Það er svo mikil hreyfing á öllu og það er aldrei eins.



**LJÓSMYNDARINN** Þorvarður fór allt að fjórum til fimm sinnum í mánuði að lóninu á einu ári.

Það er því alltaf upplifun að koma að lóninu sem er umkringt svörtum sandi með fjallaumgjörð á eina hlið og veraldarhafið á hina. Þetta skapar samspil sem er einstakt á heimsvísu,“ segir Þorvarður heillaður. Hann bendir einnig á að birta og breytileg veðurskilyrði hafi áhrif á hverja upplifun.

Í bók Þorvarðar eru því myndir frá öllum árstímum og segir hann mikinn mun vera á lóninu eftir því á hvaða tíma er komið að því. „Yfir sumarið eru jöklarnir tiltölulega hrjúfir og hvítir og mikið líf er í lóninu, mikið af fuglum og selum. Þegar veturinn gengur í garð breytast jakarnir og verða sléttari og tærari eins og ísmolar. Fyrir vikið koma litirnir sterkar fram í þeim og í samspili við sólina sér maður liti sem maður sér ekki um sumarið,“ útskýrir Þorvarður en einn tilgangur bókarinnar er að vekja athygli á fegurð lónsins á öðrum tímum en hásumri. „Það er sama hvenær þú kemur að lóninu, það er alltaf eitthvað stórkostlegt að sjá.“

Bókin er gefin út á fjórum tungumálum, íslensku, ensku, frönsku og þýsku. Þeim sem vilja kynna sér nánar myndir úr smiðju Þorvarðar er bent á vefsíðuna www.thorri.is.

solveig@frettabladid.is



**BRIMBROT** Oft gengur mikið á þegar stóra jaka ber upp á land í miklu brimróti.



**STÓRKOSTLEG BIRTA** Jaki við sólsetur um miðjan nóvember.



**DRÁTTARVÉLADAGUR** og töðugjöld verða haldin í Sauðfjársetrinu í Sævangi á morgun klukkan 14. Kaffihlaðborð verður í Kaffi Kind og sögusýningin Sauðfé í sögu þjóðar verður opin allan daginn. www.strandir.is



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447





4ra rétta tilboðsseðill

Kryddlegin bleikja
*með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu*

Humarsúpa
*rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum*

Fiskur dagsins
*það ferskasta hverju sinni; útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar*

*** eða / Or ***

Lambatvenna
*með steinseljurótarmauki, aspas, rófu, soðkartöflu og basil-myntu gljáa*

Kókoshnetu Tapioca
*með steiktu mangói og lychee sorbet*

Verð aðeins 7.290 kr.

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is




Jóna Hlíf Halldórsdóttir segir dóttur sína Rósku kunna vel að meta steiktu nautalundirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kjötið kemur með hausti

**Jóna Hlíf Halldórsdóttir telur að matur með réttri litablöndu fari vel ofan í maga. Á námsárum sínum bjó hún í Glasgow með tveimur vinum og skiptust þau á að elda því þau höfðu öll áhuga á eldamennsku.**

„Ég steiki nautalund á mjög heitri pönnu í tvær mínútur á hvorri hlið og læt svo liggja á pönnunni í svona tíu mínútur," segir Jóna Hlíf Halldórsdóttir myndlistarkona. „Svo set ég salt og pipar og sker kjötið í þunnar sneiðar." Með þessu ber hún fram sósu gerða úr sojasósu, sesamfræjum og fersku kóriander.

Jóna segist hafa borðað mikinn fisk í sumar. „Og þegar byrjar að hausta langar mig að fara að fá kjöt, en samt ekki alveg strax kjöt og kartöflur. Það er meira þegar kominn er vetur. Mér fannst tilvalið að koma með haustrétt."

Uppskriftina fékk Jóna frá bandarískum vini sínum sem hún bjó með í Glasgow þar sem hún stundaði myndlistarnám milli áranna 2005 til 2007. „Ég bjó með tveimur vinum mínum frá New York. Við höfðum öll áhuga á eldamennsku og elduðum frábæran mat á hverju einasta kvöldi."

Jóna hefur mikinn áhuga á eldamennsku og finnst gaman að framreiða matinn fallega. „Það tengist mínum myndlistarbakgrunni. Mér finnst skipta mjög miklu máli að það sé grænt, rautt og hvítt. Ég held líka að með réttri litablöndu fari maturinn betur ofan í maga."

martaf@frettabladid.is

## HAUSTBOMBA JÓNU HLÍFAR

og grískt salat **fyrir tvo**

500 g nautalund

*Steikið á háum hita í tvær mínútur á hvorri hlið og skerið svo í þunnar sneiðar. Takið af hellunni og kryddið með salti og pipar og látið standa á pönnu með loki í tíu mínútur.*



**Sósa**
1 dl sojasósa
2 msk. sesamfræ
Fullt af fersku kóríander

*Blandið öllu saman í skál.*

**Grískt salat**
½ gúrka
6 litlir tómatar
½ rauður laukur
Ferskur mozzarella
Ólífur

*Skerið grænmetið í teninga og setjið smá ólífuolíu, salt og pipar út á.*


;ALLT HEILSA

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473
**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427
**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447



NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS
Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899 • www.nings.is



Sumar tilboð
3190 kr. fyrir tvo
Sumartilboð Nings fyrir tvo og fleiri
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Karrýnúðlur með sesam, edamame og grænmeti
Kjúklingur og grænmeti með drekasósu
Hrísgrjón og 2 x 0,5L Appelsín

**ÍSLANDSMÓT Í KJÖLBÁTASIGLINGUM** verður haldið af Siglingafélagi Reykjavíkur, Brokey, á sundunum við Reykjavík um helgina. www.brokey.is




VERÐ-HRUN

Mikil verðlækkun á útsölunni

| | Áður kr. | Nú kr. |
|---|---|---|
| kvartbuxur | ~~16.900,-~~ | 4.900,- |
| ermar | ~~7.900,-~~ | 990,- |
| kjóll | ~~20.900,-~~ | 5.900,- |
| kjóll | ~~12.900,-~~ | 4.900,- |
| kjóll | ~~5.900,-~~ | 3.900,- |

Kíkið á heimasíðuna okkar www.rita.is

Rita

Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## Hátíð í Ólafsdal

ÓLAFSDALSHÁTÍÐ VERÐUR HALDIN Í ÓLAFSDAL Í GILSFIRÐI Á SUNNUDAGINN.

Í Ólafsdal var fyrsti bændaskóli á Íslandi stofnaður fyrir 130 árum. Var hann starfræktur til ársins 1907 og skipti miklu í landbúnaðarsögu þjóðarinnar. Frumkvöðull að stofnun skólans og skólastjóri alla tíð var hugsjónamaðurinn Torfi Bjarnason. Þessum tímamótum verður fagnað veglega á sunnudaginn með Ólafsdalshátíð. Hún hefst klukkan 11 á göngutúr frá Ólafsdalshúsinu.

Síðan verður ýmislegt skemmtilegt hægt að gera sér til afþreyingar. Til að mynda verða Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson með söngskemmtun. Ólafsdalsmarkaður stendur frá klukkan 14 til 17. Þar mun MS í Búðardal bjóða upp á ostasmakk með aðalbláberjum úr Reykhólasveit, hægt verður að kaupa krækling frá Nesskel, grænmeti, ís frá Erpsstöðum, handverk, afurðir úr hráefni frá Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum og margt fleira.

Klukkan 14.15 verður farin söguganga og leikhópurinn Lotta sýnir Hans klaufa klukkan 15.

Þá verður afmælissýningin Ólafsdalsskólinn 1880-1907 opin frá 13 til 17.



Ólafsdalur í Gilsfirði.



Grýla er greinilega mætt á svæðið. MYNDIR/FOSSATÚN

# Skráð lögheimili Grýlu

**Tröllagarðurinn er nýr áfangastaður í Fossatúni í Borgarfirði sem verður formlega opnaður um helgina. Þangað er gestum og gangandi boðið á sunnudag og alls kyns ævintýri bíða þeirra í einstöku umhverfi.**



Steinar útskýrir tröllaorðaleikinn.

„Við byrjuðum í fyrra að leggja göngustíga og svo hefur heilmikið gerst frá áramótum þannig að við erum núna að opna fyrsta áfanga Tröllagarðsins," segir Steinar Berg sem er staðarhaldari í Fossatúni.

Hann segir gönguleiðina liðast um í fallegri náttúru upp Stekkjarás, meðfram bökkum Grímsár og til baka að Tröllafossum. Á leiðinni gefist gestum gefst kostur á að skoða sögusvið tröllasagna og lesa skemmtilegar upplýsingar um tröll og þátt þeirra í íslenskum þjóðsögum. „Svo er spennandi að heilsa upp á Grýlu sem nú hefur fengið lögheimili í Fossatúni og hugtakið „að fara í pottinn" öðlast hér nýja merkingu!" lýsir hann. „Hugmyndin er að koma upp garði með fleiri styttum af tröllum, skapa upplifun úti í náttúrunni og tengja hana arfleifð sem er til í þjóðsögunum en líka nýsköpun á þessu sviði sem ég og Brian Pilkinton erum að vinna að með því að skapa nýjar tröllasögur."

Leiksvæði er í garðinum með köstulum, trampólínum og minigolfvelli, einnig burstabær með dótakassa og leiksvæði barna eins og þau voru til forna.

Steinar segir rúsínuna í pylsuendanum vera þá að fara í tröllaleiki. „Hér er hægt að keppa í tröllataki, tröllatogi, tröllasparki, tröllaorðaleik, tröllafeti og tröllaparís," segir hann og tekur fram að yngri og eldri geti leikið sér saman. *gun@frettabladid.is*


ÚTSALAN ER HAFIN



30% afsláttur af öllum barnavörum

Útsalan er einnig í vefverslun www.lindesign.is

Lín DESIGN

Lín Design - gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 - Sími 533 2220 - www.lindesign.is



Fallegir sumarskór úr leðri



Teg: 3345
Stærðir: 36 - 40
Verð: 14.785.-

Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugardögum í sumar
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Misty skor Laugavegi 178

Vertu vinur





SKJALALAUSNIR

rymi@rymi.is • www.rymi.is

Sími 511 1100

RÝMI



Arnbjörn var að enda við að baka svellandi súkkulaðiköku eins og hann kveðst uppalinn á. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



73 er á Laugavegi 73 – hvað annað?

# Fólk er alltaf þakklátt fyrir að fá góðan mat

**73 er nafn á nýlegum veitingastað á Laugavegi 73 sem meðal annars býður upp á 300 gramma borgara en líka pasta, steikur, kaffi og kökur – meira að segja pönnukökur. Arnbjörn Kristjánsson er vertinn.**

„Til að skapa mér sérstöðu á markaðnum fékk ég Kjöthöllina til að útbúa fyrir mig 300 gramma buff sem ég nota í hamborgara og sumir hafa komið um langan veg til að seðja hungrið með þeim. Sósan með hamborgurunum þykir líka sérstök enda er uppskriftin hernaðarleyndarmál en ég get fullyrt að eina sósan sem ekki er búin til í húsinu er tómatsósa,“ segir Arnbjörn Kristjánsson sem opnaði 73 um miðjan júní. Hvað kom til að hann hellti sér út í veitingarekstur? „Ég er búinn að vera þar með annan fótinn lengi. Þó ég hafi verið kerfisstjóri hjá Skýrr í þrjú ár þá hef ég alltaf unnið á veitingahúsum á kvöldin og um helgar svo ég ákvað að gera það að aðalvinnunni. Fólk er alltaf þakklátt fyrir að fá góðan mat en því þykir bara sjálfsagt að fá gert við tölvukerfin!“

Stór garður er á bak við húsið á Laugavegi 73 og þar segir Arnbjörn fólk njóta þess að sitja í sólinni, án þess þó að vera með olnbogann í umferðinni. „Kannski vill það ekkert að ég sé að segja frá þessu því mörgum finnst svo gott að vera aðeins útaf fyrir sig og slappa af hér á bak við,“ segir hann hlæjandi. Hann er líka með stórt tjald á baklóðinni sem hann hefur leigt út fyrir afmæli og fleiri samkomur.

73 er alltaf opið frá ellefu til ellefu en Arnbjörn kveðst hafa leyfi til að hafa opið fram til 3 og eiga eftir að fastsetja lokunartímann.

*gun@frettabladid.is*



Stéttin bak við húsið er úrvals sólbaðsstaður og þar er líka stórt tjald sem leigt er út fyrir afmæli og fleiri samkomur.

## SÚKKULAÐIKAKAN HENNAR MÖMMU

2¼ bolli hveiti
1½ bolli sykur
1 tsk. lyftiduft
1 tsk. natron
½ tsk. salt
1 bolli kakó
1½ bolli smjör eða smjörlíki
½ bolli vatn (heitt)
3 egg
tvöfaldur espressó eða ½ bolli sterkt kaffi.

*Passar í þrjú hringlaga mót og er bakað í ofni við 190° C þar til kakan er búin að lyfta sér aðeins.Gott er að reka prjón í hana og ef hann kemur hreinn út er hún tilbúin.*

**Kremið**
4 plötur síríussúkkulaði brætt yfir vatnsbaði
1½ bolli flórsykur
tvöfaldur espressó
Sjóðandi vatn og/eða smjör þar til þykktin sem maður vill hafa á kreminu er komin.





Sundhöllin í Reykjavík verður lokuð til laugardagsins 7. ágúst vegna viðhalds. Annars er hún opin á virkum dögum frá 6.30 til 21.30 og um helgar frá 8 til 19.

www.rvk.is



















VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 6. ágúst 2010



## KRÝNIR SIG SJÁLFUR

Georg Erlingsson Merritt er umsjónarmaður Draggkeppni Íslands.

+ HANNAR FLOTTAR TÖSKUR + FRÁBÆR DAGUR HJÁ KAMILLU + SÆNSKIR PLÖTUSNÚÐAR SPILA + TOPP TÍU HLUTIR





**Toshiba Satellite L500D-16M**
- 2.0Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile M300
- 4GB DDR2 800MHz minni
- 320GB SATA diskur
- 8xDVD±RW Dual Layer og CD skrifari
- 15.6" WXGA LED breiðskjár
- VGA myndavél í skjá
- 512MB ATI Radeon HD4570 PCI-Express skjákort
- Windows 7 Home Premium

FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

Kr. 117.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ dragðu lærdóm af öllu

## IÐUNN MARÍA GUÐJÓNSDÓTTIR, LAGANEMI OG RÍKISSTARFSMAÐUR

Á föstudagskvöldið er mér boðið í gourmet-matarboð hjá góðum vinum sem mun sennilega enda í borðadansi. Á laugardaginn verð ég með fatamarkað í garðinum við Laugaveg 52 í tilefni af gay pride. Sunnudagurinn fer svo í hangs og ef til vill eina sundstund.



helgin MÍN

### Plastguðir kveðja

Gítarleikari og trommari dunrokkssveitarinnar Plastic Gods flytja af landi brott innan skamms og í tilefni af því verður efnt til sérstakra tónleika á Faktorý í kvöld. Þetta verða síðustu tónleikar hljómsveitarinnar, í þeirri mynd sem hún er í dag, á næstunni og því um stórviðburð að ræða. Tónleikarnir hefjast stundvíslega fimmtán mínútum eftir miðnætti og er mikilli stemningu lofað.



### Til hamingju með afmælið

þetta HELST

Verslunin Spúútnik fagnar tuttugu og fimm ára afmæli sínu þessa dagana og af því tilefni eiga allir aðdáendur nýju aðdáendasíðu verslunarinnar á Facebook séns á að vinna kíló af fötum. Það eina sem menn þurfa að gera er að benda minnst tíu vinum á þessa nýju síðu, dregið er úr aðdáendapottinum á hverjum degi næstu dagana. Kílómarkaðurinn er einnig hafinn og því geta tískuunnendur gert góð kaup næstu daga.



Aron Bullion hannar skemmtilega fylgihluti fyrir karla og konur:

# KÆRASTAN HJÁLPAR TIL

„Ég lærði grunninn að arkitektúr á Englandi og vann við það fyrst eftir að ég kom til Íslands. Eftir hrunið var þó lítið um vinnu og ég ákvað því að fara út í það að hanna skyrtur og aðra fylgihluti. Kærastan mín er fatahönnuður og hún hefur verið mér innan handar og aðstoðað mig við ýmislegt,“ útskýrir Aron Bullion. Hann hannar fallegar karlmannsskyrtur, axlabönd, töskur og aðra fylgihluti undir nafninu A.C. Bullion. Hönnun sína selur hann á PopUp markaðinum vinsæla og hefur Aron varla undan að framleiða vörur sínar.

„Ég byrjaði að hanna skyrturnar vegna þess að ég átti erfitt með að finna skyrtur sem hentuðu mér og voru á viðráðanlegu verði, nú er ég að hanna gleraugnaumgjarðir af sömu ástæðu. Ég er sem sagt gjarn á að hanna hluti sem ég vil sjálfur eiga,“ segir Aron og hlær. Töskurnar sem hann býr til hafa fallið sérstaklega vel í kramið hjá fólki, en töskurnar eru búnar til úr leðri og tweed-efni og eru ætlaðar bæði körlum og konum.

Aðspurður segist Aron hafa fengið nokkur tilboð frá verslunum bæði hér á landi og erlendis sem hafa áhuga á að taka hönnun hans í umboðssölu. „Ég hef ákveðið að taka því rólega svona fyrst um sinn. Eins og er næ ég ekki að anna eftirspurn þar sem ég er einn í allri framleiðslu og finnst því betra að einbeita mér að smásölunni núna,“ segir Aron að lokum. *-sm*



**Slær í gegn** Aron segist vera hrifinn af persónulegri framleiðslu og hannar meðal annars fallegar karlmannsskyrtur, axlabönd og töskur á bæði kynin undir nafninu A.C. Bullion. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





**Fallegar töskur** Aron hannar skemmtilegar töskur úr leðri og skosku tweed efni. Töskurnar eru ætlaðar báðum kynjum.

VERÐHRUN

60% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI

hjá Hafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft...



**Sumar og sól á Venue** Guðni Einarsson lofar góðri stemningu á skemmtistaðnum Venue annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Sænskt plötusnúðatvíeyki spilar á Venue:

# Þeyta skífum í fríi

Á skemmtistaðnum Venue verður haldið sérstakt skemmtikvöld í tilefni Hinsegin daga. Skemmtunin fer fram annað kvöld og meðal þeirra sem stíga á svið er sænska plötusnúðatvíeykið North Beach og íslensku plötusnúðarnir Impulze og Bensole, sem þeytti skífum á skemmtistaðnum Space á Ibiza fyrir stuttu.

Skipuleggjandi kvöldsins er tónlistarmaðurinn og plötusnúðurinn Guðni Einarsson og lofar hann mikilli stemningu þetta kvöld. „Þeir félagar eru í fríi hér á landi og við fréttum af því og ákváðum að reyna að plata þá til að spila á meðan þeir eru hér. Þeir tóku mjög vel í þetta og fannst gaman að fá tækifæri til að spila á Íslandi,“ segir Guðni. North Beach spilar að sögn Guðna house tónlist og eru þeir afskaplega vinsælir í heimalandi sínu.

Aðgangseyrir er enginn og hefst skemmtunin klukkan 23.00 á Venue. Nánari upplýsingar má finna á vefnum www.rvkunderground.com. *-sm*

✻ augnablikið



**SVÖRT Í SÓLINNI** Kelly Osbourne, sem hætti nýverið með unnusta sínum, sást við innkaup í vikunni. Þótt stúlkan sé dökkklædd virðist hún lítið sakna kauða.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir
sigridurh@365.is sími 512 5462 **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

www.pier.is

Járn og viðarhillur
70%
afsláttur

Eikarhillur
70%
afsláttur

# ALLRA SÍÐAST ÚTSÖLUHELGI!

Nú hreinsum við burt allar útsöluvörur
**hlægilegt verð!**

handmálaðir skápar
50%
afsláttur

Sumarsmávara
60%
afsláttur
aðeins þessa helgi!

Snyrtivörur
3 fyrir 2

Kerti
3 fyrir 2

the PIER

kemur stöðugt á óvart

www.pier.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870



**Georg Erlingsson Merritt** segir mikilvægt fyrir samfélag samkynhneigðra að finna fyrir stuðningi almennings og bendir á að Hinsegin dagar séu nú ein stærsta fjölskylduhátíð landsins.

# FORRÉTT

# AÐ VERA SAMK HNEIGÐUR Á ÍS

**Georg Erlingsson Merritt er umsjónarmaður Draggkeppni Íslands sem fór fram í þrettánda sinn á miðvikudagskvöldið. Hann hlaut sjálfur titilinn draggdrottning Íslands árið 1998, sama ár og kynskiptingurinn Dana International sigraði Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.**

*Viðtal:* **Sara McMahon**
*Mynd:* **Valgarður Gíslason**

Georg er borinn og barnfæddur Reykvíkingur og starfar sem kerfisfræðingur auk þess sem hann sinnir stuðningskennslu, semur tónlist og starfar sem plötusnúður svo fátt eitt sé nefnt. Hann klæddist fyrst draggi þegar hann bjó á Spáni á sínum yngri árum og tróð þá upp á ýmsum stöðum ásamt öðrum draggdrottningum.

„Vinur minn tók þátt í keppninni þegar hún var fyrst haldin hér heima og það var jafnframt í fyrsta sinn sem ég horfði á dragg „live“. Ári síðar ákváðu nokkrir vinnufélagar mínir að skipuleggja fast skemmtikvöld þar sem við gætum hist og haft það gaman. Við unnum allir á sama var krýnd og segist hann ætla að krýna sig sjálfur núna í ár. „Þá fæ ég loksins mína kórónu,“ segir hann og hlær.

## GAMALT LEIKLISTARFORM

Að sögn Georgs er dragg aldagamalt leiklistarform sem nær allt aftur til tíma Forn-Grikkja þegar karlkyns leikarar fóru með öll kvenhlutverkin í leikritum þar sem konum var meinað að koma fram.

*Hver er sjarminn við dragg?*

„Í fyrsta lagi er þetta alveg ofboðslega skemmtilegt og maður fær visst kikk út úr því að standa uppi á sviði og skemmta fólki. Upphaflega var dragg tengt leikhúsum því konum var meinað að koma fram og þess vegna þurftu karlar að fara með öll kvenhlutverk. Draggið tók svo miklum breytingum eftir seinni heimsstyrjöldina og færðist þá inn á skemmtistaði ætluðum samkynhneigðum og varð þá líkara því sem við þekkjum í dag, en draggið er stanslaust að þróast og breytast og nú eru stelpur til dæmis farnar að sýna þessu meiri áhuga.“

Draggkeppnin hér á landi tók fyrst aðeins við draggdrottningum en breyting varð þar á árið 2005 þegar draggkóngar fengu einnig leyfi til að keppa. Fyrst var aðeins keppt um einn titil en nú er keppt bæði um titilinn draggdrottning og draggkóngur ársins. Fimm manna dómnefnd velur sigurvegara ársins og er ýmislegt

*„Vinkona mín stakk upp á nafninu því hún sagði að ég væri vaxinn eins og hvalur og það hefur fylgt mér síðan.“*

skemmtistaðnum á þessum tíma þannig að það gat verið erfitt fyrir okkur að finna dagsetningu þar sem allir voru í fríi. Við ákváðum að gera eitthvað meira úr þessu kvöldi og klæddum okkur upp sem Spice Girls og bókuðum okkur á Ingólfskaffi í leiðinni. Upphaflega ætluðum við bara að syngja nokkur lög og fá frítt að drekka út á það en við enduðum á því að sýna þrisvar sinnum sama kvöldið. Þetta var sem sagt mín fyrsta reynsla af draggi,“ útskýrir Georg sem ákvað í kjölfarið að taka sjálfur þátt í Draggkeppni Íslands ári síðar. Hann kom fram undir sviðslistanafninu Keikó og sigraði í keppninni.

„Nafnið var ákveðið í „make-up“ stólnum rétt áður en ég fór á svið. Vinkona mín stakk upp á nafninu því ég væri vaxinn eins og hvalur og þetta nafn hefur fylgt mér síðan. Nafnið passar mjög vel við hana því Keikó er bæði svört og hvít.“ Georg er jafnframt eina íslenska drottningin sem aldrei sem keppendur þurfa að huga að vilji þeir standa uppi sem sigurvegarar kvöldsins.

„Dómararnir taka meðal annars mið af framkomu, búningum, útliti og tilsvörum keppenda. Atriðin sem keppendur koma með eru afskaplega ólík, sumir halda ræðu, aðrir dansa og syngja og enn aðrir fara með ljóð eða uppistand. Það fer miklu meiri vinna í þetta en fólk gerir sér grein fyrir, keppendurnir leggja sig mjög fram og við sem að keppninni stöndum reynum að leiðbeina þeim eins og við getum.“

*Hversu hart er barist um titilinn?*

„Þetta er mjög hörð keppni,“ segir Georg og hlær. „Það eru sumir sem brosa framan í andstæðinginn og óska honum góðs gengis en bregða svo fyrir hann fæti þegar hann gengur út á sviðið. Það hefur komið fyrir að neglur og hárkollur hverfi en við reynum að sjá til þess að allt fari að mestu friðsamlega fram. Stærsti misskilningurinn við þessa keppni er



# TINDI
# KYN-
# SLANDI

að það sé skemmtilegast í salnum. Það er alls ekki satt, það er langskemmtilegast baksviðs og þar getur gengið á ýmsu.“

Keppnin í ár hefur yfirskriftina You wanna be on top og er kynnir hennar engin önnur en Tæra Bænks sem Georg sjálfur leikur. „Það fer mikill tími í búningaskipti og maður þarf að hafa hraðar hendur. Ég kem fyrst fram sem Evíta, fer næst yfir í Lady Gaga og breyti mér svo í Tæru,“ segir hann og bætir við að erfitt geti reynst að ná rétta litaraftinu á svo skömmum tíma. „Best væri auðvitað að fara í „spray-tan“ eða hanga í ljósum en annars virkar dökkt púður eða sokkabuxnasprey ágætlega.“

### FORRÉTTINDI AÐ BÚA HÉR

Keppnin hefur stækkað í sniðum frá því hún var haldin fyrst og hefur almenningur sýnt henni mikinn áhuga síðustu ár. Að sögn Georgs hefur áhorfendahópurinn breikkað og sýna gagnkynhneigðir þessu jafn mikinn áhuga og samkynhneigðir og komast færri áhorfendur að en vilja. Almenningur hefur þó ekki alltaf verið svo fordómalaus og segist Georg muna tímana tvenna.

„Árið sem ég vann keppnina varð ég oft fyrir aðkasti og þurfti jafnvel að slá frá mér, en þetta hefur sem betur fer batnað mikið og í dag verður fólk ekki fyrir aðkasti fyrir að klæðast draggi. Fordómar eru auðvitað bara þekkingarleysi, eða heimska, og með aukinni þekkingu minnka fordómar. Fjölmiðlar hafa verið duglegir við að kynna þennan kúltúr í jákvæðu ljósi og það hjálpar auðvitað líka,“ segir Georg og bætir við að Hinsegin dagar í Reykjavík hafi einnig gert mikið fyrir samfélag samkynheigðra. Þetta er í tólfta sinn sem Hinsegin dagar eru haldnir hátíðlegir og líkt og fyrri ár er boðið upp á fjölbreytta og skemmtilega hátíðardagsskrá fyrir alla.

„Það segir mikið að Gay Pride er nú orðin ein stærsta fjölskylduhátíð landsins og það mætti segja að það séu forréttindi að vera samkynhneigður á Íslandi. Erlendir ferðamenn sem koma hingað á Gay Pride eru hissa á því hversu friðsamlega hátíðin fer fram og hversu fjölskylduvæn hún er. Það sem gerir okkar Gay Pride svo einstakt er að það taka allir þátt, í fyrra voru fleiri sem tóku þátt í Gay Pride-göngunni en 17. júníhátíðahöldunum og það er svolítið magnað. Það er okkur auðvitað líka mjög mikilvægt að fá þennan stuðning frá almenningi,“ segir Georg. Hann telur að draggkeppnin muni halda áfram að stækka og dafna á komandi árum og útilokar ekki að í tuttugu ára afmæli keppninnar fari hún fram í Hörpunni. „Keppnin fer þá fram í stóra salnum í Hörpunni,“ segir hann að lokum glaður í bragði.

## * bak við tjöldin

**Uppáhaldstónlistarmaður?**
Uppáhaldið sem ég fer alltaf á tónleika með er Madonna, elska hana í tætlur. Ég held líka mikið upp á Placebo.

**Uppáhaldsmatur?**
Kjúklingur, just love it.

**Besti tími dags?**
Þegar ég kem heim úr vinnunni og átta mig á því að ég þarf að halda áfram að vinna. Alltaf nóg að gera hjá mér.



**Uppáhaldsstaðurinn?**
Finnst æði að vera í London eða París. En síðan er alltaf gaman í vinnunni á Kofa Tómasar frænda þegar ég er að spila.

**Stjörnumerki?**
Steingeit.








# tíðin

✻ Brostu framan í heiminn



**ILMURINN AF ÞESSU ILMVATNI** frá franska snyrtivörufyrirtækinu L'occitane minnir á endurnærandi skógarilm á sumrin. Ilmvatnið er hluti af sumarlínu fyrirtækisins.

## ✻ algjört möst

**1** Eftir skemmtilega verslunarmannahelgi er gott að detoxa svolítið og drekka grænt te og sítrónuvatn.

**2** Röndóttur fáni og litrík föt eru nauðsynleg fyrir Gay Pride-fögnuðinn á morgun. Sýnum stuðning!

**3** Útiluktir eru kósí þegar setið er úti í garði í rökkrinu sem nú er farið að láta á sér kræla.

**4** Spörum ekki gullhamrana, það er jafn gaman að hrósa öðrum og það er að þiggja gullhamra sjálfur.

**5** Sumarið er brátt á enda og því um að gera að nýta síðustu dagana í útilegur, lautarferðir og aðra útivist.

## TOPP 10



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## TÓMAS MAGNÚSSON

**tónlistarmaður.**



MYNDAVÉLIN ER MÉR MIKILVÆG TIL ÞESS AÐ FANGA AUGNABLIKIÐ.



TÖLVAN MÍN ER EINS OG FRAMLENGING AF MÉR.



SKÓRNIR SEM AMMA GAF MÉR FYRIR SIRKA ÞREMUR ÁRUM OG ERU ENN GÖNGUFÆRIR ERU LÍKA Í MIKLU UPPÁHALDI.



MEÐ LEATHERMAN-HNÍFNUM MÍNUM GET ÉG GERT NÆSTUM ALLT.



Í BAÐKERINU FINNST MÉR BEST AÐ „CHILLA".



PLÖTUSPILARINN MINN ER HUNDGAMALL EN SPILAR VEL FUNKÍ ENN ÞÁ.



KAOSSPAÐINN ER ÓMISSANDI TIL AÐ BÚA TIL RINGULREIÐ.



VESKIÐ MITT ER Í MIKLU UPPÁHALDI ÞEGAR ÞAÐ ERU PENINGAR Í ÞVÍ. AUK ÞESS ER HÆGT AÐ GEYMA ALLS KONAR DRASL Í ÞVÍ.



SÓLGLERAUGUN SEM MAGGI, VINUR MINN, GAF MÉR HENTA EINSTAKLEGA VEL Í ÍSLENSKU VEÐURFARI.



LYKLARNIR MÍNIR OPNA ALLT SEM ÉG ÞARF AÐ OPNA.



Vertu velkomin(n)!

SALON REYKJAVÍK

Grandagarði 5 • Reykjavík • S. 568 5305
salon@salon.is




Nýtt námskeið

# 28 daga hreinsun NORDICASPA með mataræði og hreyfingu

Daglegur fróðleikur um mat & næringu fullt af uppskriftum

Vikulegar mælingar mikið aðhald

heitir pottar og herðanudd eftir hvern tíma

**Ertu að glíma við:**

- Mataróþol
- Matarfíkn og sykurlöngun
- Maga- og ristilvandamál
- Verki og bólgur í liðum
- Streitu, þreytu og svefnleysi
- Þunglyndi
- Aðra lífsstílssjúkdóma

Á námskeiðinu hreinsum við líkamann af öllum eiturefnum, aukum getu hans til að vinna rétt úr fæðunni, aukum liðleika og styrk og komum þér af stað í nýjan lífsstíl!

**Fimm tímar í viku – hreinsun, liðleiki og styrkur**

- 3 tímar – jóga, liðleiki og öndun
- 2 tímar – léttar styrktaræfingar í tækjasal

**Tímar: 6:45 og 17:20 mán/mið/fös.**
**Þjálfari: Sigríður Guðjohnsen**

**Námskeið hefjast 16. ágúst**
**Kynningarfundur 14. ágúst kl. 10:30**
**Kr. 34.900**

Taktu ábyrgð á eigin heilsu
og skráðu þig núna í síma 444 5090
eða nordicaspa@nordicaspa.is

Gengur þér illa að ná og halda kjörþyngd?

NORDICASPA

WWW.NORDICASPA.IS

## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR



**Kamilla Ingibergsdóttir, verkefnastjóri hjá ÚTÓN**



1 Ég er algjör svefnpurka og myndi byrja þennan föstudag á að sofa út!

2 Mér finnst, eins og líklega öllum, mjög gott að fá bröns. Staðurinn sem yrði fyrir valinu er Geysir Bistro vegna þess að þar fær maður djúpsteiktan camembert og amerískar pönnsur með sýrópi. Svo vinnur líka indælasta þjónustukonan í Reykjavík þarna. Hún veit alltaf að ég vil piparmyntute.



3 Södd og sæl færi ég í Laugar Spa í saltnudd sem er einfaldlega það besta sem ég veit. Ég myndi síðan að sjálfsögðu hanga í spa-inu í minnst fimm tíma.

4 Ég fengi að vera stikkfrí frá íslenskum virðisaukaskatti og tollgjöldum og gæti þess vegna misst mig á ebay. Myndi líka hanga þar í svona fimm tíma.



5 Vampírur, suðurríkin, varúlfar og hinar ýmsu kynjaverur. Frábærir HBO þættir sem ég fæ ekki nóg af. Þeim yrði skolað niður með blóðrauði Bloody Mary.


# Dorma býður betur

DORMAVERÐ
ÓTRÚLEGT VERÐ

Fimm ára ábyrgð á rúmum!

69.900,- Frábær svefnsófi

69.900,- Hægindastóll í tau

20% afsláttur Stillanlegt heilsurúm

2.900,- Sængurverasett

Serta
20% afsláttur Serta heilsurúm

149.000,- Interbed 160x200

YANKEE CANDLE a passion for fragrance
Yfir 40 ilmtegundir

499,- Handklæði 50x100 cm

14.900,- Dúnsæng

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17

DORMA – býður góða nótt
Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

SPARIDAGAR 2010

SHARP
40" LED SJÓNVARP
FULL HD · 1920x1080 WXGA upplausn (16:9)
4 ms svartími · DVB-T móttakari
LC40LE600 LISTAVERÐ: 40": 339.900,- SPARIDAGAVERÐ: 229.900,-
LC40LE700 LISTAVERÐ: 40": 389.900,- SPARIDAGAVERÐ: 259.900,-

AEG
AEG ÞVOTTAVÉL
1200 snúninga · Taumagn: 6 kg
Íslenskt stjórnborð
LAVAMAT 52840
LISTAVERÐ: 129.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 99.900,-

AEG ÞURRKARI
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 6 kg
LAVATHERM-T55460
LISTAVERÐ: 119.900,-
SPARIDAGAVERÐ: 89.900,-

20% afsláttur af AEG þvottatækjum, kæliskápum, ofnum, helluborðum, gufugleypum og ryksugum

GÆÐI OG GOTT VERÐ FARA ALLTAF SAMAN HJÁ ORMSSON

Sparidagar Ormsson í 10 ár
Umboðsmenn um land allt!
LÁGMÚLA 8 Heimilistæki · SÍÐUMÚLA 9 Hljómtæki · SÍMI 530 2800 · WWW.ORMSSON.IS

## Varahlutir

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Ræstingar

Tek að mér þrif í heimahúsum, er vön. 1.750 kr. klst. Val um tímafjölda. Uppl. í s. 868 7283.

## Garðyrkja

Garðaumsjón: Vanti þig slátt, úðun eða aðra þjónustu í garðinum er ég tilbúinn uppl: 698 1215 Halldór Garðyrkjumaður.

**Trjáklippingar - garðyrkja - hellulagnir.**
Klippi tré og runna og felli tré, fræsi stubba.
Fljót og góð þjónusta.
Látið fagmann vinna verkin.
Garðaþjónustan Björk
Jóhannes garðyrkjumeistari
s. 846 8643, 899 7679

**HreinirGarðar**
TRAUST OG ÖRUGG GARÐÞJÓNUSTA
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Garðsláttur
- Beðahreinsun ofl.

S.571-2000







Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is







Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

**GARÐAÞJÓNUSTA**
Trjáklippingar og fellingar, pallasmíði, alm garðvinna. Ágúst garðyrkjumeistari s.848 9600

**HELLULAGNIR - LÓÐAGERÐ**
Láttu fagmann vinna verkið, yfir 20 ára reynsla, þekking, ráðgjöf og vönduð vinna. Uppl. 771 3030, Trausti.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Gleymdist framtalið? Fékkstu áætlun? Framtalsgerð - skjót og góð þjónusta. s. 517-3977. framtal@visir.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald







Viðhalds Verk ehf

**Húsaviðgerðir**
Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Allt viðhald fasteigna. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is




**www.smidaland.is**
Nýsmíði - viðhald - gluggar -sólpallar - öll smíði. S. 772 0040.

Ástandskoðun er góð byrjun á verki. S. 694 1385 & www.matfasteigna.is

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069 og 663 5315.

892 1565 - Húseignaþjónustan - Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.)

**N & V Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

Faglærðir Píparar Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Tölvur







Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Gott nudd - good massage. S. 857 0850 & 844 0329.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s: 857 5015.

NUDD NUDD NUDD. Exclusive whole body massage. S.6922126

TANTRA LUXURY,WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN. ANY TIME. 8698602

Gott nudd. Uppl. í s. 616 7919 & 867 3264.

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

## Spádómar




**Spásími 908 6060**
Tarot, miðlun, trúnaður.

Hvað viltu vita um sumarið ?

Aðgát skal höfð í nærveru sálar.
Opið 12-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro

## Önnur þjónusta

**Sjóstöng, Sjóstöng.**
Bjóðum uppá sjóstangveiði frá Reykjavíkurhöfn. Sérferðir ehf S:892-0099.

# KEYPT & SELT

## Til sölu






Átta stóla garðsett til sölu vegna flutnings á kr. 35.000.00 staðgreitt. Einnig til sölu á sama stað antikspegill, antikskápur og antiklampi. Sími 863 2175.

## Þjónusta






## Atvinna

**Wilson's PIZZA**

**Óskum eftir að ráða starfsmenn í eftirfarandi stöður:**

**A Pizzabakara - reynsla skilyrði**

**B Pizzasendil**

Vinsamlegast sendið ferilskrá á **atvinna@wilsons.is** og taka þar fram hvaða starf er sótt um.

GNOÐARVOGI 44 - EDDUFELLI 6 - ÁNANAUSTUM 15

VARMÁRSKÓLI MOSFELLSBÆ

### Störf við Varmárskóla

Varmárskóli auglýsir eftir starfsfólki í tímabundna ráðningu til eins árs:

Kennara í heimilisfræði á unglingastigi 18 kst.

Sérkennara á unglingastigi við Námsver skólans. 100% staða. Góð íslenskukennsla og diplóma í sérkennslu æskileg. Starfsmaður sem er jákvæður, hefur gaman af unglingum og er tilbúinn til að leita nýrra leiða í kennsluháttum myndi vera góð viðbót í okkar frábæra kennarahóp.

Þroskaþjálfa (með yngri nemendum) í 50% stöðu

Upplýsingar veita skólastýrur Þórhildur Elfarsdóttir /thorhildur@varmarskoli.is í síma: 863 3297 og Þóranna Rósa Ólafsdóttir /thoranna@varmarskoli.is í síma 899 8465.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. ágúst 2010.**

Í Varmárskóla fer fram mikið og öflugt þróunarstarf m.a. í stærðfræði og útinámi. Við leitum að konum og körlum, sem hafa ánægju af að vinna með börnum og skemmtilegu og faglegu samstarfsfólki.

Búið er að koma upp útikennslustofu í fögru umhverfi Varmárskóla og íþróttaaðstaða er hin glæsilegasta.




PASSION REYKJAVÍK

Kaffihúsið og bakaríð Passion Reykjvík leitar af fólki til þjónustustarfa. Um er að ræða full störf og hlutastörf. Áhugasamir hringja í Davíð í síma 822-7707.

20 ÁRA Hlölla BÁTAR 1986-2006 REYKJAVÍK

**Hlöllabátar auglysa eftir starfsfólki/ vaktstjórar í 100 % starf og einnig á helgar og kvöldvaktir.**
**Vaktstjórastarfið fellst í að, þjálfa og stjórna starfsfólki , skipuleggja vaktir panta og hafa umsjón með birgðum, sjá um uppgjör, afgreiða þrífa og almenn þjónusta.**

**Umsækjendur þurfa að vera skipulagðir, stundvísir, jákvæðir,**

**Eiga gott með að vinna með fólki á öllum aldri,**

**Æskilegt er að viðkomandi sé 20 ára eða eldri og hafi reynslu af svipuðu starfi.**
**Nánari upplýsingar veitir Helgi í síma 842-2800 Umsóknir sendist á helgi@hlollabatar.is**

SUBWAY

**Næturvinna - Fullt starf**
**Subway Hringbraut N1 auglýsir eftir duglegum starfsmanni með reynslu af þjónustustörfum á næturvaktir. Í starfinu felst afgreiðsla, þrif og skurður á grænmeti. Unnið er sjö nætur í röð á átta tíma vöktum og sjö nætur frí. Íslenskukunnátta er æskileg. Lágmarksaldur er 20 ár. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi bíl til umráða.**
**Nánari upplýsingar veitir Magga í síma 696-7064.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða gegnum subway.is**

Vanur/traustur starfskraftur óskast á bar hér í borg, einnig er leitað að snyrtilegum dyravörðum. Uppl. S. 863 5090. Kvöld og næturv.

Beitningamenn óskast á 15 tonna bát sem rær frá Tálknafirði. S. 861 0381

### Matráður óskast

Leikskólinn 101 sem er sjálfstætt starfandi 2ja deilda ungbarnaleikskóli. Óskar eftir að ráða Matráð í 50% starf frá 15. september. Umsóknum skal skilað á leikskolinn101@simnet.is

Okkur vantar öfluga sölumenn í góð sérverkefni. Mjög góð árangurstengd laun. Hafið samband við Snorra sölustjóra í síma 660 2063 eða sendið póst á snorri@forlagid.is

## Atvinna óskast

GOTT HLUTASTARF ÓSKAST Er 31 árs hásk.stúdína með víðtæka reynslu/ vönduð vinnubrögð-Margt kemur til greina: traustogabyrg@gmail.com

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Til sölu árs gamall frystiskápur m. 4 skúffum. 10þ. & Nýjar eikarhurðir 10þ. stk. S. 895 2602

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Opið þegar þér hentar.**

Samkynhn. KK ath: Sífellt fleiri nota Rauða Torgið Stefnumót til að kynnast nýjum KK. Það er frítt að auglýsa og vitja skilaboða í s. 535-9923.

47 ára stelpustrákur vill kynnast karlmanni með skemmtun í huga. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8697.

Rúmlega fimmtugur karlmaður 182cm/90kg nokkuð myndarlegur, vill kynnast kk með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8924.

Leitar þú ævintýra? Rauða Torgið Stefnumót hefur verið miðstöð íslendinga í ævintýraleit í rúmlega 10 ár. 100% leynd. Þú auglýsir og vitjar skilaboða ókeypis! Konur, s. 555-4321. Karlar: s. 535-9923.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)

**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)

**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)

**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)

**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

## Tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

### Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur

**Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.**

**Selás - Norðlingaholt, göngubrú**
Tillagan gerir ráð fyrir gerð nýrrar mislægrar göngutengingar milli Seláshverfis og Norðlingaholts yfir Breiðholtsbraut sem felst í að gert er ráð fyrir nýrri göngubrú yfir Breiðholtsbraut. Með breytingu þessari verður auðveldara fyrir íbúa hverfanna að ferðast milli hverfa auk þess sem umferðaröryggi eykst til muna með tilkomu göngutengingar á þessum stað. Breyting þessi og framkvæmd hennar er unnin í samráði við Vegagerðina.
Nánar um tillögu vísast til kynningargagna

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 6. ágúst 2010 til og með 17. september 2010**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 17. september 2010. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 6. ágúst 2010
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

**ERTU AÐ FARA Í SUMARFRÍ?**

Þú getur afpantað Fréttablaðið á meðan þú ert að heiman. Hafðu samband í grænt númer 800-1177 eða sendu póst á netfangið dreifing@posthusid.is



**Allt sem þú þarft...**

Póst húsið

Pósthúsið ehf. annast dreifingu Fréttablaðsins, nánari upplýsingar á www.visir.is/dreifing

**Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?**
**Við tökum vel á móti öllum ábendingum.**

FRÉTTABLAÐIÐ

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



# Unnu þrjátíu gull og þrjú silfur

Þrjátíu gull, þar af níu fyrir boðsundsgreinar, þrjú silfur og fjögur brons eru afrakstur sunddeildar Íþróttafélagsins Styrmis á hinu alþjóðlega móti Gaygames í Köln þar sem þúsund keppendur voru í sundgreinum; flugi, bak, bringu og skriði, og svo boðsundsgreinum.

„Þetta er búið að vera frábært. Við vorum að klára og erum að labba heim á hótel,“ sagði Jón Þór Þorleifsson, einn félaganna í sundhópnum þegar í hann náðist í síma síðdegis í gær. „Við erum með ungt og sterkt lið og innan þess er mikil samheldni sem eftir var tekið hér. Við mættum öll saman á morgnana í eins búningum og vorum saman allan daginn að hvetja hvert annað,“ lýsir hann og tekur fram að Styrmir sé fordómalaust félag og ekki sé spurt um kynhneigð, húðlit né trúarbrögð þegar fólk gangi til liðs við það. - gun



**SUNDHÓPURINN MEÐ VERÐLAUNAPENINGANA** Efri röð frá vinstri: Jón Þór Þorleifsson, Andres Watjanart, Baldur Snær Jónsson og Eric Heinen. Neðri röð frá vinstri: Ahd Tamimi, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, Auður Sif Jónsdóttir, Snæfríður Jóhannsdóttir, Bjarni Snæbjörnsson, Jón Örvar Gestsson, Guðmundur Helgi Arnarson, Julio Cesar Leon og Birgir Magnússon.

# Töfrum líkast

Námskeið í stafrænni myndvinnslu verður á Grandhóteli í dag föstudaginn, 6. ágúst frá klukkan 9 til 18. Þar mun sérfræðingurinn Julieanne Kost frá hugbúnaðarfyrirtækinu Adobe svipta hulunni af því nýjasta sem er að gerast í heimi stafrænnar myndvinnslu og fara yfir eiginleika og endurbætur forritanna Lightroom 3 og Photoshop CS5. Einnig verður kennt hvernig best er að fara á milli þessara tveggja öflugu forrita.

Fyrirtækið FocusOnNature heldur námskeiðið og þar er Einar Erlendsson í forsvari. Hann segir fyrirtækið sérhæfa sig í að bjóða upp á kennslu og útbreiðslu stafrænnar ljósmyndunar og ljósmyndavinnslu í hæsta gæðaflokki. „Þetta námskeið í dag verður spennandi og skemmtilegt,“ segir hann. „... og möguleikarnir sem það opnar eru töfrum líkastir.“ - gun



**EINAR ERLENDSSON** „Þetta námskeið verður spennandi og skemmtilegt.“ MYND/GUÐMUNDUR INGÓLFSSON

---



*Við sendum hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýju og vináttu við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ragnars Thorsteinsson.**

Einnig færum við góðu starfsfólki Droplaugarstaða innilegar þakkir fyrir að annast hann vel.

**Geir Thorsteinsson — Helga S. Helgadóttir**
**Pétur Thorsteinsson — Aðalbjörg Anna Stefánsdóttir**
**Hallgrímur Thorsteinsson — Ragnheiður Óskarsdóttir**
**Sigríður Thorsteinsson — Þórhallur Andrésson**
**Ragnheiður Thorsteinsson — Einar Rafnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Okkar ástkæra eiginkona, móðir, dóttir, systir og tengdadóttir,*

**Regina Viktorsdóttir**
leikskólakennari, Hverafold 118,

sem lést 31. júlí verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju mánudaginn 9. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á foreldradeild Blindrafélagsins.

**Ólafur Ólafsson**
**Ólafur Einar Ólafsson**
**Tatjana Lavrenova**
**Vladislav Lavrenov — Ellina Baykova**
**Ólafur E. Ólafsson — Sólveig Grímsdóttir**

---



*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Bogi Ingimarsson**
hæstaréttarlögmaður,
Sigtúni 57, Reykjavík,

andaðist 4. ágúst.

**Sigrún Sigurþórsdóttir**
**Sigurþór Bogason**
**Benedikt Bogason — Úlla Káradóttir**
**og barnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar,*

**Rannveigar Kristinsdóttur.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Skógarbæjar.

**Sigurbjörn Bjarnason**
**Sigríður Erla Bjarnadóttir**

---



*Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðni Hans Bjarnason**
múrari, Miðtúni 20,

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju mánudaginn 9. ágúst kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Umhyggju, félag langveikra barna.

**Sigmar Þór Óttarsson — Helga Konráðsdóttir**
**Guðrún Sóley Guðnadóttir — Helgi Harðarson**
**Garðar Guðnason — Sigríður Sigurðardóttir**
**Friðrik Guðnason — Elísa Sigrún Ragnarsdóttir**
**Ásgeir Ævar Guðnason — Guðbjörg Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur bróðir okkar,*

**Pétur Björgvinsson,**
Hjúkrunarheimilinu Fellsenda,
Dalasýslu,

sem lést 27. júlí verður jarðsunginn frá Neskirkju þriðjudaginn 10. ágúst kl. 13.00.
Fyrir hönd ættingja,

**Anna Dís, Svala, Selma og Margrét Björgvinsdætur.**

---



*Eiginmaður minn,*

**Einar Einarsson**
*vélstjóri, Stuðlaseli 31, 109 Reykjavík,*

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ fimmtudaginn 29. júlí. Útförin fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 9. ágúst kl. 15.

**Margrét Sigurðardóttir**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Garðars Jóhannssonar,**
fyrrv. verkstjóra garðyrkjudeildar Reykjavíkurborgar,
Hrafnistu í Reykjavík,

áður til heimilis að Hjallavegi 10. Sérstakar þakkir til starfsfólks H-2 Hrafnistu í Reykjavík fyrir einstaka umönnun og hlýtt og gott viðmót.

**Hjörvar Garðarsson — Ágústa Rósa Þórisdóttir**
**Jón Sverrir Garðarsson — Erna M. Sveinbjarnardóttir**
**Reynir Garðarsson — Helga Eygló Guðlaugsdóttir**
**Jóhann Baldvin Garðarsson — Guðfinna Óskarsdóttir**
**Guðjón Steinar Garðarsson — Guðlaug S. Kjartansdóttir**
**Vignir Ingi Garðarsson — Sigríður I. Gunnarsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ragnheiður Jóhannesdóttir,**
Álfheimum 44, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 4. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**Haraldur Sigfússon**
**Hreinn Haraldsson — Ólöf Erna Adamsdóttir**
**Hanna Dóra Haraldsdóttir — Bjarni Jón Agnarsson**
**S. Birgir Haraldsson — Hanna Jóhannsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



*Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Aðalheiðar Ólafsdóttur,**
Njálsgötu 110.

Sérstakar þakkir til Karitas líknarþjónustu og starfsfólks líknardeildar Landspítalans fyrir kærleiksríka þjónustu.

**Ólafur I. Jóhannsson — Kristín Gunnarsdóttir**
**Aðalheiður Ólafsdóttir — Tómas Gíslason**
**Sigríður Ólafsdóttir — Þorsteinn Björnsson**
**og langömmubörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



**Hver er þessi Paul Allen?**
– Fréttablaðið fjallar um auðjöfurinn á skútunni í Reykjavíkurhöfn.

**Tæknin er máttug og mislynd**
– stjórnmálamenn og tölvuklúður í gegnum tíðina.

**Þráði að verða spekingur**
– Þórbergur í nýrri bók.

**Úlfaldar og fljótabátar**
– Annars konar ferðamáti.



**Matur og menning**
– Sælkeraferðir á fjarlægum slóðum.




Allt sem þú þarft...


# Undir Beltisstað

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**

Ég er alin upp í götunni Kúrlandi og þegar ég sagði til heimilis sem barn fékk ég alltaf að heyra einhverja skemmtikersknina um leti, notalegheit og afslappelsi. Ég var sjálf mjög lengi að gera tenginguna á milli sagnarinnar að kúra og götunnar minnar þar sem risastórt bílastæðið var afar ákjósanlegt til útileikja og ekkert sérstaklega mikið kúrt, að því er ég vissi. En kannski er þessi bernskureynsla ástæða þess hvað kyndug götunöfn geta skemmt mér konunglega.



**ÁLFKONUHVARF** er uppáhaldsgötuheitið mitt núna og velti Mururima úr sessi fyrir nokkrum árum, enda féll ég næstum í stafi af gleði þegar ég heyrði fyrst talað um dularfulla Álfkonuhvarfið. Dvergakór er enn eitt lífsgleðjandi götuheiti, að ógleymdri Martröð sem ég held alveg örugglega að sé enn þá til einhvers staðar.

**KONU** sem hefur svona lágan skemmtanaþröskuld er auðvitað endalaust skemmt þegar hún ekur um sveitir landsins. Strjúgsstaðir gleðja, sömuleiðis Nípukot og þá má ekki gleyma Kúskerpi í Skagafirði. Sum bæjarnöfn vekja skefjalausa forvitni um uppruna, til dæmis Kræklingahlíð (hvernig komust þeir þangað?) en önnur segja sig alveg sjálf, eins og Samkomugerði I og II sem hljóta að vera miklir gleðibæir og ekki bara einn heldur tveir greinilega nefndir til að laða fólk að.

**SVO** er líka hægt að skemmta sér í bílaleiknum „Safnaðu skrokknum“ þar sem sá vinnur sem kemst næst því að setja saman heilan líkama úr þeim líkamshlutum sem finna má hér og þar um landið. Ýmis bæjarnöfn koma þá að góðum notum, til dæmis Tunga, Hæll, Háls, Enni, Kinn, Hryggur, Botn, Höfði, Öxl og Bringa. Í því samhengi má reyndar benda á að töluverður fjöldi landsmanna býr í botnlanga, nokkrir í túnfæti en færri á útnára.

**ÉG** gleymi því seint þegar ég ók framhjá sveitabænum reisulega Beltisstað í Borgarfirði og flissaði alla leiðina norður að möguleikanum á því að búa undir Beltisstað eða neðan við Beltisstað, milli þess sem ég hristi höfuðið yfir því hvernig fólki hefði nokkru sinni dottið svo furðulegt bæjarnafn í hug. Beltisstaðargrínið lifnaði síðan við í hvert sinn sem ég átti leið um, allt þar til innfæddur Borgfirðingur benti mér á að bærinn héti alls ekki Beltisstaður heldur Beitistaðir og grínið snerist við og varð á minn kostnað. Bæjarnafnið Beltisstaður er því laust ef einhver góðhjartaður nýbóndi vill gleðja vegfarendur, ekki síst mig, á ferðum um þjóðveginn.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÓDÝRT Í SKÓLANN!




## Skólatöskur á frábæru verði




## Mikið úrval af pennaveskjum á góðu verði




Gildir til 12. ágúst eða á meðan birgðir endast.


HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

### > SAMAN Á NÝ

Ashley Judd og Morgan Freeman hafa verið sameinuð á ný, en þau leika saman í myndinni Dolphin Tales. Þau voru áður vinsælt tvíeyki og léku saman í myndunum Kiss The Girls og High Crimes við góðan orðstír.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Sigga Beinteins syngur með Páli Óskari

Á morgun fer fram hið árlega Gay Pride-ball Páls Óskars í tilefni af Hinsegin dögum. Palli hefur haldið ball á Gay Pride frá því að hátíðin hófst 1999 og troðfyllt húsið í hvert einasta sinn. Síðustu ár hafa húsin stækkað með hátíðinni og hefur ballið verið í þónokkurn tíma á Nasa. Þar þeytir Palli skífum ásamt því að syngja öll sín bestu lög og virðist ekkert lát vera á vinsældum ballsins. Palli hefur haft það að hefð að bjóða gestum til að fagna með sér á sviði og í ár kynnir hann stoltur fríðann flokk með sér á sviðið. Það eru ekki minni nöfn en Friðrik Ómar, Haffi Haff, Erpur Eyvindarson og Sigga Beinteins.

Sigga býst við miklu fjöri. „Ég hef ekki tekið þátt í þessum degi áður því að ég er oftast ekki á landinu á þessum tíma. En nú er ég heima og ákvað að vera með þegar Palli hringdi í mig," segir hún spennt fyrir fyrstu hátíðinni sinni. „Ég verð ekki með atriði í göngunni en ætla þó að labba með niður Laugaveginn áður en ég stíg á svið á Arnarhóli," segir Sigga. Um nóttina syngur hún síðan nokkur lög fyrir gesti ballsins ásamt því að hún og Palli taka eitt lag saman.

Húsið er skreytt hátt og lágt og samkvæmt Palla er tónlistin allt frá því að vera nýtt og nýjasta yfir í að stikla á stóru í tónlistarsögu samkynhneigðra í gegnum tíðina.

„Erpur kemur síðan um nóttina og ætlum við að taka saman lagið Viltu Dick? Við tókum það saman um verslunarmannahelgina á Akureyri og það varð allt truflað!" segir Páll Óskar. - ls



**PALLI OG SIGGA** Hefð er fyrir því að gestir mæti með Palla á ballið og í ár ætlar Sigga að koma og gleðja gesti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








**DRAGGKÓNGAR ÍSLANDS 2010** Freðinn og Tvistgeir tóku lagið Mér finnst þú alveg geðveikt fínn gaur.



**DRAGGDROTTNING ÍSLANDS 2010** Dónalega nunnan Mary Fary tók lagið Do-re-mí úr Sound of Music. MYNDIR/BRJÁNN BALDURSSON

# Draggkóngar og -drottningar krýnd í Íslensku Óperunni

**Draggkóngar og -drottning Íslands voru krýnd í Íslensku óperunni í gær. Keppnin var gríðarlega spennandi, en á endanum stóðu Freðinn og Tvistgeir uppi sem sigurvegarar ásamt dónalegri nunnu.**

Draggkeppni Íslands fór fram í gærkvöldi og var það Guðrún Móbus Bernharðs, ásamt kærustu sinni, Valgerði Evu Þorvaldsdóttur, sem fékk titilinn draggkóngur Íslands. Parið skipar dúettinn Freðinn og Tvistgeir og unnu þær með sinni túlkun á lagi Steinda Jr., Mér finnst þú alveg geðveikt fínn gaur.

„Við erum báðir ógeðslega sáttir með titilinn. Dagurinn í dag var alveg fínn þangað til Georg hringdi í mig og titlaði mig sem Kóng Ísland og það fór sæluhrollur um mig. Þetta var æðislegt," segir Guðrún.



**LOUISE DIPAOLI MICHAEL** Keppendur voru allir glæsilegir.

Guðrún segist hafa verið búin að mana sjálfa sig í nokkur ár upp í að taka þátt en fannst alltaf vanta eitthvað upp á þangað til Valgerður slóst í för með henni og fullkomnaði atriðið.

Magnús Jónsson var titlaður draggdrottning Íslands í annað skipti. Karakterinn hans er dónalega nunnan Mary Fary og tók hún lagið Do-re-mí úr Sound of Music. „Þetta kom mér mjög á óvart. Ég tók ákvörðun á síðustu stundu og bjóst engan veginn við þessu," segir Magnús ánægður með titilinn.

Hefðin er sú að draggkóngur og -drottning Íslands keyri saman niður Laugaveginn í Gay Pride-göngunni í bíl Ómars Ragnarssonar. Magnús þarf þó að velja á milli atriða í göngunni þar sem hann er eigandi Herra hinsegin á Íslandi og ætlaði að ganga með nýkrýndum Herra hinsegin. „Ég vel þó draggkónginn og keyri með bílnum niður Laugaveginn," segir Magnús að lokum.

linda@frettabladid.is






# Beckham og Ramsay opna bar

David Beckham hyggst fara út í barrekstur á næstunni og skoðar nú að opna barinn The Queen Vic í Los Angeles. Barinn á að vera í breskum stíl og nafnið er vísun í eiginkonu Beckams, hina snoppufríðu Victoriu.

Beckham er ekki einn á ferð því sjónvarpskokkurinn sturlaði Gordon Ramsay er með í ráðum. Honum hefur reyndar gengið illa undanfarið og margir af veitingastöðum hans hafa farið á hausinn. Þá er skemmst að minnast þess að hann þurfti að selja sportbíl úr safni sínu til að geta sett hlutafé inn í fyrirtækið sitt.

Óvíst er hvenær hugmyndin verður að veruleika, en íbúar Hollywood bíða væntanlega spenntir eftir volgum lager frá Beckham.



**OPNAR BAR** David Beckham hyggst opna bar ásamt Gordon Ramsay í Hollywood.

# Barrymore hatar símakynlíf



Drew Barrymore hefur greint frá því að hún sé enginn aðdáandi fjarsambands og ástæðan sé sú að hún hati kynferðisleg símtöl.

„Æj, ég hef alveg átt vel heppnað kynlíf í gegnum síma, það getur alveg gengið upp. En mér finnst það svo helvíti skrítið – það er eiginlega sjúklega skrítið,“ sagði leikkonan í viðtali í Marie Claire.

Barrymore viðurkennir þó að hafa tekið þátt í vel heppnuðu kynlífi í gegnum síma hér áður fyrr, en kjósi samt að eiga í hefðbundnum samskiptum við elskhuga sína. „Ég reyndi það alveg, og það gekk upp, en það er bara af því að þú þarft að prufa það einu sinni. Svona líkt og að ganga í appelsínugulum lit. Ég held þetta sé samt ekki eitthvað sem ég gæti stundað,“ útskýrir Barrymore.

„Það sem gerir mig ánægða núna er eitthvað mjög áþreifanlegt og það er fólkið sem ég virkilega veit að mér þykir vænt um og fæ þessa hamingju frá. Það er ættbálkurinn minn.“

Leikkonan átti hér áður fyrr í ástarsambandi við Frabrizio Moretti, trommuleikara The Strokes, ásamt því að hafa verið gift leikaranum Tom Green. Upp á síðkastið hefur hún þó verið í haltu mér-slepptu mér-sambandi við meðleikara sinn í He´s Just Not That Into You, Justin Long.

**LÍKAR ILLA VIÐ KYNFERÐISLEG SÍMTÖL** Leikkonan vill frekar hina hefðbundnu leið í samskiptum við elskhuga sína.



**PERRY** Segist þjáð af þráhyggju og brjálast yfir smáatriðum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Með áráttu

**Poppstjarnan Katy Perry segist þjást af áráttu- og þráhyggjuröskunum. Perry, sem mun brátt ganga í það heilaga með leikaranum Russell Brand, viðurkennir að hún eigi það til að láta ofurlítil vandamál pirra sig.**

**Vandamálið færist í aukana þegar hún er stressuð og er á tónleikaferðalagi. Söngkonan segist hafa fengið brjálæðiskast yfir því einu að finna kattarhár á kjólnum sínum eða fingraför á sólgleraugunum.**



**JACKSON** Býlið hans Jackson fæst keypt fyrir rúma 3 milljarða íslenskra króna.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Neverland komið á sölu

Neverland býli hins sáluga konungs poppsins Michaels Jackson er komið á sölu og ekki lítill verðmiði á húsinu sem er metið á rúma 3 milljarða íslenskra króna. Humyndir voru uppi um að búa til safn um Jackson, sem lést 25. júní 2009, sem væri opið almenningi en engin leyfi fengust fyrir safninu og húsið því komið á sölu. Í húsinu eru sjö svefnherbergi og 13 baðherbergi. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hver mun festa kaup á herragarðinum.



**MARKY MARK** Mark Wahlberg myndi rappa með sykursnúðinum Justin Bieber.

# Myndi rappa með Bieber

**Leikarinn Mark Wahlberg var nýlega spurður hvort einhver tónlistarmaður gæti fengið hann til að rappa á ný. Wahlberg var sem kunnugt er fyrst þekktur sem rappari hljómsveitarinnar New Kids on the Block og kallaði sig þá Marky Mark.**

**„Aðeins ef Justin Bieber biður mig,“ svaraði Wahlberg um hæl. „Og bara vegna þess að dóttir mín elskar hann.“**



# Nafn komið á nýju plötuna

Hljómsveitin Kings of Leon hefur tilkynnt nafnið á væntanlegri plötu og hvenær hún kemur út.

Platan heitir Come Arond Sundown og kemur út 18. október í Bretlandi og víða í Evrópu og 19. október í Bandaríkjunum. Platan var tekin upp í Avatar-hljóðverinu í New York og upptökustjórarnir Angelo Petraglia og Jacquire King stýrðu upptökum.

Platan fylgir eftir hinni feykivinsælu Only by the Night sem kom út árið 2008 og gerði Kings of Leon að einni þekktustu hljómsveit heims. Lagið Sex on Fire stækkaði aðdáendahópinn svo um munaði. Lagið var flutt ítrekað á B5 í Reykjavík, en Kings of Leon hafði áður aðeins heyrst á stöðum eins og Ellefunni og Dillon.

Hljómsveitin hefur undanfarið spilað fjögur ný lög á tónleikum og gefið aðdáendum sínum forsmekk af plötunni væntanlegu. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá þá hefðu drengirnir viljað spila fleiri en útgáfufyrirtækið hefur ekki gefið grænt ljós á það.



**NÝ PLATA** Kings of Leon sendir frá sér nýja plötu í haust.

# Naomi Campell vitnar gegn stríðsherra í Haag

**Naomi Campbell var í óvenjulegum aðstæðum í gær þegar hún sat í dómsal Stríðsdómstólsins í Haag. Fyrirsætan þurfti að bera vitni gegn meinta stríðsherranum og demantakónginum Charles Taylor en hún á að hafa fengið blóðdemanta að gjöf frá Taylor árið 1997.**

Charles Taylor er ásakaður um stríðsglæpi og mannréttindabrot í Síerra Leóne á tímabilinu 1997-2001 og á að hafa fjármagnað stríðsrekstur sinn með svokölluðum blóðdemöntum. Fyrirsætan bar vitni gegn vilja sínum, en hún á að hafa fengið poka fullan af þessum demöntum að gjöf frá Taylor í velgjörðarkvöldverði hjá Nelson Mandela í Suður-Afríku árið 1997. Þessi gjöf Taylors til Campbell er talin vera sönnun þess að hann sé flæktur í ólöglegu demantastarfsemina í Síerra Leóne.

Naomi Campbell var stressuð að sögn viðstaddra er hún mætti í vitnastúkuna en hún var mjög mótfallin því að blandast inn í málið. Hefur hún látið hafa eftir sér í fjölmiðlum að hún sé hrædd um öryggi sitt og fjölskyldu sinnar í kjölfar vitnaleiðslunnar. Taylor var viðstaddur í dómsalnum.

Campbell lét strax í ljós andúð sína á verunni í dómsalnum og sagði við dómarann að hún vildi bara drífa þetta af. Dómarinn mun hafa svarað með kaldhæðni þar sem hún þakkaði Campbell kærlega fyrir að hafa getað fundið sér tíma í annasömu prógramminu til að heiðra þau með nærveru sinni.

Fyrirsætan fór yfir alla söguna bak við gjöfina sem hún á að hafa tekið á móti á hótelherbergi sínu eftir velgjörðarkvöldverðinn. Charles Taylor var meðal gesta í boðinu en Campbell þvertekur fyrir að hafa átt einhver samskipti við hann í boðinu. Segist hún hafa fengið pokann með demöntunum frá starfsmanni hótelsins en að hún hafi ekki kíkt í pokann fyrr en daginn eftir. „Það sem blasti við mér þegar ég opnaði pokann voru pínulitlir skítugir steinar. Mér datt ekki í huga að þetta væru demantar,“ sagði Campbell við viðstadda í dómsalnum en það var ekki fyrr en hún sýndi vinkonu sinni, leikkonunni Miu Farrow, pokann og innihaldið daginn eftir, að hún uppgötvaði hvers kyns var. „Farrow skildi strax að þetta var gjöf frá Taylor og hvatti mig því til að skila pokanum þegar í stað og ég lét því vin minn, Jeremy Radcliffe, hafa pokann,“ sagði Campbell en Farrow var ein af þeim sem lét ákærendur í málinu vita af gjöfinni til Campbell. Charles Taylor neitar öllu en réttarhöldunum yfir honum í Haag er ekki lokið.

alfrun@frettabladid.is



**BAR VITNI** Ofurfyrirsætan Naomi Campbell var ekki sátt við að þurfa að bera vitni í gær en þurfti að útskýra hvernig hún fékk blóðdemanta að gjöf frá Taylor. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**STRÍÐSHERRA** Charles Taylor er ásakaður um stríðsglæpi og mannréttindabrot í Síerra Leóne. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

### HVAÐ ERU BLÓÐDEMANTAR?

Blóðdemantar eru óskóp venjulegir demantar sem finnast í námum í þeim ríkjum Afríku þar sem stríð geisa. Demantarnir eru fundnir af þrælum og seldir til skartgripasala um allan heim fyrir háar upphæðir. Ágóðinn af demantasölunni er talinn renna beint til stríðsrekstursins í viðkomandi ríki. Þannig að kaupendur demantanna eru beint eða óbeint að styðja stríð. Mikil herferð er í gangi gegn þessum demöntum og eru skartgripasalar oft beðnir um að láta upprunavottorð fylgja demöntunum sem þeir hafa til sölu.

Kvikmyndin Blood Diamond með þeim Leonardo DiCaprio og Jennifer Connelly í aðalhlutverkum fjallar einmitt um borgarastríðið í Síerra Leóne árið 1999 og ferli blóðdemantasölunnar.

Heimild: Vísindavefurinn

# Lily Allen ólétt

Söngkonan og vandræðagemlingurinn Lily Allen á von á barni. Allen sagði fjölskyldu og vinum góðu fréttirnar um síðustu helgi og breska dagblaðið The Sun birti forsíðufrétt um málið í gær.

„Ég þarf ekki að taka fram að við erum í sjöunda himni,“ sagði Lily í tilefni dagsins. Kærastinn og tilvonandi faðirinn heitir Sam Cooper og er listmálari frá London. Allen og Cooper byrjuðu saman fyrir ári síðan, en Allen hafði verið tíður gestur á síðum slúðurblaðanna fyrir uppátæki sín áður en þau kynntust.

Í dag berast ekki fréttir af drykkjuskap dömunnar heldur af barneignum og að hún ætli að draga sig út úr tónlistarheiminum til að huga að viðskiptaveldinu. Hún syngur ekki mikið í hljóðnema þessa dagana heldur eyðir dögunum við skrifborð.



**ÓLÉTT** Lily Allen er alsæl þessa dagana, enda á hún von á sínu fyrsta barni.


SAMBÍÓIN













SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SORCERER´S APPRENTICE | kl. 1- 3:20 -5:40 -8 -10:20 | 7 |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| INCEPTION | kl. 4 - 7 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 | VIP |
| SHREK 3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK ísl. Tali Sýnd á morgun | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER M/ ensku Tali | kl. 10:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. Tali | kl. 1:30 - 1:50 - 3:40 -5:50 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| PREDATORS | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SHREK ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SORCERER´S APPRENTICE | 3:20 - 5:40 -8 -10:30 - 11 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| SHREK FOREVER AFTER 3D M/ ensku Tali | kl. 5:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:20 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 5:40 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE SORCERER'S APPRENTICE | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA 3D ísl tal | kl. 6 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl tal | kl. 6 | L |
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!
















SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 4 - 6 (650 kr.) | L |
| KARATE KID | kl. 5.10 - 8 - 10.50 | L |
| KARATE KID LÚXUS | kl. 5.10 - 8 - 10.50 | L |
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SHREK 4 3D 3D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 6 (650 kr.) | L |
| THE KARATE KID | kl. 6.30 - 8 - 9.30 | L |
| BABIES | kl. 6 - 8 | L |
| PREDATORS | kl. 10 | 16 |
| | | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 5.30 (650 kr.) | L |
| THE KARATE KID | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| PREDATORS | kl. 10 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus















LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 22 BULLETS | 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | 4 - ISLENSKT TAL | L |
| THE KARATE KID | 5 og 8 | L |
| SHREK 4 SÆLL ALLA DAGA 3D | 4 og 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| KNIGHT AND DAY | 8 og 10.15 | 12 |




3D sjónvörp
alla helgina
í Sony Center



Sony Center
Kringlunni - Reykjavík - S: 5887669 - www.sonycenter.is

## > Hrafn þjálfar báða meistaraflokka KR

KR-ingar hafa loksins fundið sér þjálfara fyrir karlaliðið sitt í körfuboltanum. Hrafn Kristjánsson mun þjálfa báða meistaraflokka KR en hann hafði áður ráðið sig á kvennaliðið. „Það er bara þannig að ef manni er boðið þetta starf en hafnar því þá er ekkert víst að manni yrði boðið þetta aftur. Þetta er eitt af þeim störfum sem maður stefnir á þegar maður byrjar að mennta sig og tekur þá ákvörðun að verða atvinnuþjálfari,“ segir Hrafn. „Ég treysti mér alveg í þetta því ég er með gott fólk á bak við mig. Ég verð að nýta mér daginn vel því þetta þýðir það jafnframt að ég er ekki í eiginlegri dagvinnu. Það verða einstaklingsæfingar og „sideline organizer“ á daginn,“ sagði Hrafn.



sport

sport@fretta

ÓLAFUR ÞÓRÐARSON: ÞJÁLFARI FYLKIS AFAR ÓSÁTTUR EFTIR TAP FYRIR KEFLAVÍK Á HEIMAVELLI

# *Fyrst og fremst algjör aulaskapur leikmanna*

Ólafur Þórðarson sendi leikmönnum sínum í Fylki tóninn eftir 2-1 tap liðsins fyrir Keflavík á heimavelli í gær. Fylkir komst yfir í fyrri hálfleik en Keflavík tryggði sér sigurinn með tveimur mörkum seint í leiknum.
„Enn einu sinni í sumar geta leikmenn ekki haldið haus í 90 mínútur og það er bara að kosta okkur of mikið,“ sagði Ólafur eftir leikinn. „Þetta er bara einbeitingarskortur og ekkert annað. Það vantar meiri metnað í þessa drengi og þeir verða að velta því fyrir sér af hverju þeir eru yfir höfuð í fótbolta. Við fengum nóg af færum í leiknum og það er alveg ótrúlegt að menn geti ekki einbeitt sér á svona stundum eins og þegar við vorum að klikka í dag.“
Fylkismenn voru sterkari aðilinn í fyrri hálfleik en Keflvíkingar tóku öll völd á leiknum í þeim síðari. Hins vegar virtist ekkert ganga hjá þeim að skapa sér færi og Fylkismenn beittu stórhættulegum skyndisóknum inn á milli. Þrívegis þurftu Keflvíkingar að bjarga á línu í leiknum. Vendipunktur leiksins var þegar að Jóhannes Valgeirsson dæmdi umdeilda vítaspyrnu í vítateig heimamanna sem Guðmundur Steinarsson skoraði úr. Þórir Hannesson, sem hafði átt fínan leik fyrir Fylki, fékk sitt annað gula spjald fyrir brotið og þar með rautt. Stuttu síðar lagði Guðmundur upp sigurmark Keflvíkinga sem Jóhann Birnir Guðmundsson skoraði á laglegan máta. Keflvíkingar fögnuðu þar með sínum fyrsta sigri síðan í lok júní.



„Við þurftum að hafa trú á verkefninu og við ræddum um það í hálfleiknum. Fylkismenn voru reyndar alltaf líklegir en stundum þarf svona lagað að falla með manni. Þetta hefur verið svolítið stöngin út hjá okkur að undanförnu og ég hélt að þetta ætlaði ekki að detta í dag. En sem betur fer gerðist það,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflavíkur. Hann segir sína menn ekki hafa sagt sitt síðasta í toppbaráttu deildarinnar. „Við ætlum okkur að vera í toppbaráttunni og erum enn í þeim pakka. Mér er létt eftir þennan sigur en fyrst og fremst svo ánægður með að leikmenn misstu ekki hausinn hér í dag.“

**Fylkir 1-2 Keflavík**

Fylkisvöllur, áhorf.: 856 — Jóhannes Valgeirsson (5)

*1-0 Albert Brynjar Ingason, víti (21.)*
*1-1 Guðmundur Steinarsson, víti (82.)*
*1-2 Jóhann Birnir Guðmundsson (86.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–11 (5–5) |
| Varin skot | Fjalar 3 – Ómar 1 |
| Horn | 4–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–15 |
| Rangstöður | x–x |

| **FYLKIR** 4–3–3 | | **KEFLAV.** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar Þorgeirsson | 6 | Ómar Jóhannsson | 5 |
| Andri Þór Jónsson | 6 | (21., Lasse Jörgens. | 6) |
| (51., Ásgeir Örn Arnþ. | 6) | Guðjón Árni Anton. | 6 |
| Þórir Hannesson | 6 | (34., Paul McShane | 6) |
| Valur Fannar Gíslas. | 5 | Bjarni Hólm Aðalst. | 5 |
| Tómas Þorsteinsson | 5 | Haraldur Freyr Guð. | 6 |
| Kristján Valdimarss. | 5 | Alen Sutej | 6 |
| (82. Davíð Ásbjörnss. | -) | Hólmar Örn Rúnars. | 6 |
| Ásgeir Börkur Ásg. | 6 | Einar Orri Einarsson | 5 |
| Andrés Már Jóhann. | 7 | Jóhann Birnir Guðm. | 6 |
| Ingimundur Níels | 4 | ***Guðmundur Stein.** | **7** |
| (73. Jóhann Þórh. | -) | Magnús Sverrir Þorst. | 4 |
| Pape Mamadou Faye | 4 | Magnús Þórir Matth. | 5 |
| Albert Brynjar Ingas. | 6 | (90. Hörður Sveinss. | -) |

**Maður leiksins*

## PEPSI-DEILDIN

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Breiðablik** | **14** | **9** | **2** | **3** | **34-16** | **29** |
| ÍBV | 14 | 9 | 2 | 3 | 23-13 | 29 |
| **FH** | **14** | **7** | **4** | **3** | **27-20** | **25** |
| Keflavík | 14 | 6 | 5 | 3 | 15-15 | 23 |
| **Fram** | **14** | **5** | **5** | **4** | **21-21** | **20** |
| KR | 13 | 5 | 4 | 4 | 23-19 | 19 |
| **Valur** | **14** | **4** | **6** | **4** | **21-26** | **18** |
| Stjarnan | 14 | 4 | 5 | 5 | 24-24 | 17 |
| **Fylkir** | **13** | **4** | **3** | **6** | **25-26** | **15** |
| Grindavík | 14 | 3 | 3 | 8 | 16-23 | 12 |
| **Selfoss** | **14** | **3** | **2** | **9** | **18-31** | **11** |
| Haukar | 14 | 0 | 7 | 7 | 18-31 | 7 |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **ÍBV - Haukar** | **sunnudag kl. 16.00** |
| Fram - Fylkir | sunnudag kl. 19.15 |
| **Valur - Grindavík** | **sunnudag kl. 19.15** |
| FH - Breiðablik | sunnudag kl. 19.15 |
| **Stjarnan - Selfoss** | **sunnudag kl. 19.15** |
| Keflavík - KR | sunnudag kl. 19.15 |

# Selfoss krækti í líflínu á Hlíðarenda

**Selfyssingar unnu mikilvægan sigur á Haukum í botnslag deildarinnar í gær, 3-2. Bæði lið voru mætt til að sækja en varnarturninn Agnar Bragi Magnússon skoraði sigurmarkið.**

**FÓTBOLTI** „Þegar þú ert hátt í þrjá metra þá verðurðu að skora eftir föst leikatriði af og til. Ég er búinn að panta það í nokkrum leikjum hjá honum í sumar og það var sætt að sjá hann skora í kvöld,“ sagði Guðmundur Benediktsson, þjálfari Selfyssinga, eftir sigurinn gegn Haukum.

Miðvörðurinn Agnar Bragi Magnússon skoraði sigurmarkið stundarfjórðungi fyrir leikslok þegar hann skóflaði boltanum upp í þaknetið eftir hornspyrnu. Varamaðurinn Guessan Bi Herve fékk sitt annað gula spjald og þar með rautt þegar um tíu mínútur voru eftir en Haukar náðu ekki að nýta sér liðsmuninn.

Leikurinn var frábær skemmtun fyrir áhorfendur nema kannski þá sem unna öflugum varnarleik. „Mér fannst bæði lið fara í þennan leik með það í huga að reyna að vinna hann og það skilaði sér í frábærri skemmtun fyrir áhorfendur. Ég er gríðarlega ánægður og sofna vel á koddanum í kvöld,“ sagði Guðmundur.

„Það er óhætt að segja að þetta hafi verið kærkomið. Það er ekki hægt að kvarta yfir því að skora þrjú mörk og sækja þrjú stig. Þetta var mjög mikilvægur sigur eins og reyndar allir sigrar í þessari deild eru. Við vorum að vinna sigur á öðrum af aðalkeppinautum okkar í þessari deild, við erum í þriggja liða keppni gegn Haukum og Grindavík.“

Haukar byrjuðu leikinn mun betur og fengu dauðafæri áður en Spánverjinn Alexandre Garcia opnaði markareikning sinn fyrir liðið með laglegu marki. Selfyssingar náðu að jafna eftir horn en það var fyrsta skot liðsins á mark í leiknum. Við þetta hrukku þeir í gírinn.

„Við vorum þunglyndir í upphafi leiks sem er kannski skiljanlegt því gengið hefur verið þannig. Þetta leggst auðvitað á hausinn á mönnum og ósjálfrátt fara menn að efast um sjálfa sig. Það getur verið þungt og erfitt en ég er gríðarlega ánægður með hvernig menn brugðust við eftir að hafa lent undir,“ sagði Guðmundur.



**MIKILVÆGT SIGURMARK** Agnar Bragi Magnússon tryggði Selfoss 3-2 sigur á Haukum á Vodafonevellinum í gær en þetta mark hans gæti skipt öllu fyrir liðið í harðri fallbaráttu sem er fram undan. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við sýndum mikinn karakter í kvöld að setja hér þrjú mörk og halda þetta svo út einum færri í lokin. Það sást í hverju andliti að menn voru tilbúnir að leggja allt á sig til að ná í þrjú stig.“

Sigurinn hefði getað lent hvorum megin sem var í þessum botnslag en Selfyssingar fögnuðu af ótrúlegri innlifun í lokin enda er þessi sigur svo sannarlega líflína fyrir þá. Haukar eru hins vegar límdir við botninn, hafa ekki unnið leik og eftir úrslitin í gær er maður farinn að efast um að sigurleikurinn komi í sumar.

„Þetta var mjög sárt,“ sagði Guðjón Lýðsson, besti leikmaður Hauka í gær. „Mér fannst við alls ekkert lélegri í þessum leik en fáum á okkur tvö mörk úr hornspyrnum. Við yfirspiluðum þá á löngum köflum en menn verða að halda einbeitingu til að klára svona leiki. Þetta hlýtur að fara að koma, menn hljóta að ná einum leik án þess að gera mistök.“

Guðjón er ekki búinn að leggja árar í bát. „Við þurfum að vinna næstu leiki ef við ætlum ekki að falla, það er ekki flókið.“

**elvargeir@frettabladid.is**

**HAUKAR 2-3 SELFOSS**

*1-0 Alexandre Garcia Canedo (21.)*
*1-1 Stefán Ragnar (25.), 1-2 Guessan Bi Herve (29.), 2-2 Guðjón (65.), 2-3 Agnar Bragi (75.)*

Vodafone-völlurinn, áhorf.: 983
Dómari: Magnús Þórisson (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 16–11 (7–8) |
| Varin skot | Daði 5 – Jóhann 5 |
| Horn | 9–10 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–9 |
| Rangstöður | 6–2 |

**Haukar 4–4–2** Daði Lárusson 6 - Ásgeir Þór Ingólfsson 5, Kristján Björnsson 5, Þórhallur Dan Jóhannsson 3, Hilmar Rafn Emilsson 3 - Hilmar Geir Eiðsson 5, Jamie McCunnie 5, Guðjón Lýðsson 7, Magnús Björgvinsson 4 (77., Garðar Geirsson -) - Arnar Gunnlaugsson 5 (46.. Daníel Einarsson 6), Alexandro Garcia 6

**Selfoss 4–5–1** Jóhann Ólafur Sigurðsson 6 - Martin Dohlsten 5, Stefán Ragnar Guðlaugsson 6, ***Agnar Bragi Magnússon 7**, Andri Freyr Björnsson 4 - Gunnar Borgþórsson 4, Jean Stephane Yao Yao 7, Arilíus Marteinsson 6 (84., Ingi Rafn -), Sævar Þór Gíslason - (15. Guessan Bi Herve 7), Jón Daði Böðvarsson 6 - Viktor Unnar Illugason 6 (77. Viðar Örn Kjartanss. -)





Tölvutek • Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is

**Panasonic**
ideas for life



## Kynnum nýja Panasonic þvottavél með 3D Sensor þvottatækni



Með 3D Sensor þvottatækni og 10° halla á tromlu skynjar vélin hvernig þvotturinn hreyfist og stillir mismunandi hraða og snúning til að skila hreinni og betri þvotti ásamt minni vatnsnotkun.

**Panasonic NA147VB2**
- 1400 snúningar / 7 Kg
- Stór LED skjár
- Tromla og belgur úr ryðfríu stáli

INVERTER

Inverter tæknin og kolalaus mótor gera vélina mjög hljóðláta og tryggja betri orkunotkun. Í boði eru 16 mismunandi þvottakerfi þar af 15 mínútna hraðkerfi.



**KYNNINGARTILBOÐ**
**AÐEINS KR. 129.990**

EVERYTHING MATTERS.

eco ideas

energy saving recommended

aquaprotection system

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

| | | |
|---|---|---|
| Grindavík | 3-0 | Fram |

Grindavíkurvöllur, áhorf.: 773 Valgeir Valgeirsson (7)

*1-0 Giles Mbang Ondo (18.)*
*2-0 Hafþór Ægir Vilhjálmsson (20.)*
*3-0 Giles Mbang Ondo (90.+2)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–6 (6–1) |
| Varin skot | Óskar 1 – Hannes 3 |
| Horn | 5–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–15 |
| Rangstöður | 4–1 |

| **GRINDAV.** 4–4–2 | | **FRAM** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Óskar Pétursson | 5 | Hannes Þór Halld. | 5 |
| Loic Mbang Ondo | 6 | Kristinn Ingi Halld. | 6 |
| Auðunn Helgason | 7 | (78. Tómas Leifsson | -) |
| Ólafur Örn Bjarnas. | 6 | Hlynur Atli Magnúss. | 6 |
| Jósef Kristinn Jósefs. | 6 | Jón Orri Ólafsson | 4 |
| Scott Ramsay | 6 | Daði Guðmundsson | 4 |
| Jóhann Helgason | 5 | Halldór Hermann | 6 |
| Orri Freyr Hjaltalín | 7 | Jón Gunnar Eyst. | 5 |
| Hafþór Ægir Vilhjá. | 6 | Almarr Ormarsson | 4 |
| (74. Óli Baldur Bjar. | -) | Ívar Björnsson | 4 |
| ***Gilles Mbang Ondo** | **7** | Guðmundur Magn. | 4 |
| Grétar Ólafur Hjart. | 6 | (72. Alexander Veigar | -) |
| (63. Ray Anthony | 5) | Joseph Edward Tillen | 4 |

**Maður leiksins*

| | | |
|---|---|---|
| KR | 3-1 | Stjarnan |

KR-völlur, áhorf.: 1455 Guðmundur Ársæll Guðm. (6)

*0-1 Þorvaldur Árnason (13.)*
*1-1 Kjartan Henry Finnbogason (33.)*
*2-1 Björgólfur Takefusa (59.)*
*3-1 Guðmundur Reynir Gunn. (80.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 19–8 (8–2) |
| Varin skot | Lars 1 – Bjarni 6 |
| Horn | 8–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 7–8 |
| Rangstöður | 4–1 |

| **KR** 4–4–2 | | **STJARNAN** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Lars Ivar Moldskred | 7 | Bjarni Þórður Halld. | 7 |
| Guðmundur Reynir | 6 | Bjarki Páll Eysteinss. | 6 |
| Grétar Sigfinnur Sig. | 7 | Tryggvi Bjarnason | 5 |
| Mark Rutgers | 5 | Daníel Laxdal | 6 |
| Skúli Jón Friðgeirss. | 6 | Jóhann Laxdal | 5 |
| Óskar Örn Hauksson | 6 | Dennis Danry | 4 |
| (77., Viktor Bjarki | -) | (77., Ólafur Karl | -) |
| ***Bjarni Guðjónsson** | **8** | Björn Pálsson | 5 |
| Baldur Sigurðsson | 7 | Atli Jóhannsson | 5 |
| Kjartan Henry Finnb. | 7 | Þorvaldur Árnason | 6 |
| Björgólfur Takefusa | 7 | Víðir Þorvarðarson | 5 |
| (77., Jordao Diogo | -) | (80., Arnar Már Björ. | -) |
| Guðjón Baldvinsson | 6 | Ellert Hreinsson | 4 |

**Maður leiksins*

Evrópudeildin í fótbolta:

# Liverpool vann

**FÓTBOLTI** Liverpool komst áfram í forkeppni Evrópudeildarinnar í gær eftir 2-0 sigur á makedóníska liðinu Rabotnicki á Anfield. Liverpool vann 4-0 samanlagt.

David Ngog skoraði bæði mörkin í fyrri leiknum og kom Liverpool í 1-0 þegar hann skallaði inn frábæra sendingu frá Joe Cole á 22. mínútu. Ngog átti einnig þátt í seinna markinu þegar hann fiskaði vítaspyrnu sem Steven Gerrard nýtti á 40. mínútu. **-óój**

Blikastúlkur byrjuðu forkeppni Meistaradeildarinnar á 8-1 stórsigri á eistneska liðinu Levadia Tallin í gær:

# Harpa með þrennu í fyrsta Evrópuleiknum

**FÓTBOLTI** Blikastúlkur byrjuðu Evrópukeppnina vel með sannfærandi 8-1 sigri á eistneska liðinu Levadia Tallin í gærkvöldi. Riðill Blikaliðsins í forkeppni Meistaradeildarinnar fer allur fram í Kópavogi og liðið á eftir að spila við franska liðið Juvisy Essonne og rúmenska liðið Targu Mures. Juvisy vann 5-1 sigur í leik þeirra liða í gær.

Leikurinn var einstefna Blikastúlkna frá upphafi en þeim gekk illa að nýta sér yfirburðina og ná inn fyrsta markinu.

Fyrsta markið kom á 25. mínútu og á endanum urðu þau alls átta. Sandra Sif Magnúsdóttir braut ísinn með marki úr aukaspyrnu og lagði síðan upp annað markið fyrir Gretu Mjöll Samúelsdóttur. Sara Björk Gunnarsdóttir og Jóna Kristín Hauksdóttir komu Blikum í 4-0 fyrir hálfleik og í seinni hálfleik bætti Jóna við öðru marki sínu auk þess sem Harpa Þorsteinsdóttir skoraði þrennu.

„Þetta var svo sannarlega góð byrjun. Það er búinn að vera fiðringur í manni fyrir Evrópukeppninni nánast allt þetta ár eða síðan að við komumst þangað. Það sást svolítið á fyrstu mínútunum að við vorum allar yfirspenntar og stressaðar. Þegar þetta kom þá var ekki aftur snúið,“ sagði Harpa Þorsteinsdóttir eftir leikinn.

„Við áttum að vera betri og vissum það en það var ánægjulegt að klára þetta svona,“ segir Harpa en hún var að leika sinn fyrsta Evrópuleik og þurfti að bíða aðeins eftir fyrsta marki sínu í leiknum. . „Það er ekki hægt að kvarta yfir því að skora þrennu í fyrsta leik í Evrópukeppni,“ sagði Harpa brosandi. Næsti leikur Blika er á móti rúmenska liðinu Targu Mures á laugardaginn. **- óój**



**FRÁBÆRT MARK** Sara Björk Gunnarsdóttir fagnar hér flottasta markinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# FH mætt í meistarabaráttuna

**FH-ingar blönduðu sér virkilega aftur í toppbaráttuna með því að vinna 3-1 sigur á ÍBV á Hásteinsvellinum í Vestmannaeyjum í gær. FH er nú aðeins fjórum stigum á eftir toppliðum Breiðabliks og ÍBV.**

**FÓTBOLTI** FH-ingar eru komnir á ný inn í baráttuna um Íslandsmeistaratitilinn eftir 3-1 sigur á Eyjamönnum í gær. FH-ingar komust í 2-0 í fyrri hálfleik og unnu að lokum öruggan sigur.

„Ég er sáttur við leikinn fyrir utan fyrsta korterið þegar þeir settu mikla pressu á okkur og voru að senda boltann bakvið vörnina hjá okkur en eftir það fannst mér við spila virkilega vel og óðum í færum og úrlitin sanngjörn,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH og bætti við: „Ef við hefðum tapað þessum leik þá hefði þetta verið erfitt, 10 stigum á eftir ÍBV og 8 umferðir eftir. Þá hefðum við þurft að treysta á aðra og það væri einfaldlega of mikill munur,“ sagði Heimir.

Eyjamenn mættu grimmari til leiks og voru að skapa sér nokkur hættuleg færi á fyrsta korteri leiksins. Tryggvi Guðmundsson fékk þar besta færið þegar hann tók við sendingu frá Þórarni Inga en Tryggvi skaut boltanum framhjá markinu af stuttu færi.

FH-ingarnir vöknuðu þó fljótt og náðu að koma sér vel inní leikinn og það skilaði sér á 26. mínútu þegar Atli Guðnason komst með boltann upp vinstri kantinn, átti gott skot sem Albert Sævarsson í marki Eyjamanna sá seint en varði boltann beint út í teig þar sem Freyr Bjarnason átti ekki í nokkrum erfiðleikum með að leggja boltann í netið.

Bjarki Gunnlaugsson meiddist á 21. mínútu en inná í hans stað kom Gunnar Már Guðmundsson sem átti stórleik á miðjunni. Gunnar Már skoraði á 42. mínútu þegar hann tók boltann vel utan teigs og hamraði honum upp í hægra hornið, stórkostlegt mark.

Tryggvi Guðmundsson, gamli FH-ingurinn, náði svo að minnka muninn þegar hann komst upp vinstri kantinn, framhjá Guðmundi Sævarssyni, Gunnleifur Vignir, markmaður FH-inga, varði þó boltann í samherja sinn, þaðan fór hann í stöngina en Tryggvi fylgdi vel á eftir.

Þá virtist þetta vera að stefna í spennandi leik en aðeins fimm mínútum síðar skoraði FH sitt þriðja mark. En Ásgeir Aron varð fyrir því óláni að setja boltann í eigið net þegar hann reyndi að renna sér fyrir sendingu frá Atla Guðna, Ásgeir sem hafði komið inná sem varamaður aðeins mínútu áður náði aðeins að setja tána í boltann og potaði honum því í eigið mark.

Heimir Hallgrímsson reyndi svo að berja lífi í sína menn og sendi menn framar á völlinn, það opnaði vörn Eyjamanna mikið en þótt bæði lið hafi fengið nokkur dauðafæri náðu þau ekki að nýta sér þau og lokatölur því 1-3.

Eyjamenn höfðu aðeins fengið á sig 10 mörk fyrir leikinn en fengu svo 3 í einum og sama leiknum, spurning hvort þeir ættu að leita af forminu sínu í Herjólfsdal?

„Það voru bara margir að spila undir getu í dag, það voru brotalamir á mörgum stöðum. Áttum í erfiðleikum með þá á mörgum stöðum á vellinum,“ sagði Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV sem viðurkenndi að liðið hafði saknað mikið Matt Garner í gær.

„Það myndu öll lið sakna Matt Garner ef hann er ekki að spila með þeim, það kemur svosem ekkert á óvart. Annars hefðum við getað komið okkur í mjög þægilega stöðu en einhvers staðar verður maður að búast við því að það komi tap og það kom bara í dag,“ sagði Heimir að lokum. **- vsh**



**MÆTTIR Í TOPPSLAGINN** Gunnar Már Guðmundsson og félagar í FH-liðinu sóttu þrjú nauðsynleg stig til Vestmannaeyja í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

| | | |
|---|---|---|
| ÍBV | 1-3 | FH |

*0-1 Freyr Bjarnason (26.)*
*0-2 Gunnar Már Guðmundsson (42.)*
*1-2 Tryggvi Guðmundsson (50.)*
*1-3 sjálfsmark (55.)*

Hásteinsvöllur, áhorf.: 848
Dómari: Þóroddur Hjaltalín (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 13–16 (5–12) |
| Varin skot | Albert 9 – Gunnleifur 4 |
| Horn | 8–1 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–10 |
| Rangstöður | 6–4 |

**ÍBV 4–4–2** Albert Sævarsson 7 - Arnór Eyvar Ólafsson 4 (54. Ásgeir Aron Ásgeirsson 4), Eiður Aron Sigurbjörnsson 6, Rasmus Christiansen 6, Tony Mawejje 4 (45. Denis Sytnik 4) - Andri Ólafsson 6, Yngvi Magnús Borgþórsson 5, Þórarinn Ingi Valdimarsson 6 - Tryggvi Guðmundsson 6, Danien Justin Warlem 5 (75. Eyþór Helgi Birgisson -).

**FH 4–3–3** Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Hjörtur Logi Valgarðsson 5, (75. Hafþór Þrastarsson 6), Freyr Bjarnason 7, Björn Daniel Sverrisson 6, Pétur Viðarsson 6, Guðmundur Sævarsson 4 - Matthías Vilhjálmsson 6, Bjarki Gunnlaugsson 5 (21. ***Gunnar Már Guðmundsson 8**) - Ólafur Páll Snorrason 8, Atli Guðnason 7, Atli Viðar Björnsson 6.

Rúnar Kristinsson stýrði KR-liðinu til sannfærandi 3-1 sigurs á Stjörnunni í gær:

# KR-ingar eru mættir til leiks

**FÓTBOLTI** KR-ingar unnu sannfærandi 3-1 sigur á Stjörnunni í 14.umferð Pepsi-deildar karla í gærkvöldi.

Stjörnumenn byrjuðu betur og komust yfir þegar um stundarfjórðungur var liðinn af leiknum en þá mættu heimamenn til leiks og skoruðu næstu þrjú mörk og kláruðu leikinn. KR-ingar réðu lofum og lögum nánast allan leikinn og því sigurinn virkilega sanngjarn.

Það er allt annað að sjá til liðsins og Rúnar Kristinsson er greinilega á réttri leið með KR-ingana.

„Ég er virkilega ánægður með leikinn hjá strákunum. Við héldum áfram eftir að hafa lent undir og náðum að innbyrða sigur,“ sagði Rúnar Kristinsson, þjálfari KR-inga, eftir sigurinn í gærkvöldi.

Við náðum að halda boltanum vel innan liðsins og stjórnuðum leiknum á okkar hraða. Eftir að við jöfnum leikinn kemur ákveðin ró yfir liðið og það lá alltaf í loftinu að við myndum komast yfir. Hlutirnir eru líka að detta meira fyrir okkur, en það hefur vantað í allt sumar,“ sagði Rúnar. **- sáp**



**FLOTT BYRJUN** KR er búið að vinna þrjá leiki sína á Íslandi undir stjórn Rúnars Kristinssonar með markatölunni 10-1. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ólafur Örn Bjarnason í byrjunarliðinu í sigri á Fram:

# Grindavíkursigur

**FÓTBOLTI** Grindvíkingar unnu 3-0 sigur á Fram í Grindavík í gær í fyrsta leiknum sem þjálfari þeirra Ólafur Örn Bjarnason var í byrjunarliðinu. Gilles Mbang Ondo skoraði tvö mörk í gær og hefur skorað 7 mörk í þeim 4 leikjum sem Ólafur Örn hefur stjórnað liðinu en Grindavík hefur náð í 10 af 12 mögulegum stigum í þeim.

Sigur Grindvíkinga hefði verið stærri en þeir héldu í fyrsta sinn markinu hreinu í ár, varnarleikurinn var afar öruggur og voru skyndisóknir þeirra hættulegar. „Ég er mjög ánægður með leikinn og stigin þrjú, það var mjög margt jákvætt í þessu. Við þurfum núna að halda út þessum dampi út mótið og þá hef ég engar áhyggjur að við föllum,“ sagði Ólafur Örn Bjarnason, spilandi þjálfari Grindavíkur, en hann byrjaði inn á í þessum leik, sínum fyrsta byrjunarliðsleik síðan 2003. „Allt liðið lokaði svæðunum sínum og spilaði mjög vel varnarlega séð” **- kpt**



**BYRJAR VEL** Ólafur Örn Bjarnason er að hafa góð áhrif. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# HREINLÆTISTÆKI

ALLIR VINNA

MÚRBÚÐARVERÐ

Salerni með stút í gólf og setu
**21.690**

FLOW®

WC kassi kr. **16.900**
Sturtuhnappur kr. **1.995**

Salerni kr. **10.900**
Seta kr. **4.195**

Allt settið
**33.990**

Sturtuklefi 80x80x195cm
með botni, vatnslás og botnventli
**48.900**

VitrA QUALITY

VITRA Slope blöndunartæki
**12.900**

MILAN eldhúskrani
**3.290**

MILAN handlaugartæki
**3.290**

*Við auglýsum verð en ekki afslætti*

EURO handklæðaofn
50x120 cm beinn - króm
**18.490**

EURO handklæðaofn
50x120 cm oval - hvítur
**12.490**

NAPOLI hitastýrð blöndunartæki f. baðkar
**13.995**

Sturtusett
**3.790**

VEMAR WC-rúlluhaldari
**1.295**

NAPOLI hitastýrð
blöndunartæki fyrir
sturtu með stút niður
**12.495**

Lila
Handlaug á vegg 55cm
**4.900**

Sturtuhorn 80x80 cm
**27.900**
90x90 cm **30.900**

PARIS innrétting með
handlaug og spegli.
Fæst í hvítu, dökku
wengue og zebra.
**22.495**
45x30x35 cm, spegill 45x65 cm

LISBOA innrétting með
handlaug og spegli
60x40 cm Hvít og Wengue
**45.995**

Sturtubotn 80x80 cm
**12.900**

Lila
Vegghengd salernisskál
**10.900**

**Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
**Suðurnes** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
**Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
**Húsavík** Garðarsbraut 50.
**FLÚÐUM**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

## > Jennifer Aniston

„Ég stunda engin trúarbrögð, en ég trúi á guð. Ég veit ekki hvernig hann lítur út, en hann er guðinn minn. Mín túlkun á hinu yfirnáttúrulega.“

***Jennifer Aniston er í aðalhlutverki í rómantísku gamanmyndinni The Object of my Affection á Stöð 2 í kvöld.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR HLUSTAR Á HLUTDRÆGAR FÓTBOLTALÝSINGAR**

## *Bjarni Fel eins og hann gerist bestur*

Það fer sérlega mikið í taugarnar á mörgum (að minnsta kosti þeim sem yfir höfuð fylgjast með íþróttum) þegar þeim þykja lýsendur íþróttaleikja vera hlutdrægir. Flestir eiga það líklega sameiginlegt að láta þetta aðeins pirra sig þegar þeim þykir lýsandinn halda með öðru liði en áhorfandinn sjálfur gerir. Ef þessu er öfugt farið er það iðulega talið hið besta mál. Svo er náttúrulega þekkt í þessu litla landi hverjir halda með hvaða liði.

Þess vegna er stórkostlega skemmtilegt að halda með KR í fótbolta og geta hlustað á aðra KR-inga lýsa leikjum í þeirri stórmerku stofnun sem KR-úvarpið er. Það væri óskandi fyrir stuðningsmenn annarra liða að fleiri slíkum útvarpsstöðvum væri haldið úti. Nú síðast bættist þar í hóp lýsenda hinn goðsagnakenndi Bjarni Felixson, sem lýsti einmitt fyrir mér leik Stjörnunnar og KR í gærkvöldi, svona fyrst ég var föst í vinnu en ekki á vellinum.

Alla tíð hefur það verið þekkt staðreynd að Bjarni er KR-ingur, en sem lýsandi hjá hinu opinbera hefur hann þurft að reyna að halda þeirri staðreynd langt í burtu frá hljóðnemanum – með misgóðum árangri reyndar.

Nú hefur hann hins vegar látið af störfum sem ríkisstarfsmaður og getur bara látið allt flakka um leikina, sem er vel. Allt frá undrun sinni yfir því að andstæðingarnir skori og reiði eða vonbrigðum með tap yfir í ósvikna ánægju með markaskorun eigin manna og sigurleiki.

Svo hefur Bjarni líka óskipta athygli hlustenda meðan á leik stendur og þarf ekki lengur að berjast um orðið við lýsendur annarra leikja.



## FÖSTUDAGUR



▶ **19.00 Being Erica** SKJÁR EINN



▶ **20.00 Baby Mama** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10 Here Come the Newlyweds** STÖÐ 2



▶ **20.15 Oprah's Big Give** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.40 Hreinn Sveinn** SJÓNVARPIÐ

### SJÓNVARPIÐ

**15.30 Íslenski boltinn** (e)

**16.15 Landið í lifandi myndum - Perlan í Djúpinu** (3:5)

**17.05 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Vor við Mývatn** (7:24)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Fyndin og furðuleg dýr (23:26)**

**17.35 Fræknir ferðalangar (57:91)**

**18.00 Manni meistari (9:13)**

**18.25 Kennitölustuldur** Finnskur heimildaþáttur. Kennitölustuldur verður æ algengari og illt að verða fyrir barðinu á slíkum þjófum, en hvernig fara þeir að?

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Vísundadraumar** (Buffalo Dreams) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2005 um strák sem flyst með foreldrum sínum í grennd við verndarsvæði Navajo-indíána og eignast þar góða vini. (e)

▶**21.40 Hreinn sveinn** (The 40 Year Old Virgin) Bandarísk gamanmynd frá 2005. Andy er fertugur en hefur aldrei sofið hjá. Hann segir félögum sínum frá því og þeir leggjast á eitt við að finna handa honum bólfélaga. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**23.35 Wallander – Snöggur blettur** (Wallander: Den svaga punkten) Sænsk sakamálamynd frá 2006. Kurt Wallander er rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)

**01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Tenacious D: in The Pick of Destiny**

**10.00 California Dreaming**

**12.00 The Spiderwick Chronicles**

**14.00 Tenacious D: in The Pick of Destiny**

**16.00 California Dreaming**

**18.00 The Spiderwick Chronicles**

▶**20.00 Baby Mama**

**22.00 X-Files: Fight the Future**

**00.00 Gone in 60 Seconds**

**02.00 Coeurs**

**04.05 X-Files: Fight the Future**

**06.05 Confessions of a Shopaholic**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Elías, Kalli litli Kanína og vinir, Hvellur keppnisbíll, Lalli

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Beauty and the Geek** (3:10)

**11.00 60 mínútur**

**11.50 The Moment of Truth** (25:25)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Project Runway** (9:14)

**13.45 La Fea Más Bella** (214:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (215:300)

**15.25 Wonder Years** (6:17)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir, Tommi og Jenni

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons**

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 American Dad** (7:20) Fimmta teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy.

**19.45 The Simpsons** (7:21)

▶**20.10 Here Come the Newlyweds** (5:6) Skemmtilegur raunveruleikaþáttur í anda Beauty and the Geek þar sem nýgift hjón keppa í allskyns skemmtilegum þrautum um veglega verðlaunaupphæð.

**20.55 The Object of My Affection** Rómantísk gamanmynd með Jennifer Aniston í aðalhlutverki. Nina og George virðast vera hið fullkomna par, búa saman, hafa sömu áhugamál og eru bestu vinir.

**22.45 The Good German** Einkar athyglisvert drama frá leikstjóra Ocean's Eleven, Erin Brockovich og Traffic með George Clooney og Óskarsverðlaunaleikkonunni Cate Blanchett í aðalhlutverkum.

**00.30 Breakfast on Pluto** Ljúfsár gamanmynd sem gerist snemma á 8. áratug síðustu aldar.

**02.35 Transformers** Ævintýraleg hasarmynd.

**04.55 Here Come the Newlyweds** (5:6)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag** (e)

### STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 ÍBV - FH** Sýnt frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**15.40 ÍBV -FH** Sýnt frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**17.30 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað.

**18.40 Greenbrier Classic** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**19.35 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**20.00 Community Shield 2010 - Preview** Hitað upp fyrir Samfélagsskjöldinn en þar mætast Chelsea og Man. Utd á Wembley.

**20.30 NBA körfuboltinn. Boston - LA Lakers** Sýnt frá leik Lakers og Boston ú úrslitum NBA körfuboltans.

**22.30 London 2** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker en að þessu sinni fer mótið fram í London.

**23.20 London 3** Sýnt fra evrópsku mótaröðinni í póker en að þessu sinni fer mótið fram í London.

**00.10 Final Table** Sýnt frá World Series of Poker 2009.

### STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.10 PL Classic Matches**

**18.40 Hamburg - Chelsea**

**20.30 Ensku mörkin 2010/11**

**21.00 Community Shield 2010 - Preview**

**21.30 Premier League World 2010/2011**

**22.00 Football Legends**

**22.30 Community Shield 2010 - Preview**

**23.00 Borussia Dortmund - Man. City**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.35 Sumarhvellurinn** (8:9) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Dynasty** (6:30) (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Sumarhvellurinn** (8:9) (e)

**12.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.45 Dynasty** (7:30)

**17.30 Rachael Ray**

**18.15 Three Rivers** (9:13) (e)

▶**19.00 Being Erica** (12:13) Ný og skemmtileg þáttaröð um unga konu sem hefur ekki staðið undir eigin væntingum í lífinu en fær óvænt tækifæri til að breyta því sem aflaga hefur farið. Til að bjarga vinnunni og næla í Ethan verður Erica að læra að treysta tilfinningum sínum.

**19.45 King of Queens** (23:23) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.

**20.10 Biggest Loser** (15:18) Bandarísk raunveruleikasería um baráttuna við mittismálið. Keppendurnir sex sem eftir eru taka þátt í skemmtilegum spurningaleik og verðlaunin koma á óvart. Í keppni vikunnar fá keppendurnir tækirfæri til að eyðileggja hver fyrir öðrum með því að bæta kalóríum á keppinauta sína.

**21.30 Bachelor** (1:11)

**23.00 Parks & Recreation** (14:24) (e)

**23.25 Law & Order UK** (13:13) (e)

**00.15 Life** (16:21) (e)

**01.05 Last Comic Standing** (6:11) (e)

**01.50 King of Queens** (23:23) (e)

**02.15 Premier League Poker II** (1:15) Skemmtilegt pókermót þar sem 12 af sterkustu pókerspilurum heims reyna með sér.

**04.00 Girlfriends** (17:22) (e)

**04.20 Jay Leno** (e)

**05.05 Jay Leno** (e)

**05.50 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin í sumarskapi

**21.00 Golf fyrir alla** Við endurspilum 2. og 3ju braut með Hansa og Jonna

**21.30 Eldum íslenskt** Það gerist ekki betra íslenska nýmetið.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

### The Object of My Affection



Rómantísk gamanmynd með Jennifer Aniston í aðalhlutverki. Nina og George virðast vera hið fullkomna par, búa saman, hafa sömu áhugamál og eru bestu vinir. Vandinn er bara sá að George er hommi og því þarf hún að sætta sig við að finna sér annan mann. Það gerist og hún verður ólétt. Hún hefur hins vegar engan áhuga á að ala barnið upp með þessum leiðindanáunga sem hún hrífst ekkert af.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### American Dad

### Stöð 2 kl. 19.20

Ótrúlega fyndnir teiknimyndaþættir um leyniþjónustumanninn Stan Smith og fjölskyldu hans sem er vægast sagt sérstök – eða hefur þú séð talandi gullfisk áður? Eða talandi húsvana geimveru ef út í það er farið.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Stimpilklukkan
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Eldfórnin
**15.25** Rölt milli grafa
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Tónlist fólksins
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Knapar á Kúbu
**21.30** Kvöldsagan: Gatsby hinn mikli
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

▶**20.15 Oprah's Big Give** (3:8) Stórmerkileg þáttaröð þar sem sjónvarpsdrottningin Oprah Winfrey skipuleggur heljarinnar reisu um Bandaríkin og hún lætur tíu ólíka einstaklinga keppa innbyrgðis í gjafmildi. Þeir fá til umráða umtalsverða fjármuni sem þeir geta ráðstafað að vild til góðgerðamála og þeirra sem virkilega þurfa á aðstoð að halda og í raun að láta alla þeirra villtustu drauma rætast.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 The Closer** (6:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson en ásamt því að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles þarf hún að takast á við afar viðkvæmt einkalíf.

**22.30 The Forgotten** (3:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um óbreytta borgara sem taka lögin í sínar hendur og klára rannsókn á ákveðnum sakamálum sem lögreglan hefur gefist upp.

**23.15 The Wire** (10:10) Fimmta syrpan í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi.

**00.45 Oprah's Big Give** (3:8)

**01.30 The Doctors**

**02.15 Fréttir Stöðvar 2**

**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** 'Allo 'Allo! **12.30** 'Allo 'Allo! **13.00** My Family **13.30** My Family **14.00** Last of the Summer Wine **14.30** Dalziel and Pascoe **15.20** The Weakest Link **16.05** EastEnders **16.35** Monarch of the Glen **17.25** 'Allo 'Allo! **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** The Green Green Grass **19.00** Mighty Boosh **19.30** The Fixer **20.20** Whose Line Is It Anyway? **20.50** Whose Line Is It Anyway? **21.15** Dalziel and Pascoe **22.00** Primeval **22.50** 'Allo 'Allo! **23.25** Whose Line Is It Anyway? **23.50** The Green Green Grass

## DR 1

**12.00** Hvad er det værd? **12.30** Med livet i hænderne **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.05** Verdens vildeste vanvid **13.35** Søren Ryge direkte **14.05** Radiserne **14.30** Caspers skræmmeskole **14.55** Hyrdehunden Molly **15.05** Peter Pedal **15.30** Fandango **16.00** Den lille forskel **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Jamie Oliver i Italien **18.30** Danskernes Krønike **19.00** TV Avisen **19.25** Post Danmark Rundt 2010 **19.50** Bibelmysteriet **21.20** Jordemødrene **21.50** Så er der pakket **22.20** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Fredag i hagen **12.50** Landgang **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Duften av nybakt **15.05** 30 Rock **15.30** 330 skvadronen **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tinas mat **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Landsskytterstevnet **18.30** Mannen uten minne **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Pressa **21.05** Kveldsnytt **21.20** Vår aktive hjerne **21.50** Rebus **23.00** Munter mat **23.30** Blues jukeboks

## SVT 1

**07.30** Uppdrag granskning - sommarspecial **08.30** Autograf **10.00** Rapport **10.05** In Treatment **10.30** Situation senior **11.00** Cirkusliv **12.30** Danmark på distans **13.00** Sommarkväll med Anne Lundberg **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Engelska Antikrundan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Grön glädje **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Mitt i naturen **18.30** Djursjukhuset **19.00** Himmelblå **19.45** Friidrottskväll **20.15** Undercover Boss **21.00** The Seventies **21.30** Allsång på Skansen **22.30** Livvakterna **23.30** Uppdrag granskning - sommarspecial


# ÚTSALAN

## Í FULLUM GANGI



20% afsláttur

Ísskápar



15% afsláttur

Þvottavélar



18% afsláttur

Þurrkarar



30% afsláttur

Háfar



25% afsláttur

Bakaraofnar



18% afsláttur

Uppþvottavélar

Myndir hér að ofan eru leiðbeinandi fyrir þann vöruflokk sem er á útsölu. Afsláttur er af verðlistaverði Rönning.

Reykjavík · Skútuvogur 1 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020

RÖNNING

## GOTT Á GRILLIÐ



*„Mér finnst ofboðslega gott að grilla nautalundir sem er búið að velta upp úr dijonsinnepi og brauðmylsnu.“*

Sigurður Fannar Guðmundsson rithöfundur.

# Ný andlit á sviði Þjóðleikhússins í vor

„Ég heyrði það einu sinni frá reyndum leikara að það væri frábært að geta planað líf sitt hálft ár fram í tímann í þessu starfi og nú get ég planað næstum eitt ár svo ég er gríðarlega sáttur,“ segir Ævar Þór Benediktsson, nýútskrifaður leikari.

Ævar hefur ásamt skólafélögum sínum, þeim Hilmi Jenssyni og Þórunni Örnu Kristjánsdóttur, fengið burðarhlutverk í nýjum söngleik eftir Ólaf Hauk Símonarson sem sýndur verður á fjölum Þjóðleikhússins næsta vor. Einnig leika Hannes Óli Ágústsson og Heiða Ólafsdóttir í verkinu en þau eru einnig að stíga sín fyrstu skref í Þjóðleikhúsinu en bæði útskrifuðust þau sem leikarar fyrir ári. Verkið ber nafnið Bjart með köflum og er eins konar sveitasöngleikur byggður á bók Ólafs Hauks, Rigning með köflum. Leikstjóri verður Þórhallur Sigurðsson en eins og kunnugt er hafa þeir félagarnir verið iðnir við að sjá landanum fyrir leikritum, eins og til dæmis með Gauragangi og Þreki og tárum.

„Þetta er draumur í dós og brosið er varla búið að fara af mér síðan ég fékk fréttirnar,“ segir Heiða Ólafsdóttir en hún hlakkar mjög mikið til að byrja æfingar á verkinu og sýna hvað í henni býr. Hilmir Jensson tekur í sama streng en hann leikur aðalhlutverkið í söngleiknum. „Ég er alveg sáttur og það er auðvitað mikill heiður að vera valinn til að starfa með öllu þessu færa fólki hjá Þjóðleikhúsinu. Maður verður að fylgjast vel með og læra af þeim bestu.“

Þau eru sammála um að það sé mikilvægt að nýta tímann vel innan veggja Þjóðleikhússins og eru öll staðráðin í að gera sitt besta úr þessu frábæra tækifæri. **- áp**



**SÖNGLEIKJASTJÖRNURNAR** Þau Ævar Þór Benediktsson, Heiða Ólafsdóttir, Hilmir Jensson og Hannes Óli Ágústsson hlakka til að stíga sín fyrstu skref á fjölum Þjóðleikhússins. Á myndina vantar Þórunni Örnu Kristjánsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR



**LÁRÉTT**
**2.** ánægjublossi, **6.** tveir eins, **8.** poka, **9.** í viðbót, **11.** kyrrð, **12.** samfokinn fönn, **14.** gengi, **16.** guð, **17.** gagn, **18.** kærleikur, **20.** átt, **21.** yfirbragð.

**LÓÐRÉTT**
**1.** asi, **3.** óhreinindi, **4.** kk., **5.** nögl, **7.** heppnast, **10.** óvild, **13.** flott, **15.** erlendis, **16.** farvegur, **19.** golf áhald.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** kikk, **6.** ll, **8.** mal, **9.** auk, **11.** ró, **12.** skafl, **14.** klíku, **16.** ra, **17.** nýt, **18.** ást, **20.** na, **21.** stíl.
**LÓÐRÉTT: 1.** flas, **3.** im, **4.** karlkyn, **5.** kló, **7.** lukkast, **10.** kal, **13.** fín, **15.** utan, **16.** rás, **19.** tí.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Ásta Sigrún Helgadóttir.
2. Um einn milljarð króna.
3. Bandaríska herskipið Alexander Hamilton.


**Sýningar á leikritinu Hallveig ehf. í Reykholti:**



Laugardag 7. ágúst kl. 17.00
Laugardag 14. ágúst kl 17.00
Laugardag 21. ágúst kl. 17.00
Laugardag 28. ágúst kl. 17.00

Miðapantanir í síma 433-8000 og 690-1939

vísir.is
„...ég sá það á vísi“


**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON:** CATALINA ER HLÝLEG OG MEÐ GÓÐA NÆRVERU

# Skrifa saman ævisögu Miðbaugsmaddömunnar

„Við höfum fylgst með gangi og málaferlum Catalinu í þónokkurn tíma og það er ljóst að þarna er alveg ofboðslega mögnuð saga. Þetta er 49 kílóa, þeldökk kona sem gjörsamlega snýr þjóðfélaginu á haus,“ segir Jakob Bjarnar Grétarsson blaðamaður.

Jakob og blaðamaðurinn Þórarinn Þórarinsson skrifa nú ævisögu Catalina M. Ncogo, sem einnig er þekkt sem Miðbaugsmaddaman, sem var dæmd í 15 mánaða fangelsi fyrir milligöngu um vændi, líkamsárás og brot gegn valdstjórninni í júlí. Hugmyndin um ævisöguna kemur upprunalega frá útgefanda bókarinnar, Jónasi Sigurgeirssyni, en það er útgáfufyrirtæki hans, Bókafélagið, sem gefur bókina út.

„Hennar viðhorf ganga þvert á hin ríkjandi viðhorf sem viðgangast á Íslandi. Það verður margt mjög óvænt sem mun koma fram í bókinni og ég er ekki viss um að allir verði ánægðir með þau sjónarmið sem hún setur fram. En þetta er auðvitað fyrst og fremst hennar saga,“ segir Jakob Bjarnar. Auk þess að kafa djúpt í sögu Catalinu verður vændi á Íslandi kortlagt og rætt við fjölda manns sem tengjast bæði vændi á Íslandi og Catalinu sjálfri.

„Við höfum hitt hana þrisvar eða fjórum sinnum í fangelsinu og er hún mjög geðfelld og samkvæm sjálfri sér. Hún er mjög opinská um líf sitt og skoðanir sínar og það er alveg magnað að hlusta á hana,“ segir Jakob Bjarnar og Þórarinn tekur í sama streng: „Hún virkar mjög vel á mann og er bráðhugguleg stúlka. Hún er hlýleg og sæt og með góða nærveru.“

Catalina tók vel í þá hugmynd að ævisaga hennar yrði rituð enda hefur hún ekki farið leynt með það að vera ósátt við hvernig fjölmiðlar hafa meðhöndlað mál sem tengjast henni. „Hún fær þarna tækifæri til að koma á framfæri sínu sjónarmiði í þessu undarlega máli og að segja ævisögu sína,“ segir Þórarinn.

Jakob segir að saga Catalinu verði rakin aftur til Miðbaugs-Gíneu þar sem hún segir frá lífinu sem ung stúlka. „Með ævintýralegum hætti er koma hennar til landsins rakin, en Catalina kom hingað mjög ung,“ segir Jakob. „Hún var gift kona í Vestmannaeyjum í tíu til tólf ár og þegar því tímabili lauk kom hún til Reykjavíkur og ákvað að leggja fyrir sig vændi en kom hún að óspilltum markaði. Það vantaði svo sannarlega ekki upp á eftirspurnina þar en vændismarkaðurinn hér er mjög óþroskaður miðað við önnur lönd.“

linda@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HÚSFREYJA Í VÆNDI**
Jakob og Þórarinn hafa tekið að sér að skrifa ævisögu Miðbaugsmaddömunnar Catalinu Ncogo. Hún var húsfreyja í Vestmannaeyjum í fjölmörg ár áður en hún flutti til Reykjavíkur og hóf að stunda vændi.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Bresk dagblöð halda vart vatni yfir bókinni Ösku eftir **Yrsu Sigurðardóttur**, en hún kom út í Bretlandi fyrir skömmu. Gagnrýnandi The Times veður reyndar í klisjum þegar hann segir Yrsu skapa alveg jafn hrollvekjandi andrúmsloft á eyju undir glóandi hrauni og á dimmum íslenskum vetrum eins og hún gerði í tveimur fyrri bókum sínum. Gagnrýnandinn er einstaklega hrifinn af Yrsu og segir hana í fremstu röð norrænna glæpasagnahöfunda...

Gagnrýnandi Metro-blaðsins er einnig mjög ánægður og segir heillandi sögusvið og trúverðugar persónur grípa lesandann föstum tökum og að Yrsu takist að halda athygli lesandans allt þar til fléttan leysist. Í Daily Mirror er einnig mikil hamingja með íslensku glæpasögudrottninguna. Bókin fær fjórar stjörnur og er sögð frábærlega fléttaður og hrollvekjandi tryllir.



Borgarstjórinn **Jón Gnarr** kom nýlega heim frá Finnlandi þar sem hann heimsótti meðal annars Múmíndal. Hann segist hafa átt gott spjall við múmínpabba sem sagði að lífið þar væri miklu betra eftir að Finnland gekk í Evrópusambandið ...



Já, umræðan um Evrópusambandið fer víða og nú styttist í að hún færist á fjalir Þjóðleikhússins. Fyrsta frumsýning vetrarins er nefnilega finnskur gamanleikur – Finnski hesturinn eftir Sirku Peltola. Í kynningu frá Þjóðleikhúsinu er talað um ekta finnskan húmor um lífið í sveitinni, nútímann og ógnarflókið regluverk Evrópusambandsins. Nú er spurning hvort **Jóhanna** og félagar séu búin að tryggja sér miða? **- afb**

# Skrifar þriðju bókina um Bubba

„Vinnuferlið við bókina er nýfarið af stað og við Bubbi búnir að hittast nokkrum sinnum,“ segir Árni Árnason markaðsfræðingur en hann er með samtalsbók við tónlistarmanninn Bubba Morthens í bígerð og stefnir á að demba henni í næsta jólabókaflóð.

Þetta er í fyrsta sinn sem Árni sest í rithöfundarstólinn en hann vinnur sem markaðsfræðingur og kennari á daginn og bókin því eins konar áhugamál hjá honum.

Bókin verður gefin út í tilefni 30 ára starfsafmælis Bubba sem er á árinu en á ekki að vera ævisaga tónlistarmannsins. Nú þegar hafa tvær bækur komið út um ævi Bubba Morthens, Bubbi eftir Silju Aðalsteinsdóttur og Ballaðan um Bubba eftir Jón Atla Jónasson, svo það er ekki úr vegi að spyrja Árna hvort það komi einhverjar nýjar upplýsingar fram um tónlistarmanninn fræga í þessari bók?

„Þetta á að vera svona bók sem er byggð á samtölum milli mín og Bubba um allt milli himins og jarðar. Ekkert endilega um hans ævi heldur meira um hans skoðanir á lífinu, tilverunni og málefnum líðandi stundar. Bubbi er þekktur fyrir að liggja ekki á skoðunum sínum,“ segir Árni og bætir við að hann búist við að margar fróðlegar og áhugaverðar upplýsingar komi fram og bókin verði því ekki bara fyrir hörðustu aðdáendur tónlistarmannsins. „Það hafa verið gerðar svipaðar bækur áður, eins og bókin um Gunnar Dal, Að elska er að lifa, og svo kom út sams konar bók um írska söngvarann Bono fyrir nokkrum árum,“ segir Árni og viðurkennir að hann sjálfur sé mikill aðdáandi Bubba Morthens.

„Nú í sumar sitjum við bara og spjöllum með diktafóninn á borðinu um heima og geima og svo þegar líða tekur á haustið sest ég niður og tek samtölin saman,“ segir Árni sem ber Bubba vel söguna og segir hann skemmtilegan í spjalli. **- áp**



**NÝ BÓK UM BUBBA** Árni Árnason er að vinna að því að skrifa nýja samtalsbók við Bubba Morthens sem á að koma út fyrir næstu jól. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# BYKO KLÚBBURINN

Allir sem eru í klúbbnum geta tekið þátt í þessum skemmtilega leik auk þessa að njóta margs konar fríðinda. Þú getur gengið í klúbbinn án allra skuldbindinga á www.BYKO.is

**Liverpool - Arsenal:** Farið verður út fös. 13. ágúst og komið heim mán. 16. ágúst.
Innifalið í ferð: Flug, gisting og miði á leikinn, allt fyrir tvo.
Sjá nánar á www.vita.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Páll Óskar toppar sig



Síðustu ár hefur myndast mikil spenna fyrir atriði **Páls Óskars** í Gleðigöngunni á Gay Pride og fólk verið mjög spennt að sjá hvernig hann komi til með að slá út síðasta ár. Það ætti því ekki að koma neinum á óvart að Páll ætlar að toppa öll síðustu ár til samans með atriðinu núna. Atriði hans mun einkennast af rauðum lit. Hann klæðist kjól sem getur orðið allt að sjö metrar langur og stýrir stemningunni úr talsverðri hæð. Páll hefur haft fólk í vinnu í margar vikur við að undirbúa atriðið og það er því við hæfi að vagn hans verður sá síðasti í röðinni svo að það fari ekki fram hjá neinum þegar göngunni lýkur.

### Wonderbrass blæs til tónleika

Málmblásarasveitin Wonderbrass ætlar að halda tónleika á Kjarvalsstöðum næsta þriðjudagskvöld. Hljómsveitin samanstendur af tíu ungum konum sem allar spila á málmblásturshljóðfæri. Sveitin varð til fyrir tilstilli **Bjarkar Guðmundsdóttur**, sem fékk stelpurnar með sér í tónleikaferð um heiminn í kjölfar útgáfu plötunnar Volta. Þær hafa því spilað saman með hléum allt frá árinu 2007 og hafa haldið þónokkra tónleika eftir að Bjarkarævintýrinu lauk. Þær fara þó ekki alveg frá upprunanum á tónleikunum á þriðjudag, þar sem verk eftir Björk verða á efnisskránni ásamt öðru.



**- ls, þeb**

## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Skiptu með sér milljónum
2. Farþegaþotum rignir niður á Reykavíkurflugvöll
3. Einkaþota Pauls Allen lenti á Reykjavíkurflugvelli
4. Aaaarg...reykingamaður um borð
5. Jón Gnarr: Er ekki kvíðinn eða hræddur
6. Vill dauðadóm yfir WikiLeaks hermanni


Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.




**Chiro Collection heilsurúm**
25% afsláttur



Chiro Collection heilsurúmin eru sérlega vönduð hönnun. Fimm svæðaskipt gormakerfi, vandaðar kantstyrkingar og úrval vandaðra hráefna í áklæðum. Botn í mörgum litum. Fáanlegt í öllum stærðum.

**Tempur Spring heilsurúm**
25% afsláttur



Tempur Spring heilsudýnan er rúm sem býður það besta úr báðum heimum. Dýnan er með fjaðrandi fimm svæðaskiptu gormakerfi og sjö cm þykku Tempur yfirlagi sem mótar sig að lögun líkamans.

**Stillanleg heilsurúm**
25% afsláttur



Stillanlegu heilsurúmin sem Betra Bak býður uppá eru ein þau vönduðustu sem í boði eru. Eitt landsins mesta úrval af botnum og mismunandi heilsudýnum sem henta hverjum og einum. Settu þig í stellingar !

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16